


# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Gleðilegt nýtt ár!
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 30. desember 2008 – 50. tölublað – 4. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir

EFNISYFIRLIT

Hagsveiflan í ljósi sögunnar
Sjá síðu 2





Viðskipti ársins
Sjá síðu 2

Kaupsýslumenn sem komust á blað
Sjá síðu 4





Kíkt í peningaskápa og bankahólf
Sjá síðu 4

Verstu viðskipti ársins
Sjá síðu 5




Innlendur fréttaannáll
Sjá síður 6 og 7

Maður ársins í viðskiptalífinu
Sjá síður 8 og 9




Erlendur viðskiptaannáll
Sjá síður 12 og 13

Forkólfar viðskiptalífsins gera upp árið
Sjá síður 14 til 18



Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar:



# Maður ársins í viðskiptalífinu 2008



# Kaup Marels á Stork Food Systems eru viðskipti ársins

## Vönduð útrás og afrek í fjármögnun í einkar erfiðu markaðsárferði skilar yfirtöku Marel Food Systems á hollenska félaginu Stork Food Systems í fyrsta sæti í valinu á viðskiptum ársins. *Óli Kristján Ármannsson* fer yfir niðurstöðuna og rifjar upp langt og strangt ferlið við kaupin.

Kaupin á Stork Food Systems höfðu afgerandi forystu í valinu um viðskipti ársins, með nærri þrisvar sinnum fleiri atkvæði en viðskiptin sem lentu í öðru sæti.

Eftir samrunann er Marel Food Systems stærsta fyrirtæki heims á sínu sviði og fyrirséð að það haldi því sæti enn um sinn og fái styrkt stöðu sína meðan önnur fyrirtæki reyna að halda sjó í lausafjárkreppunni sem ríður yfir heiminn og fá lítt hugað að yfirtökum í bili.



KAUPIN KYNNT Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems, á kynningarfundi fyrr á árinu þar sem kynnt voru kaupin á Stork Food Systems og vænt áhrif af samruna félaganna. MARKAÐURINN/

Lokið var að fullu við kaup Marel á Stork Food Systems í vor að fengnu samþykki evrópskra samkeppnisyfirvalda og jákvæðri umsögn starfsmannasamtaka Stork (Stork Works Council) fyrr á árinu. Þá var beðið yfirtöku eignarhaldsfélagsins London Aquisition á iðnsamstæðu Stork í Hollandi, en hluti af því ferli var að selja frá samstæðunni Stork Food Systems. Þá var lokið fjármögnun á kaupunum með hlutafjárútboði sem lauk í júníbyrjun þar sem umframeftirspurn nam sjö prósentum. Selt var hlutafé fyrir tæpa 14 milljarða króna. Yfirlýst stefna Marel Food Systems er að nú verði áherslan lögð á innri vöxt og aukningu hagnaðar eftir tíma sem markast hafi af miklum ytri vexti.

Álitsgjafar Markaðarins merkja enda að afkoma Marel Food Systems hafi stórbatnað eftir kaupin á Stork Food Systems og samþætting í rekstrinum sé „loksins“ að skila góðum árangri. „Í síðustu uppgjörum Marels hefur sést að Stork Food Systems er afburða vel rekið fyrirtæki. Kaupferlið var langt og strangt en hafðist að lokum,“ segir einn sem fylgst hefur grannt með Marel síðustu ár. Annar álitsgjafi hafði á orði að Árni Oddur Þórðarson og Marel hafi gert góða hluti. „Endurfjármögnun þeirra á Stork kom mér mest á óvart núna. Að ná endurfjármögnun á tímum sem þessum er ótrúlega góður árangur sem kom þægilega á óvart,“ sagði þessi og bættist í hóp þeirra sem þótti afrek af Marel að ná í fjármagn „á einum erfiðasta markaði í manna minnum“.

Einn álitsgjafi sagði um kaup Marels á Stork Food Systems að þar væru „alvöru viðskipti“ með fyrirtæki í „alvöru rekstri“. Kaupin væru hluti af langtímaáætlun Marels, auk þess sem miklir möguleikar væru á enn frekari samlegðaráhrifum og vexti þegar kreppunni linni. Þá var bent á að Marel væri „þekkingarsproti“ sem náð hefði að að skapa sér sterka stöðu á sínu sviði í alþjóðlegu tilliti. Fyrirtækið hafi verið leitt til sóknar „án nokkurrar vitleysu“ og nú sé það að flytja störf heim, sem hljóti að teljast afar virðingarvert. Sem viðskipti ársins segir þessi sami þau líklega vera þau einu á árinu sem verið hafi „virkilega strategísk“. Þau hafi átt sér langan aðdraganda og styrkt verulega starfsemi félagsins.

Ekki er ofsagt að yfirtaka Marels á Stork Food Systems hafi átt sér langan aðdraganda. Hentugur tímapunktur sem horfa má til sem upphafs Stork-ævintýrisins er fyrir rúmum þremur árum, haustið 2005. Þá verða breytingar á eignarhaldi Marels og Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Eyris, tekur við stjórnarformennsku Marels. Yfirlýst stefna er að styðja við frekari vöxt félagsins, en þá þegar höfðu verið lagðar línur um vöxt félagsins næstu ár og þátttöku í fyrirséðu samrunaferli meðal matvælavinnsluvélaframleiðenda.

Í ársbyrjun 2006, samhliða kynningu á ársuppgjöri, kynnti Marel svo sýn hvað varðaði framtíðarvöxt félagsins og kvaðst ætla með veltuna úr tæpum 130 milljónum evra á ári og yfir 650 milljónir evra á þremur árum. Ætlunin var að þrefalda veltuna og ná 15 til 20 prósenta markaðshlutdeild. Lagt var upp í leiðangurinn og virðist nær allt hafa gengið upp eftir áætlun og vel það, þótt samþætting annarra félaga sem fest hafa verið kaup á hafi ekki gengið jafnsmurt og samþættingin við Stork Foods. Er þar kannski helst að nefna erfiða samþættingu við danska framleiðandann Scanvægt, en félagið átti fyrir í harðvítugri samkeppni við Marel.

Marel og Stork Food Systems hafa hins vegar í áratug átt í nánu samstarfi og vitað fyrir að samlegðaráhrif væru mikil af samruna þeirra, því þau hafa ekki átt í samstarfi heldur framleitt fyrir ólíka þætti matvælavinnslunnar.

Í gegnum tíðina hafði verið hreyft við hugmyndum um mögulegan samruna félaganna, en möguleikinn komst þó ekki í almenna umræðu fyrr en í október 2006 og þá í kjölfar átaka í hluthafahópi Stork-iðnsamstæðunnar. Þar þrýstu stórir hluthafar, tveir bandarískir fjárfestingarsjóðir, á að hliðarstarfsemi yrði seld frá félaginu, en kjarnastarfsemi Stork er í flugiðnaði.

Í hönd fór af stað hatrömm deila innan Stork-samstæðunnar sem endaði svo með yfirtöku breska fjárfestingarsjóðsins Candover á félaginu, með fulltingi LME, eignarhaldsfélags Eyris Invest og Landsbankans. Salan á Stork Food Systems til Marels var þar með orðin hluti af yfirtöku Stork-samstæðunnar í Hollandi.

Í nóvember í fyrra var svo tilkynnt um kaup Marel Food Systems á Stork Food Systems fyrir 415 milljónir evra. „Við erum að ná því markmiði sem við settum okkur í byrjun síðasta árs að verða eitt af leiðandi fyrirtækjunum á markaðnum. Það sem við ætluðum að gera á þremur til fimm árum, gerum við á tveimur árum og göngum heldur lengra en við ætluðum,“ sagði Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems, við þetta tækifæri. Sem fyrr segir voru svo uppfyllt í byrjun þessa árs skilyrðin fyrir kaupunum og þau gengu í gegn í maí.



HRESSIR STJÓRAR Erik Kaman, fjármálastjóri Marel Food Systems og Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður félagsins. MARKAÐURINN/ÓKÁ




Í NÓVEMBER Í FYRRA Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems og Theo Hoen, forstjóri Stork Food Systems, við kynningu á samningi um kaupin á Stork Foods fyrir 415 milljónir evra. MARKAÐURINN/GVA

# Samlegðaráhrif í verki

## Tækni Marel Food Systems og Stork Food Systems kemur saman í einni fullkomnustu kjúklingaverksmiðju í heimi í Emsland í Þýskalandi.

Í tilefni af samruna Marel Food Systems og Stork Food Systems og til að kynna væntanlegt hlutafjárútboð bauð Marel fjárfestum og fulltrúum fjölmiðla að skoða eina fullkomnustu kjúklingaverksmiðju í heimi í vor.

Verksmiðjan heitir Eimsland Frischgeflügel og er hún í Neðra-Saxlandi í Þýskalandi. Þar kemur saman matvælavinnslutækni fyrirtækjanna tveggja, en vinnslulínan sjálf er frá Stork, en hugbúnaður, gæðaeftirlit og fleiri þættir frá Marel.

Inn eru keyrðir lifandi kjúklingar á öðrum enda verksmiðjunnar og hinu megin koma þeir út í neytendapakkningum. Afkastagetan er gífurleg, en í Emsland er hægt að framleiða 320 þúsund kjúklinga á sólarhring. Fjórðungur allra seldra kjúklinga í Þýskalandi kemur frá þessari einu verksmiðju.

Þá er hugað vandlega að líðan kjúklinganna, sem eru aflífaðir með gasi, eftir að hafa fengið tíma til að jafna sig eftir flutninginn í verksmiðjuna. Eftir slátrun eru þeir færðir upp á króka sem bera þá í gegnum alla verksmiðjuna. **- óká**



Í EMSLAND Stella Björg Kristinsdóttir, sýningarstjóri hjá Marel, fylgist með skilvirku færibandinu í Emsland í Neðra-Saxlandi í Þýskalandi þar sem vinnslugetan nemur um 320 þúsund kjúklingum á sólarhring. MARKAÐURINN/ÓKÁ

GENGI HVERS ÁRS Í S & P VÍSITÖLUNNI




# Mesta hrun síðan í kreppunni miklu

## Efnahagshrunið í sögulegu samhengi. Árssveifla markaðsvísitölu Standard & Poors‘s sýnir þróunina allt frá árinu 1825. Tvö ár skera sig úr í lækkun: 1931 og 2008.

Öfgakennt hrun markaða á þessu ári endurspeglast glöggt í yfirliti yfir árssveiflu markaðsvísitölu Standard og Poor‘s í Bandaríkjunum, en þar eru til óslitin markaðsgögn allt frá árinu 1825.

Í samanburðinum kemur fram að lækkun á einu ári hefur aðeins tvisvar áður verið ámóta og á þessu ári, en það var í heimskreppunni 1931 og svo 1937. Þessi ár nemur árslækkun vísitölunnar 30 til 50 prósentum. Fall á húsnæðismörkuðum, lausafjárkrísa og samdráttur um heim allan gera hins vegar að árið 2008 er með verstu árum frá upphafi.

Í upphafi ársins var S&P 500 vísitalan 1.468,4 stig. Lágpunktur þessa árs var svo 20. nóvember síðastliðinn þegar hún fór í 806,9 stig og hafði þá lækkað um 45 prósent frá ársbyrjun. Núna undir blálok desember nam lækkunin um 41 prósenti og vísitalan stóð í um 870 stigum.

Af þeim 183 árum sem mælingin nær til hefur árssveiflan í flestum tilvikum verið hækkun upp á núll til 10 prósent, eða í 45 ár. Þar á eftir kemur hækkun á bilinu tíu til tuttugu prósent, en sú hefur verið raunin í 36 árum tímabilsins. Lækkun frá núlli og í tíu prósent hefur svo orðið 29 ár af tímanum.

Ef einvörðungu er horft til skiptingarinnar á milli hækkunar og lækkunar kemur í ljós að markaðir hafa frá 1825 hækkað oftar en þeir hafa lækkað, í 129 skipti á móti 55 lækkunarárum. Markaðir hafa sem sagt hækkað í sjö ár af hverjum tíu, þótt oftast hafi hækkunin verið hófleg. Hækkun frá 50 og upp í 60 prósent innan árs hefur ekki átt sér stað í nema 10 ár af þessum 184, en það eru um 5,4 prósent heildartímans. Sambærileg lækkun hefur átt sér stað þrisvar, en það eru um 1,6 prósent tímabilsins frá 1825. **- óká**

NETAFRITUN EJS

*Lausnasvið EJS býður upp á netafritun á áður óþekktu verði.*

**ÖRUGG OG TRAUST**
*Netafritun EJS er 100% sjálfvirk og örugg og engin þörf er á mannlegum afskiptum. Gögnin þín eru varin eldsvoðum, þjófnaði, skemmdarverkum og náttúruhamförum þar sem gögnin eru geymd á öruggum stað í hýsingarsal EJS.*

**AUÐVELT Í NOTKUN**
*Uppsetning Netafritunar EJS er auðveld í framkvæmd. Allir sem hafa grunnþekkingu á tölvum geta framkvæmt uppsetninguna án nokkurra vandkvæða.*

**HENTAR SMÁUM SEM STÓRUM**
*Netafritun EJS er bæði fyrir útstöðvar og netþjóna og styður öll helstu stýrikerfi og gagnagrunna, þ.m.t. Windows, Linux, Mac, Unix, MS Exchange, MS SQL, My SQL og Lotus Notes.*

Það er til lausn á öllu
Opið 9-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS

Frí dagbók með öllum pöntunum í janúar

Frí Dagbók 2009

# Office1 Superstore

PÖNTUNARSÍMI 550 4111

# Allt fyrir skrifstofuna

## janúartilboð

Heftarar



Verð frá: 299 kr.



### Möppur

Stílhreinar 5 og 8 sm möppur. 2ja hringja bréfabindi með stálkanti. Til í fjórum litum.

Verð áður: 619kr.

Verð: 299kr.



V.nr. 07891840
V.nr. 07891540

52% afsláttur

### Blaðabakkar

Góðir blaðabakkar frá Maped, gott að stafla. Fást í Bláu og svörtu.

Verð áður: 1.049kr.

Verð: 299kr.



V.nr. 56675511

71% afsláttur

### Geymslukassar

Geymslukassar frá Rahmqvist. Gott að stafla saman. Ótrúlega sterkir, þú getur staðið á honum án þess að hann falli saman.

V.nr. 77335283

Verð áður: 899kr.

Verð frá: 450kr.



50% afsláttur

### Styb áherslupennar

Góðir áherslupennar í hefðbundinni pennastærð frá Styb. Til í fjórum litum, bleikur, gulur, grænn og orange

Verð áður: 140kr.

Verð: 40kr. stk.



V.nr. 01-05787199*

75% afsláttur

Gatarar



frá 599kr.

### 50stk Papermate pennar

Mjög góðir pennar frá Papermate. 50 í pakka.

20 20 5 5

Verð áður: 43kr.

Verð: 14kr. stk.



V.nr. 69p0685850

67% afsláttur

### Skrifborðsstóll

Fabric skrifborðsstóllinn er með arma og er með fóðruðu baki og setu. Hæðarstillir (45-55xm). Nylon Hjól.

Verð áður: 24.990kr.

Verð: 9.990kr.

60% afsláttur



V.nr. 684wt-220*

# Fyrirtækjaþjónustan



Í fyrirtækjaþjónustu Office1 starfa einstaklingar með mikla þekkingu á skrifstofu- og rekstrarvörum. Við hlustum á viðskiptavini okkar og gerum okkar besta til þess að mæta kröfum þeirra. Hafðu samband og fáðu upplýsingar um hvernig við getum sparað þér peninga, tíma og fyrirhöfn.

Hringdu og pantaðu í síma 550 4111



Skeifan - Smáralind - Kringlan - Hafnarfjörður - Selfoss - Vestmannaeyjar - Egilsstaðir - Akureyri - Ísafjörður

# Nokkrir til sem upp úr stóðu

Nokkur fjöldi fólks og fyrirtækja komst á blað í valinu á manni og viðskiptum ársins. *Óli Kristján Ármannsson* fer hér yfir valið og heldur til haga umsögnum nokkurra þeirra sem tilnefndu.



**JÓN MEÐ IÐNAÐARRÁÐHERRA Í SÝNINGARFERÐ** Fjölmenni var við glæsilega gangsetningu átöppunarverksmiðju Icelandic Water Holdings í Ölfusi í enda september. MARKAÐURINN/ANTON

## Telur vatnið tilvalinn sendiherra landsins



„Það er ljóst að frjálshyggjan og græðgin hafa bersýnilega beðið skipbrot á árinu. Nú verða menn að vanda betur til, taka upp gömul gildi og vinna að hlutunum af heilindum en ekki út frá skyndigróðasjónarmiðum,“ segir Jón Ólafsson, stjórnarformaður Iclandic Water Holdings.

Hann bætir við að hér séu stórar og sterkar atvinnugreinar sem muni lyfta áliti heimsins á Íslendingum á ný. „Ég held að íslenska vatnið sé tilvalið til að vera góður sendiherra í því verkefni,“ segir hann.

Icelandic Water Holdings komst ofarlega á blað sem ein af viðskiptum ársins. Fyrirtækið, sem hefur framleitt átappað vatn á flöskum undir merkjum Icelandic Glacial í Þorlákshöfn síðastliðin þrjú ár, gangsetti nýja verksmiðju í landi Hlíðarenda í Ölfusi seint í september.

Verksmiðjan er um 6.700 fermetrar að stærð og mun í fyrri áfanga anna átöppun um 100 milljóna lítra á ári, sem að mestu er til útflutnings. Hún er búin sérstöku orkustjórnunarkerfi til að halda áhrifum á umhverfi og náttúru í lágmarki.

Vatnið, sem er margverðlaunað bæði fyrir hönnun flaskna og gæði, er enn fremur það fyrsta á heimsmarkaði sem hlýtur viðurkenningu The CarbonNeutral Company fyrir algjöra kolefnisjöfnun fyrir bæði framleiðslu og dreifingu auk annarrar starfsemi fyrirtækisins. - jab



**BIRNA EINARSDÓTTIR** Birna er bankastjóri Nýja Glitnis, en var áður í yfirmannahópi þess gamla. Stórkaup hennar á hlutabréfum í Glitni sem ekki gengu eftir vegna mistaka komust á blað sem bestu viðskipti ársins. Hlutabréf bankanna urðu sem kunnugt er verðlaus við fall þeirra. MYND/IPA IMAGES, SIGURÐUR J. ÓLAFSSON

Kaup Marel Food Systems á Stork Food Systems þykja standa upp úr sem viðskipti ársins 2008 og er ef til vill ekki úr vegi að tilnefna fjárfestingarfélagið Eyri Invest og flaggskip eignasafns fyrirtækisins, bæði Marel og Össur, sem fyrirtæki ársins vegna þess hve víða og ofarlega þessi fyrirtæki og aðstandendur þeirra voru á blaði í vali þeirra sem tilnefndu fólk og fyrirtæki í vali Markaðarins að þessu sinni.

Enda fór það svo að í efstu sætin í valinu á manni ársins í viðskiptalífinu röðuðu sér forsvarsmenn þessara fyrirtækja, forstjórar Össurar og Marel Food Systems auk stjórnarformanns og framkvæmdastjóra Eyris, en það eru feðgarnir Þórður Magnússon og Árni Oddur Þórðarson. „Þórður Magnússon hefur leitt Marel og Össur í gegnum miklar breytingar og þessi fyrirtæki standa upp úr á hlutabréfamarkaði eftir fall bankanna og tengda atburði,“ segir einn sem taldi Þórð vera mann ársins í viðskiptalífinu 2008.

Fleiri voru þó nefndir til sögu, svo sem Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri tölvuleikjafyrirtækisins CCP, sem vermir fimmta sætið í valinu. „Í ár myndi ég segja að CCP væri það fyrirtæki sem hefur verið að gera hvað besta hluti. Þeir hafa náð gríðarlega góðum árangri með sitt fyrirtæki sem þarf ekkert að rökstyðja frekar,“ segir einn þeirra sem tilnefndu fólk og fyrirtæki.

„Reyndar datt mér í hug að fyrirhuguð kaup ríkisins á 75 prósenta hlut í Glitni gætu verið viðskipti ársins,“ gantast annar, en fyrir hlutinn ætlaði ríkið að greiða sem nemur 600 milljónum evra og var í þessum gjörningi kominn efniviðurinn að verstu viðskiptum ársins sem lesa má um hér til hliðar. Aðrir hafa í huga þá menn í fjármálaheiminum sem sýnt hafa fyrirhyggju og áhættufælni á þessu ári í ljósi ástandsins á heimsmörkuðum. Þar eru nefndir menn á borð við Willam Fall, forstjóra Straums-Burðaráss, og Styrmir Þór Bragason, forstjóra MP Verðbréfa. Varkárni Styrmis Þórs og hans fólks er sögð skila fyrirtækinu einni bestu útkomunni í fjármálageiranum í dag. Þá er athafnakonan Guðbjörg Matthíasdóttir í Vestmannaeyjum tilnefnd fyrir að hafa selt lungann úr tæplega tveggja prósenta hlut sínum í Glitni síðustu tvo virku dagana áður en tilkynnt var um þjóðnýtingu hans. Guðbjörg var sú eina af tuttugu stærstu hluthöfum bankans sem seldi hlut sinn í vikunni fyrir þjóðnýtingu.

Þá horfa spekingar Markaðarins til fleiri geira en fjármálageirans eins. Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson og Marorka komast á blað fyrir að hafa fengið á árinu umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs. „Sprækur sproti. Mjög 2009,“ segir einn. Jón Ólafsson er sagður í sókn með Icelandic Water Holdings.




**HILMAR VEIGAR PÉTURSSON** Hilmar er forstjóri CCP sem framleiðir tölvuleikinn EVE Online og þykir hafa náð markvert góðum árangri með fyrirtæki sitt á árinu. MARKAÐURINN/GVA



**JÓN ÁGÚST ÞORSTEINSSON** Dr. Jón Ágúst er forstjóri Marorku, en það er frumkvöðlafyrirtæki sem býr til orkusparandi búnað í skip. Fyrirtækið fékk í ár umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs fyrir starf sitt. MYND/MAGNUS FRÖDERBERG, NORDEN.ORG

„Honum hefur tekist að markaðssetja íslenskt vatn sem lúxus og græna vöru í Bandaríkjunum. Árið 2008 náði fyrirtækið að festa sig í sessi meðal Hollywood-stjarna.“ Fleiri horfa svo til markaðssetningar hjá stjörnunum. „Halldór Eyjólfsson og stjórnunarteymi 66°Norður hafa nú í ár staðið sig vel í að markaðssetja vörur á erlendri grund og fengið ófáar kvikmyndastjörnur og kóngafólk til að skarta flíkum frá fyrirtækinu,“ segir annar.

Meira að segja á menntageirinn fulltrúa í valinu. Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors, og Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri og stofnandi Hjallastefnunnar, fengu báðar atkvæði. Bent er á að Mentor hafi vaxið ótrúlega hratt, fengið Sprotaverðlaunin 2008 og hafi náð góðum árangri bæði hér heima og í Svíþjóð. Þá sé Margrét Pála búin að „byggja upp ótrúlega öflugt skólarekstrarfyrirtæki sem blómstrar í kreppunni og skilar samfélaginu miklum framtíðararði,“ segir í einni umsögn og fært er til bókar að árleg velta Hjallastefnunnar ehf. sé á annan milljarð króna og reki fjölda leik- og grunnskóla.




**WILLIAM FALL** Forstjóri Straums-Burðaráss kemst á blað fyrir að hafa stuðlað að því að bankinn drægi saman í efnahag sínum og þannig forðað honum frá því að verða undir í lausafjárkrísunni sem felldi hina bankana. MARKAÐURINN/VALLI

## Stóðu sig líka vel

**Eftirfarandi komust einnig á blað í valinu á manni ársins í viðskiptalífinu:**

**2. TIL 5. SÆTI:**

- **Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems.**
- **Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris Invest.**
- **Árni Oddur Þórðarson, framkvæmdastjóri Eyris Invest.**
- **Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP.**

**EINNIG NEFNDIR (EKKI Í GOGGUNARRÖÐ):**

- **Jón Ólafsson, Icelandic Water Holdings**
- **Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorka**
- **Styrmir Þór Bragason, MP verðbréf**
- **Halla Tómasdóttir, Auður Capital**
- **Vilborg Einarsdóttir, Mentor**
- **Kristín Pétursdóttir, Auður Capital**
- **William Fall, Straumur-Burðarás**
- **Margrét Pála Ólafsdóttir, Hjallastefnan**
- **Eggert Guðmundsson, HB Grandi**
- **Guðbjörg Matthíasdóttir fjárfestir;**
- **Halldór Eyjólfsson, 66°Norður.**

Ekki er um eiginlega dómnefnd að ræða í valinu á manni ársins heldur tilnefningar ákveðins hóps sem ekki ræðir málið sín á milli. Til þess að þeir sem tóku þátt hefðu fullt frelsi til að lýsa skoðunum sínum á mönnum og málefnum var ákveðið að gefa ekki upp til hverra er leitað. Við valið á manni ársins var hópur fólks sem vel þekkir til; háskólafólk, fulltrúar greiningardeilda banka, sjálfstæðir sérfræðingar og fjölmiðlafólk, beðinn að tilnefna einhverja þrjá sem staðið hafa sig best í íslensku viðskiptalífi á árinu sem er að líða. Sá sem fyrstur var nefndur fékk þrjú stig, annar tvö og þriðji eitt. Sá sem flest stig hlýtur er svo maður ársins. Sama fólk var einnig beðið um að nefna viðskipti ársins að eigin mati.

# Beðið eftir björgunarliði *með klóara við höndina*

Viðskiptalífinu var stundum snúið á haus í bankahólfum Markaðarins og peningaskápum viðskiptasíðu Fréttablaðsins á árinu sem er að líða. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* og *Ingimar Karl Helgason* renndu sér í tíðindi ársins sem einkenndust af bið eftir björgunaraðgerðum og lánum sem aldrei litu dagsins ljós. Þeir félagar dustuðu rykið af dósamatnum og klósettpappírnum frá í fyrra og vona að birgðirnar dugi fram á nýtt ár.

### 10. JANÚAR

**ÉG SAGÐI YKKUR!**

Lars Christiansen, sérfræðingur greiningardeildar Danske Bank, er drýgindalegur í viðtali við Fréttablaðið í dag. Hann lætur að því liggja að nú séu að koma fram þær hrakspár sem bankinn setti fram um íslenskt efnahagslíf og yfirvofandi kreppuástand. Félagarnir í bankanum eru raunar búnir að bíða nokkuð lengi eftir þessu, enda fyrsta spá sett fram á fyrriparti árs 2006. En það er vissulega ekki einsdæmi að bíða þurfi eftir að spár rætist. Þannig er enn beðið eftir að komi fram spádómar Nostradamusar frá byrjun sextándu aldar.

### 14. MARS

**SÉRÚTGÁFA TIL AMERÍKU**

Forsætisráðherra og forystumenn í viðskiptalífi þjóðarinnar sóttu í gær árvissan fund Íslensk-ameríska verslunarráðsins í New York í Bandaríkjunum. Tækifærið var notað til að kynna stöðu íslensks efnahagslífs og horfur. Margir lögðust á árar í þessu efni. Tímaritið Iceland Review lagði í sérútgáfu sextán síðna blaðs sem var með í för undir yfirskriftinni „Banking and Finance in the Icelandic Economy“. Burðarefnið er kynning Geirs Haarde á „sveigjanlegu en um leið seigu“ hagkerfi þjóðarinnar (flexible & resilient, nefnilega). Hann áréttar heilbrigði íslensku bankanna og kveðst þess fullviss að þeir „standi af sér storminn á alþjóðlegum fjármálamörkuðum“.



### 9. APRÍL

**LÖNG BIÐ**

Miklar væntingar Óhætt er að segja að aðgerða stjórnvalda og Seðlabankans til stuðnings íslensku fjármálakerfi sé beðið með mikilli eftirvæntingu. Seðlabankinn kynnir vaxtaákvörðun á morgun og gefur um leið út Peningamál. Ríkisstjórnin hefur enn ekki gefið neitt upp um aðgerðir sínar, en einstakir ráðherrar hafa þó gefið sterklega í skyn að aukið verði verulega við gjaldeyrisforða Seðlabankans. Þá hefur forsætisráðherra látið að því liggja, að til standi að egna gildrur fyrir spákaupmenn sem tekið hafi stöðu gegn íslensku efnahagslífi, svokallaðar bjarnargildrur, væntanlega með vísun í bandaríska fjárfestingarbankann Bear Stearns. Hækkun á gengi íslensku bankanna og lækkandi skuldatryggingarálag þeirra er ekki aðeins rakið til hagstæðari skilyrða á alþjóðavettvangi, heldur ekki síður til væntinga um útspil íslenskra stjórnvalda á næstu dögum. Nú er lag, segja menn, þegar útlitið er aðeins bjartara og kjörin betri á lánamörkuðum. En gerist ekkert, vara þeir hinir sömu við, er hætt við því að einhver afturkippur geti komið og jafnvel ný niðursveifla.



### 11. APRÍL

**HRUN HÚSNÆÐISMARKAÐARINS**

Eflaust hefur einhverjum runnið kalt vatn milli skinns og hörunds þegar þeir renndu yfir Peningamál Seðlabankans og sáu inni í miðri bók að bankinn spáir hruni á húsnæðismarkaði; raunverð húsnæðis lækki um þrjátíu prósent á næstu tveimur árum og öll hækkun undanfarin fimm ár gangi til baka. Seðlabankamenn virtust ekki sjá ástæðu til að vekja sérstaka athygli á þessari svörtu spá.

### 23. APRÍL

**BÍLAR Í BOÐI**

Óhætt er að segja að erfiðir tímar séu nú hjá mörgum sem fyrir stuttu síðan flugu með himinskautum hinnar íslensku útrásar eins og aldrei kæmi morgundagurinn. Glöggir sjá merki þessa á fasteignamarkaði, þar sem eignir bjóðast nú sem aldrei sáust áður, t.d. einbýli í Fossvogi eða bústaðir við Þingvallavatn. Og í smáauglýsingum blaðanna er nú mikið í boði af Range Rover og Landcruiser, lítið keyrðum og með mikið áhvílandi…

### 26. APRÍL

**BEIN LÍNA**

Eins og jafnan fór Kjartan Gunnarsson, varaformaður bankaráðs, á kostum sem fundarstjóri á aðalfundi Landsbankans síðasta vetrardag. Kjartan sló oft á létta strengi milli þess sem hann bar upp misformlegar tillögur til samþykktar. Þegar fundur hófst bað hann fundarmenn um að slökkva á farsímum sínum en lét þess getið um leið að kveikt væri á einum síma í húsinu, nánar tiltekið á háborðinu hjá bankaráðinu. Það væri bein lína til Seðlabankans og stjórn bankans biði í ofvæni eftir einhverjum tíðindum, eins og aðrir…



### 8. MAÍ

**MEIRI HÁTTAR SENDING**

Halldór J. Kristjánsson, formaður Samtaka fjármálafyrirtækja, gerir alvarlegar athugasemdir við yfirlýsingar hagfræðingsins Roberts Aliber á fundi í Háskóla Íslands og gagnrýnir umfjöllun Morgunblaðsins um þær. Halldór segir fullyrðingar Alibers um íslenskt fjármálakerfi vera illa ígrundaðar og byggja á huglægu mati. Mikilvægt sé að vandað sé til umfjöllunar þegar íslenskt efnahagslíf sé í alþjóðlegu kastljósi. „Órökstuddar upphrópanir geta haft alvarleg áhrif og því brýnt að leita viðhorfa ábyrgra aðila við slíkum fullyrðingum áður en þær eru birtar.“ Halldóri virðist samt sjást yfir, að meðal þeirra sem fengu Aliber hingað til lands, til að tala á opinberum vettvangi og í návist fjölmiðla, voru einmitt hans eigin samtök, Samtök fjármálafyrirtækja.



### 9. MAÍ

**SVEITTUR BANKASTJÓRI**

Vegna misskilnings var Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, spurður á uppgjörsfundi hvernig hann skýrði að lán til tengdra aðila hefðu hækkað að skilja mætti um tugi milljarða. Það kom í fyrstu á Sigurjón áður en ljóst var að um misskilning var að ræða og farið var að fletta í uppgjörspappírum til að athuga hvort mistök hefðu verið gerð við gerð reikninga. Þegar sannleikurinn kom í ljós; að ruglað hafði verið saman milljónum og milljörðum var bankastjóranum mikið létt. „Ég svitnaði bara og hélt að Bjöggi hefði komist í kassann og hirt allt,“ sagði Sigurjón og átti við Björgólf Guðmundsson, formann bankastjórnar. Uppskar hann hlátur fundarmanna.

### 14. MAÍ

**EVRAN**

Ásgeir Jónsson, hagfræðingur, sagði í málstofu í Seðlabanka Íslands í gær að lausafjárþörf íslensku bankanna væri í erlendri mynt en seðlaprentunarvald Seðlabanka Íslands væri í íslenskum krónum, sem hefðu takmarkað markaðshæfi utan Íslands. Af þeim sökum gætu íslenskir bankar ekki fengið sömu lausafjárfyrirgreiðslu hjá sínum seðlabanka og til dæmis bankar á evrópska myntsvæðinu. Lausafjáráhætta þeirra hlyti því að vera hærri.
Besta lausnin á þessu er að mati Ásgeirs innganga í myntbandalag Evrópu en ekki einhliða upptaka evru.



### 21. MAÍ

**VON Á ÞEIM FINNSKA?**

Mikil og jákvæð viðbrögð við gjaldmiðlaskiptasamningum við seðlabanka Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar á dögunum eru til marks um að beðið hafi verið eftir útspilum sem þessum af hálfu stjórnvalda og Seðlabankans. Nú fullyrða aðilar á markaði að sambærilegur samningur við finnska seðlabankann liggi fyrir og verði kynntur fljótlega, en enn sé unnið að samkomulagi við Seðlabanka Evrópu og Englandsbanka. Þá munu erindrekar Seðlabankans hafa leitað hófanna vestan Atlantsála, meðal annars með aðkomu bandaríska seðlabankans og JP Morgan.

### 4. JÚNÍ

**EKKI BEINT ÍSLENSKA AÐFERÐIN**

Inngangur Gylfa Magnússonar að bókinni er hnýsilegur, ekki síst þessi setning: „Íslenskir fjárfestar virðast undanfarin ár flestir hafa hugsað á allt öðrum nótum en Buffet. Áhersla margra íslenskra fjárfesta á að reyna að ná skjótfengnum gróða með því að veðja á verðhækkun á mörkuðum og magna uppsveifluna með því að nota lítið eigið fé en mikið lánsfé er eins fjarri hugmyndum Warrens Buffet og hugsast getur.“ Kannski hér sé komin ein skýringin á því að Buffet nýtur stöðugrar velgengni, ár eftir ár, en íslenskir fjárfestar berjast nú við timburmenn eftir veisluhöld síðustu ára og sjá sumir hverjir ekki til sólar…





### 6. ÁGÚST

**ÁTTU EKKI VON Á NEINU HRUNI**

Fjármálakreppa á Íslandi er ekki lengur áhyggjuefni eftir að þrír stærstu viðskiptabankarnir birtu uppgjör annars ársfjórðungs sagði Financial Times um helgina. Farið er yfir uppgjör bankanna þriggja og hvernig hraður vöxtur þeirra var uppspretta áhyggna af fjármögnun þeirra. Þá hafi skuldatryggingarálag upp á allt að 1.000 punktum gefið til kynna að hrun væri fram undan. Hér þótti það hins vegar ekki stórfrétt þótt uppgjörin boðuðu ekki fall bankakerfisins, enda voru þau í takt við væntingar. „Það er gott að einhver er að skrifa jákvætt um ástandið til tilbreytingar,“ sagði Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, í viðtali við Fréttablaðið. „Það er þyngra undir fæti heldur en verið hefur, en við áttum ekki von á neinu hruni.“

### 1, OKTÓBER

**DAVÍÐ VIÐ STÝRIÐ**

Óhætt er að segja að Davíð Oddsson, for-



# Verstu viðskipti ársins 2008

Margir voru til kallaðir í vali á verstu viðskiptum ársins 2008, enda kannski af nógu að taka. Með þann vafasama heiður að bera sigur úr býtum í þessu vali var Róbert Wessman, en fjárfestingarfélag hans Salt keypti hlut í Glitni fyrir 5,7 milljarða króna föstudaginn 26. september, en á mánudagsmorgni var tilkynnt um þjóðnýtingu bankans. Salt var sjöundi stærsti hluthafi Glitnis og leiddar að því líkur að félagið tapaði við þjóðnýtinguna og virðisrýrnun eignarinnar um fimm milljörðum króna. Svo varð reyndar ekki úr þessum kaupum ríkisins, bankinn fór í greiðslustöðvun og hluthafar töpuðu öllum sínum hlut.



RÓBERT WESSMAN Salt Investments, fjárfestingarfélag Róberts Wessmans, missteig sig með eftirtektarverðustum hætti á árinu í kaupum á hlut í Glitni, að mati valnefndar Markaðarins.

Glitnir kemur reyndar við sögu í næstverstu viðskiptum ársins samkvæmt valinu, en þeir voru litlu færri sem vildu tilnefna yfirtöku ríkisins á Glitni í aðdraganda bankahrunsins sem verstu viðskiptin. „Formaður bankastjórnar Seðlabankans keypti þrjá fjórðu hluta Glitnis banka fyrir 600 milljónir evra sem jaðrar við hrakvirði. Þetta hljóta að vera viðskiptamaður og viðskipti ársins,“ segir einn þeirra sem leitað var til um tilnefningar hvað varðar þá hluti sem upp úr standa í viðskiptum ársins. „Um leið eru þetta verstu viðskipti ársins,“ bætir svo viðkomandi við.

„Kaup Róberts Wessman í Glitni eða kaup ríksisins á 75 prósenta hlut í sama banka sem ýtti skelfilegri atburðarás af stað,“ segir annar sem erfitt á með að gera upp á milli verstu viðskiptanna, enda kannski bara um að ræða tvær hliðar á sama peningi. Um fyrirhugaða þjóðnýtingu Glitnis segir annar að öll umgjörð og aðferðafræði þar hafi skaðaði íslenskt efnahagslíf stórkostlega umfram það sem hefði þurft. „Í kjölfarið hrundu bankarnir og margir fjárfestar, sem ætluðu að hagnast með ríkinu, brenndu fingur. Þessi díll var harðskafi,“ segir annar um þjóðnýtingu Glitnis í septemberlok.

Þá eru nefndir til sögu fleiri fjárfestar sem brenndu sig á falli bankanna eða þóttu eiga vafasöm viðskipti því tengdu. Nokkrum er ofarlega í huga Sjeik Mohammed Bin Khalifa Al-Thani, bróðir emírsins af Katar, sem í gegn um fjárfestingarfélag sitt Q-Iceland Holding keypti um fimm prósenta hlut í Kaupþingi fyrir 26 milljarða króna undir lok september, skömmu fyrir hrun bankanna. „En í ljósi þess hve lítið þau viðskipti vigta í hans eignasafni eru þau ekki sett hér fremst,“ segir einn álitsgjafi Markaðarins. **- óká**



FORMAÐUR BANKASTJÓRNAR SEÐLABANKANS OG BANKASTJÓRI GLITNIS „Formaður bankastjórnar Seðlabankans keypti þrjá fjórðu hluta Glitnis banka fyrir 600 milljónir evra sem jaðrar við hrakvirði. Þetta hljóta að vera viðskiptamaður og viðskipti ársins. Um leið eru þetta verstu viðskipti ársins,“ segir í umsögn um viðskipti ársins. MARKAÐURINN/GVA



ÞÓRÐUR MAGNÚSSON Stjórnarformaður Eyris Invest vonar að rofi til á erlendum fjármagnsmörkuðum á nýju ári. MARKAÐURINN/VILHELM

# Sér vonarglætu á nýju ári

„Rekstur margra útflutningsfyrirtækja gengur vel nú um stundir en nú er það fyrst og fremst fjármögnunarþátturinn og bankakerfið sem er kvíðvænlegt. Það er von mín að rofi til á erlendum mörkuðum á næsta ári,“ segir Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris Invest.

Hann segir margar kenningar í gangi um horfurnar á nýju ári. Sjálfur vilji hann lítið spá fyrir um slíkt.

Eyrir Invest er kjölfestufjárfestir í matvælavinnsluvélafyrirtækinu Marel Food Systems og stoðtækjafyrirtækinu Össuri. Þórður bendir á að kreppan hafi takmörkuð áhrif á rekstur þeirra enda þriðji ársfjórðungur ársins sá besti hjá báðum fyrirtækjum.

Þórður er sömuleiðis stjórnarformaður þriggja sprotafyrirtækja.

Eitt þeirra er Marorka, sem selur tölvukerfi sem lágmarkar olíunotkun skipa, dregur úr kostnaði og mengun og hlaut fyrir það umhverfisverðlaun Norðurlanda í október.

Annað er Calidris, sem hefur þróað og hannað hugbúnað sem leggst ofan á þau tölvukerfi sem fyrir eru eins og bókanakerfi, miðakerfi, brottfararkerfi og breytir verkferlum þeirra svo þau séu skilvirkari. Mörg stærri flugfélög heims nota kerfi Calidris.

Það þriðja er svo Handpoint Retail, sem starfar aðallega í Bretlandi og selur meðal annars afgreiðslukerfi á handtölvum fyrir verslanir og annan atvinnurekstur.

Þórður segir sveiflur í íslensku efnahagslífi hafi verið íslenskum sprotafyrirtækjum erfiðar. Lágt gengi krónu síðustu misseri hafi gert þeim erfitt fyrir. Mjög veikt gengi nú og betri aðgangur að hæfu fólki sé jákvæður en takmörkuð geta bankakerfisins geri þeim erfiðara fyrir. „Þar er reyndar enginn undanskilinn,“ segir Þórður. **- jab**



maður bankastjórnar Seðlabankans, hafi verið áberandi í ólgusjó fjármálalífsins síðustu daga. Ekki aðeins var ein af fréttamyndum ársins tekin af honum undir stýri með forsætisráðherrann í farþegasætinu og fjármálaráðherrann aftur í, heldur kom það einnig í hlut seðlabankastjórans að tilkynna um aðgerðir ríkisstjórnarinnar og bjóða einstökum mönnum sæti í nýrri stjórn Gitnis, ef marka má fréttir fjölmiðla. Í gær sat Davíð svo aftur á fundi ríkisstjórnarinnar eftir nokkurt hlé, nú sem gestur við fundarborðið. Er furða, þótt menn telji enn að Davíð ráði hér öllu í samfélaginu?

## 29. OKTÓBER

### LAUN LÆKKUÐ ÁN BLÓÐSÚTHELLINGA

Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor skrifar um krónuna í nýjasta hefti Vísbendingar.

Þar segir: „Atburðarásin haustið 2008 leiddi hins vegar eitt í ljós: Með öllum sínum ókostum var íslensk króna fljótvirkasta og friðsamlegasta tækið til að laga hagkerfið að nýjum aðstæðum. Með gengisfalli krónunnar voru laun snarlækkuð án blóðsúthellinga. Almenningur fékk skýr skilaboð um það að hann yrði að spara og beina kaupum sínum frekar að innlendri vöru en innfluttri. Þessi skilaboð hefðu ekki borist eins greiðlega um hagkerfið, hefðu Íslendingar notað evru í stað krónu.“

## 17. DESEMBER

### MIKILVÆGI SÖGUNNAR

Eðlilega hefur um fátt verið rætt upp á síðkastið en Icesave-skuldir Íslendinga gagnvart evrópskum sparifjáreigendum. Margir hafa lagt áherslu á mikilvægi þess að koma málinu í þann farveg að málið verði leyst, ef ekki nú þá seinna. En Icesave-skuldin er ekkert einsdæmi. Líkt og Jón Sigurðsson, fyrrverandi forseti Hins íslenska bókmenntafélags, lagði dæmið á borðið um miðja þarsíðustu öld þá skulduðu Danir Íslendingum 120 þúsund ríkisdali á ári í afgjald fyrir aldalanga kúgun. Ætla má að þetta sé, kalt mat, í kringum tveir milljarðar króna á ári í dag miðað við uppreiknaða vísitölu. En líkt og flest mál sem dagað hafa uppi í nefnd hefur lítið spurst til greiðslunnar frá Dönum að undanskildum smáhlut upp í kostnað vegna strandgæslu þeirra á tímum heima stjórnar innar. Þetta er alltént mikilvægt að hafa í huga þegar samið verður um Icesave-skuldina. Kannski hún sé best geymd í nefnd.






# Árið sem Alþjóðagjalde

Íslenska ríkið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn urðu óvænt mest ráðandi um íslenskt viðskipta- og athafnalíf á árinu 2008. Allt árið lækkaði gengi krónunnar og endaði í hruni og svo í höftum. Úrvalsvísitala Kauphallarinnar fór meira en áratug aftur í tímann. Bankarnir og stór fjárfestingarfélög fóru í þrot. Ekki sér fyrir endann á óförunum. *Ingimar Karl Helgason* stiklaði á stóru á viðskiptaárinu 2008.

„Guð blessi Ísland.“ Þannig lauk Geir H. Haarde, forsætisráðherra, óvæntu sjónvarpsávarpi sínu sem hann flutti klukkan fjögur, síðdegis 6. október. Þá var sýnt að íslensku bankarnir myndu ekki lifa. Neyðarlögin svonefndu voru sett á Alþingi þá um kvöldið.

Aðdragandinn að hruninu var langur. Segja má að hann hafi í raun hafist á síðasta ári, með alþjóðlegu lausafjárkrísunni. Sumir rekja hrunið ýmist lengra aftur í tímann, eða annað, til hugarfars og hugmyndafræði þar á meðal. Hér verður stiklað á stóru í íslensku viðskiptalífi árið 2008 þar sem málefni bankanna og stærstu eigenda þeirra yfirskyggðu flest annað.

## JANÚAR

„Forstjórinn metur það hverju sinni hvað honum finnst eðlilegt og í þessu tilfelli heimilaði hann starfsfólkinu að taka við þessu,“ sagði Íris Björk Hreinsdóttir, talsmaður Fjármálaeftirlitsins, um vínflöskur og súkkulaði, sem Kaupþing gaf starfsfólki eftirlitsins í jólagjöf.

Fjármögnun bankanna fékk mikla athygli þegar á fyrstu dögum ársins. Rætt var um 600 milljarða endurfjármögnunarþörf. Henni átti að hluta að mæta með innlánum. „Við getum rekið bankann í 360 daga og vel það,“ sagði Guðni Níels Aðalsteinsson, þáverandi framkvæmdastjóri fjárstýringar Kaupþings.

Bankinn vildi skrá hlutafé í evrum. Það varð ekki. Þá hætti Kaupþing við yfirtöku á sér stærri hollenskum banka, NIBC.

Hannes Smárason hætti hjá FL og Kristinn Björnsson neitaði því opinberlega að Gnúpur væri á hausnum. Bjössi í World Class lýsti því yfir að hann vildi skrá félagið í Kauphöll og greiningardeildir spáðu lækkun stýrivaxta Seðlabankans.

En upp úr miðjum janúar var íslensku hagkerfi spáð hrakförum. Fréttblaðið sagði á forsíðu frá hættu á verulegu gengisfalli og harðri lendingu. „Útlitið er ekkert slæmt,“ sagði Geir H. Haarde. Moody‘s taldi krónuna of litla fyrir bankana og ríkið myndi eiga í erfiðleikum með að styðja við.

Fyrstu fréttir birtust af verulegri kólnun á fasteignamarkaði og uppsögnum hundruða í fiskvinnslunni.

## FEBRÚAR

„Afkoma bankanna á síðasta ári verður að teljast vel viðunandi með hliðsjón af því umróti sem verið hefur á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og lækkunum á hlutabréfamörkuðum,“ sagði Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

Sameiginlegur hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja, Kaupþings, Glitnis og Landsbankans, auk Straums, á árinu 2007, nam yfir 150 milljörðum króna.

Þá skorti ekki lausafé og upplýst var að Lárus Welding hefði fengið 300 milljónir króna fyrir að hefja störf hjá Glitni. Hann raunar helmingaði launin sín skömmu síðar.

Eimskip tapaði næstum milljarði, uppgjör Bakkavarar var undir væntingum en Exista hagnaðist um 50 milljarða.

Skipti, móðurfélag Símans, skiluðu hagnaði. Til stóð að skrá félagið á markað. Það frestaðist vegna kaupa á slóvenska símanum, sem ekki gengu eftir, og skráningin á markað varð síðan frekar misheppnuð og hvarf félagið þaðan aftur skömmu síðar.

FL group tapaði miklu og lagði einkaþotunni.

Krónan var byrjuð að síga og góðæristimburmennirnir nálguðust kaupsýslumenn. „Vandinn er að fjármálakerfið og hið opinbera hefur verið á fylleríi,“ sagði Tryggvi Þór Herbertsson í pallborði á viðskiptaþingi. Þá kallaði Geir H. Haarde utan úr sal, að ráðið væri að hætta að drekka.

Hátt álag var á skuldatryggingum íslensku bankanna. Það vakti áhyggjur margra. „Aðgerðir til að treysta starfsumhverfi bankanna á borð við styrkingu gjaldeyrisforðans eru alger nauðsyn við þessar aðstæður. Með slíkum aðgerðum eru send skilaboð til umheimsins sem mark er tekið á,“ sagði Ólafur Ísleifsson, kennari við Háskólann í Reykjavík. Hann átti eftir að endurtaka þetta.

Forystumenn ríkisstjórnar og bankanna ræddu saman um aðgerðir. Enginn sagði neitt upphátt um það, en síðar á árinu var haldið í ímyndarherferð til New York og Kaupmannahafnar.

Umræða um einhliða upptöku evru hélt áfram. Okkur sótti heim einn bankastjóra Evrópska Seðlabankans. „Við kunnum ekki við það að lönd reyni að taka evruna upp bakdyramegin,“ segir Jürgen Stark og Percy Westerlund, sendiherra Evrópusambandsins gagnvart Íslandi, sagði að einhliða upptaka Íslendinga á evru félli í grýttan jarðveg. Umræðan stendur enn.

## MARS

„Ef Seðlabanki Bandaríkjanna og Seðlabanki Bretlands telja að við þær aðstæður sem nú ríki beri að víkja verðbólgumarkmiði til hliðar til að tryggja gangverkið í fjármálakerfinu, þá er þeim mun ríkari ástæða til að gera það hér á landi,“ sagði Ragnar Árnason hagfræðiprófessor. Hann spurði um peningamálastefnuna og sagði að upphaflegum verðbólguvanda í tengslum við stóriðjuþenslu í raun hafa verið „sópað undir teppið með hækkun á gengi krónunnar“.

Gengið tók væna dýfu niður á við fyrir mánaðamótin, lok fyrsta fjórðungs ársins.

Tilkynnt var um endurskoðun á peningamálastefnunni.

„Það bendir til þess að botninum í þessum efnum séð náð.“ Þetta sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra, á alþingi, en þá hafði krónan styrkst og hlutabréfin voru aðeins á uppleið. Til álita kom um þessar mundir að gera „alþjóðlega opinbera rannsókn á slíku tilræði við heilbrigð fjármálakerfi“. Svo mælti Davíð Oddsson, seðlabankastjóri á ársfundi Seðlabankans nokkrum dögum fyrr. Fjármálaeftirlitið hóf rannsókn.

Daily Telegraph sagði að veislunni hér væri lokið.

## APRÍL

„Ég vil undirstrika að íslenskir bankar eru ekki á leið í ógöngur,“ sagði Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis.

Inbgibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, lýsti því yfir að bankarnir ættu stuðning ríkisstjórnarinnar vísan.

„Þetta tekur lengri tíma en við gerðum ráð fyrir,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra um vinnu til að styrkja gjaldeyrisforðann.

„Þjóðarbúið er mjög berskjaldað,“ sagði Daníel Svavarsson, hagfræðingur í Seðlabanka, í Peningamálum bankans. Þar kom raunar fram að væri miðað við markaðsvirði, væri þjóðarbúið ekki nema um 27 prósent af landsframleiðslu í hreinum mínus, á meðan mínusinn væri 120 prósent miðað við bókfært virði.

„Fari hins vegar svo, að einhver [bankanna] lenti í vandræðum og þyrfti að auka eigið fé, er umhugsunarvert hvort fjárfestingarfélög, sem eru stærstu eigendur þeirra, og hafa bæði veðsett eignir sínar vegna fjárfestinga, og fengið mikið lánað hjá þeim, geti tekið þátt í því,“ sagði Eiríkur Guðnason Seðlabankastjóri.

„Höfuðáhættan fyrir Ísland liggur í því að erlendar eignir bankanna, sem voru keyptar með mikilli skuldsetningu, kunni að falla í verði niður fyrir það sem þeir borguðu fyrir þær. Færi svo ykist erlend skuldabyrði landsins enn frekar og íslenzk stjórnvöld yrðu væntanlega að gera það sem í þeirra valdi stæði til að forða bönkunum frá lausafjárþurrð. Þar sem þetta myndi augsýnilega vera ríkissjóði og Seðlabanka Íslands fjárhagslega um megn væri bezta lausnin á þessu yfirvofandi vandamáli að selja bankana.“ Þetta sagði Daniel Gros, forstöðumaður rannsókna- og ráðgjafarstofnunarinnar Centre for European Policy Studies í apríl. Þessu mótmæltu greiningardeildir.

Björgólfur Thor Björgólfsson, sagði að lánardrottnar réðu meiru í fyrirtækjum en hluthafar og lýsti yfir kreppu. „Þetta hefur verið gott partí. En nú er kominn mánudagur og búið að loka fram að næstu helgi,“ sagði hann. Á sama tíma var skipulagt partí á frönsku rívíerunni fyrir nokkra starfsmenn Glitnis.

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, benti á að lausafjárerfiðleikar gætu komið fjármálafyrirtækjum í opna skjöldu, og lagði meðal annars til að „fjármálafyrirtæki og eigendur þeirra hugi ekki eingöngu að krosseignartengslum heldur einnig að krossstjórnarsetu í fyrirtækjum í fjármálaþjónustu.“

Invik, félag Milestone, tilkynnti um þátttöku í sænsku kauphöllinni. „Stefnan hefur mjög ákveðið verið tekin á skráningu innan tveggja ára,“ sagði Karl Wernersson.

FL Group tilkynnti um 44 milljarða króna tap á fyrsta fjórðungi ársins og afskráningu. Exista sagðist hafa tapað fimm milljörðum.

Gengi DeCode náði sögulegu lágmarki.

## MAÍ

„Við þolum ekki svona ástand mjög lengi,“ segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, í byrjun maí, um þann mikla skort á lánsfé sem varað hafði mánuðum saman.

Enda þótt lítið væri um lán, sýndu bankarnir mikinn hagnað á fyrsta fjórðungi ársins.

„Gengisáhrifin hafa augljóslega áhrif,“ sagði Lárus Welding, forstjóri Glitnis.

Hrein gjaldeyriseign Glitnis, Landsbankans og Kaupþings í lok mars nam um 743 milljörðum króna.

Á sama tíma tapaði 365, eigandi Fréttablaðsins, næstum milljarði á genginu. Heimilin öllu meira.

Forsætisráðherra upplýsti á Alþingi að unnið væri á fullu að lántöku erlendis og Seðlabankinn gaf fjármálakerfinu heilbrigðisvottorð. „Á heildina litið er niðurstaða Seðlabankans enn sú að fjármálakerfið sé í meginatriðum traust,“ sagði Davíð Oddsson.

Glitnir sagði upp 90 starfsmönnum.

Fitch Ratings sagði að eftirlitsstofnanir fjármála hefðu mátt huga betur að uppbyggingu bankanna, hraða útrásar og leiðum þeirra í fjármögnun.

Seðlabankinn gerði gjaldmiðlaskiptasaming við norræna seðlabanka, sem ekki átti að draga á nema í ítrustu neyð, sagði forsætisráðherra síðar á árinu.

Alþingi samþykkti heimild til 500 milljarða króna lántöku. „Þetta tengist hagsmunum bankanna að verulegu leyti,“ sagði Friðrik Már Baldursson, prófessor við Háskólann í Reykjavík og lagði til að bankarnir tækju þátt í lántökukostnaði ríkisins. „Um þetta eru engar fyrirætlanir,“ sagði Árni Mathiesen fjármálaráðherra. Enginn vilji var fyrir því hjá bönkum.

Þingið samþykkti líka frumvarp um skattfrelsi söluhagnaðar af hlutabréfum.

## JÚNÍ

„Ég hef ekki trú á því að sveiflan niður á við verði svona djúp,“ sagði Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, um skýrslu OECD þar sem dökk mynd var dregin upp af íslenskum efnahagsmálum.

Seðlabankinn breytti reglum til að reyna að örva viðskipti með krónur. Sá markaður hafði dottið verulega niður.

Markaðurinn upplýsti að heildarskuldir Nýsis, væru um fimmtíu milljarðar og stór hluti þeirra án veða. Landsbankinn vann að lausn mála og Kaupþing kom að málum síðar. „Við erum fórnarlömb lausafjárkreppunnar,“ sagði Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri Nýsis.

Jón Ásgeir Jóhannesson var dæmdur í Baugsmáli ásamt fleirum.

Landsbankinn keypti eignastýringarfélag á Írlandi.

Fjármálaeftirlitið hvatti bankana á sama tíma til að gera viðbragðsáætlanir um lausafjárerfiðleika.

„Það er mikilvægasta verkefni ríkisstjórnarinnar um þessar mundir að tryggja nýtt jafnvægi í efnahagslífinu,“ sagði forsætisráðherra í þjóðhátíðarræðu. Daginn eftir varð gengi krónunnar hið lægsta í sjö ár.

Gengið hrundi svo enn í lok júní. „Stjórnvöld hljóta fyrir sitt leyti að grennslast fyrir um rætur þessarar veikingar krónunnar,“ sagði Ólafur Ísleifsson.

„Við ættum að gera eins og breska ríkisstjórnin gerði á sínum tíma og yfirtaka bankana,“ sagði Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna.

„Grunnurinn að góðri efnahagsstjórn síðustu tveggja áratuga er frelsi í viðskiptum, einkavæðing og skattalækkanir,“ sagði Geir H. Haarde í ræðu á alþjóðlegu þingi fjárfesta í Lundúnum í gær.

## JÚLÍ

„Brýnasta verkefnið er enn sem fyrr að ná tökum á verðbólgu,“ sagði Davíð Oddsson Seðlabankastjóri þegar hann tilkynnti um óbreytta 15,5 prósenta stýrivexti.

„Það stefnir ekki í neinar fjöldauppsagnir vegna sameiningarinnar,“ sagði Guðmundur Hauksson. forstjóri SPRON í tilefni sameiningar við Kaupþing í byrjun júlí. Hún var ófrágenginn þegar Kaupþing féll.

Ákveðið var að 365 færi af markaði.

„Það er einfaldlega erfitt að gera sér grein fyrir stöðu hluthafanna,“ sagði Petya Koeva, formaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi, þegar hún var spurð um stöðu íslensku bankanna.

„Dráttarvextir gætu í einhverjum tilvikum verið ódýrasta fjármögnun sem menn eiga völ á, ekki síst við núverandi aðstæður,“ sagði Sigurður Arnar Jónsson, forstjóri Intrum á Íslandi.

Miklum afskriftum banka var spáð og veðköll í voru hátt í þúsund í júlí.

„Það fara 44 nýir Land Cruiser 200-jeppar úr landi í næstu viku,“ sagði Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi.

„Óskhyggja og fögur orð stjórnvalda duga skammt í baráttunni við núverandi efnahagsaðstæður. Aðgerða er þörf ef ekki á illa að fara,“ sagði Richard Thomas, greinandi Merrill Lynch-fjárfestingarbankans, um stöðu íslensku bankanna. Í skýrslu hans sagði hugsanlega stefndi í þjóðnýtingu bankanna eða gjaldþrot. „Svona ummæli dæma sig sjálf,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og starfandi forsætisráðherra.

## ÁGÚST

„Gengisþróun krónunnar var óhagstæð,“ sagði Brynjólfur Bjarnason forstjóri Skipta sem tilkynnti um hátt í 400 milljóna króna tap á öðrum fjórðungi ársins. Teymi tapaði 600 milljónum. Bankarnir sögðu frá hagnaði og Financial Times sagði fá merki um yfirvöfandi bankakreppu.

Sparisjóðum gekk hins vegar ekki eins vel.

Vanskil fyrirtækja og einstaklinga tvöfölduðust á öðrum fjórðungi frá hinum fyrsta og aldrei hafði hærri upphæð verið í vanskilum.

„Bankarnir hljóta að skoða allar leiðir til að flytja starfsemi sína úr landi,“ sagði Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands. „Við höfum ekki skoðað slíkt sérstaklega,“ sagði Lárus Welding, sem þó spurði sig um rekstarskilyrði bankanna hérlendis.

„Þetta er sennilega Íslandsmet,“ sagði Pálmi Haraldsson, um hagnað af sölu á hlut Fons í Iceland. Fyrir hlutinn eignaðist Fons Northern Travel Holding að öllu leyti, en Steling varð gjaldþrota fáum vikum síðar.

„Við töldum að slíkt myndi auka trúverðugleika íslenska fjármálakerfisins,“ sagði Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitins sem birti niðurstöðu álagsprófa sem ekki mældu það sem varð bönkum að falli.

Jón Steinsson, hagfræðingur sagði mjög langt í að allt færi „til fjandans“.

## SEPTEMBER

Forsætisráðherra tilkynnti um 300 milljóna evra lán til að styrkja gjaldeyrisforðann. Það nam þá innan við 40 milljörðum króna. Upplýst var að nettóstaða þjóðarbúsins væri neikvæð um tvö þúsund milljarða króna.

Skortsala var bönnuð í Bandaríkjunum og Bretlandi og skömmu síðar fylgdi Fjármálaeftirlitið fordæminu. Norðurlönd, önnur en Ísland, gerðu gjaldeyrisskiptasaming við bandaríska seðlabankann. „Aðalatriðið er að þetta er ekki það sem við höfum verið að sækjast eftir,“ sagði Tryggvi Þór Herbertsson, þá efnahagsráðgjafi forsætisráðherra.

„Svo framarlega sem ekki eru fleiri ísjakar marandi rétt undir



**STJÓRNVÖLDUM MÓTMÆLT** Fjölmargir fundir hafa verið haldnir til að mótmæla ástandinu og þess krafist að stjórnvöld víki. Á suma fundina hafa mætt þúsundir manna. MARKAÐURINN/ANTON





**SÉRFRÆÐINGAR AÐ STÖRFUM Á MARKAÐNUM** Þrettán fyrirtæki ýmist yfirgáfu Kauphöllina og leituðu fyrir sér sem óskráð félag eða voru yfirtekin af hinu opinbera í efnahagshruninu í október. MARKAÐURINN/VALLI

## Og þá voru eftir sex...

Árið var vægast sagt arfaslæmt í Kauphöllinni.

Úrvalsvísitalan var enn á niðurleið eftir að hafa rekið sig í háaloft um miðjan júlí árið á undan þegar hún toppaði í 9.016 stigum. Við áramótin stóð hún í 6.318 stigum og hafði þá fallið um þriðjung á hálfu ári.

Eftir því sem árið leið drafaði hún niður stigann hægt og bítandi og stóð í 4.312 stigum þegar hún hentist fram af bjargbrúninni í bankahruninu, sem hófst í enda september. Á Þorláksmessu hvarf hún svo undir 350 stigin og hafði ekki verið lægri síðan um mitt sumar 1994.

Á leiðinni að þessu dramatíska augnabliki í íslensku efnahagslífi kvöddu nokkur fyrirtæki (nöfn þeirra er í töflu hér til hliðar). Þegar bankarnir hurfu bar Úrvalsvísitalan, OMXI15, ekki lengur nafn með rentu.

Ný vísitalan verður kynnt á nýju ári og mun endurspegla þróunina. Heiti hennar verður í samræmi við það: OMXI6.

**ÞAU KVÖDDU Á ÁRINU**

| Nafn | Gengisbreyting frá áramótum* |
|---|---|
| 365 | -45% |
| Atorka | -93% |
| Exista | -98% |
| FL Group (nú Stoðir) | -55% |
| Glitnir | -100% |
| Icelandic Group | -61% |
| Kaupþing | -100% |
| Landsbankinn | -100% |
| Skipti (dvaldi stutt við) | - |
| Spron (enn í salti) | -79% |
| Teymi | -76% |
| TM | (yfirtekið ári fyrr) |
| Vinnslustöðin | 0% |

** Eða á síðasta skráningardegi. Þá er gert ráð fyrir að hlutabréf bankanna séu verðlaus.*



**FRÁ FUNDI SAMVINNUTRYGGINGAMANNA** Finnur Ingólfsson athafnamaður, fyrrverandi seðlabankastjóri og ráðherra lítur í átt til ljósmyndara. MARKAÐURINN/GVA

## Samvinnutryggingar

Allt árið var þess beðið að skilanefnd Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga lyki störfum og þeir sem þar áttu rétt fengju hluti í fjárfestingafélaginu Gift.

Um fimmtíu þúsund manns og fjölmörg fyrirtæki áttu von á hlut.

Ekki varð af því. Eignir félagsins hurfu með lækkandi hlutabréfaverði og hruni bankanna og eru skuldir félagsins talsvert umfram eignir.

Samband íslenskra samvinnufélaga hefur óskað eftir rannsókn á málefnum félagsins. Sama hefur fulltrúaráð Eignarhaldsfélagsins gert.

Upplýst var í tengslum við aðalfund SÍS að Þórólfur Gíslason, fyrrverandi stjórnarformaður Giftar, skuldbatt félagið gagnvart Kaupþingi, svo bankinn hafði mikið um eignir félagsins að segja.

Mikið var fjallað um málefni Giftar á árinu og upplýstist meðal annars að Finnur Ingólfsson, athafnamaður og stjórnarformaður Samvinnusjóðsins - sjóðs hinna dauðu - átti enn umtalsverða hluti í Icelandair, enda þótt margir héldu hið gagnstæða.

## Fasteignamarkaður í frosti

„Bankarnir eru nánast lokaðir fyrir lánum til íbúðakaupa,“ sagði Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala snemma á árinu.

Horfur í lánshæfi ríkisins versnuðu. Stýrivextir voru í mars einir þeir hæstu í vestrænu ríki og verðbólgan að vaxa. Það hafði þá þegar mikil áhrif á almenning. „Þetta er að detta inn, því miður, að lánin séu orðin jafn há og markaðsverð eignarinnar,“ sagði Guðbergur Guðbergsson, löggiltur fasteignasali. Nokkur dæmi væru um þetta og hann óttaðist að þeim ætti eftir að fjölga.

Bílasala náði lágmarki í apríl. Það var rakið til gengislækkunar. Og enn komu vondar fréttir. Seðlabankinn spáði hruni á fasteignamarkaði, um miðjan april.

„Þetta er algjörlega úr takti við það sem greiningardeildir bankanna hafa verið að spá,“ sagði Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala í apríl. „Bankarnir hafa skrúfað fyrir lán, nánast að fullu, og það hefur vitanlega mikil áhrif á eftirspurnina á markaðnum,“ sagði Gylfi Magnússon, dósent við Háskólann.

„Ömurleg tíðindi,“ sagði Hreiðar Már Sigurðsson, bankastjóri Kaupþings, í bréfi um rýmkun á lánum Íbúðalánasjóðs til að blása lífi í andvana fasteignamarkað í júní. „Það er ákaflega athyglisvert að bjargvætturinn núna verði Íbúðalánasjóður, sem bankarnir og margir í stjórnarliðinu hafa viljað feigan,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri-grænna. Ákvörðun ríkisstjórnar um þetta kom forstjóra Íbúðalánasjóðs á óvart, en félagsmálaráðherra sagði að tillögurnar hefðu verið unnar í samráði við hann.

Þegar í ágúst var fólk sem hafði keypt húsnæði án þess að hafa selt hið eldra byrjað að óska eftir frystingu á lánum. „Þetta er nokkuð algengt,“ sagði Gylfi Örn Guðmundsson hjá Íbúðalánasjóði.

Fréttir voru einnig um að lóðum í nýjum íbúðahverfum á höfuðborgarsvæðinu væri skilað í stórum stíl. Sama gerðu fjölmargir fasteignasalar við starfsleyfið.



**FULLBÚIÐ HVERFI EN FÁTT UM HÚS** Fjölmörgum lóðum hafði verið skilað til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þegar í sumar. Fasteignamarkaður hrundi og fasteignaverð var á niðurleið allt árið. MARKAÐURINN/PJETUR

# yrissjóðurinn kom



**SVARTSÝNI Á EFNAHAGSLÍFIÐ** Þrír af hverjum fjórum stjórnendum voru svartsýnir um efnahagslífið um mitt árið. Þá var þegar búið að tilkynna um mörg hundruð uppsagnir í fiskvinnslunni og framundan enn frekari uppsagnir í byggingariðnaði. MARKAÐURINN/GVA

## Svartsýni um mitt ár

Í 400 stærstu fyrirtækjum landsins telja 76 prósent stjórnenda að aðstæður í efnahagslífinu séu frekar eða mjög slæmar. Telja 22 prósent þær hvorki góðar né slæmar og einungis 2 prósent telja þær góðar, samkvæmt könnun Capacent Gallup sem birt var um mitt árið.

Vísitala efnahagslífsins miðað við núverandi aðstæður hefði aldrei verið lægri frá því að sambærilegar kannanir hófust árið 2002. Meirihluti fyrirtækjanna bjóst við óbreyttum starfsmannafjölda en um fjórðungur hugðist fækka starfsfólki. Hjá einungis 19 prósentum svarenda væri nú skortur á starfsfólki en mikill meirihluti þeirra, 81 prósent, taldi sig hins vegar hafa nægjanlegt starfsfólk.



**DAVÍÐ FÆR KRISTALSKÚLU** Davíð Oddsson seðlabankastjóri upplýsti í nóvember að hann hefði þegar í febrúar fengið bendingar um að bankarnir myndu ekki getað fjármagnað sig. Hann varð sextugur í janúar og fékk þá gefins kristalskúlu. MARKAÐURINN/EYÞÓR ÁRNASON



**MILLI STEINS OG SLEGGJU** Lárus Welding gengur í sal milli Ingimundar Friðrikssonar og Davíðs Oddssonar. Á þessum fundi var tilkynnt um yfirtöku ríkisins á Glitni. MARKAÐURINN/GVA



**KAUPÞINGSMENN Á KVÖLDFUNDI** Hreiðar Már og Sigurður Einarsson ræddu við forsætisráðherra seint um kvöld skömmu fyrir fall Kaupþings. MARKAÐURINN/STEFÁN



**ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐURINN TEKUR VIÐ** Poul Thomsen, fulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gagnvart Íslandi, útlistar efnahagsaðstoð sjóðsins á blaðamannafundi. MARKAÐURINN/ANTON

sjávarborðinu, lítur út fyrir að Ísland muni standa af sér núverandi ókyrrð," sagði Roberts Vanes í grein um íslenska bankaerfið í Acquisitions Monthly.

Nokkrum dögum síðar sigldu bankarnir inn í ísbreiðu.

„Við leggjum áherslu á að fjármálakerfið í landinu geti starfað óhindrað áfram eins og verið hefur," sagði Geir H. Haarde, þegar ríkið tók yfir 75 prósenta hlut í Glitni í lok september. Þá höfðu mikil fundahöld verið í Seðlabankanum helgina á undan. Glitnismenn höfðu leitað í Seðlabankann eftir þrautarvaraláni.

„Þessi atburðarás kemur mér verulega á óvart og er maður þó orðinn ýmsu vanur úr þessari átt," sagði Jón Ásgeir. Ákvörðun Seðlabankans um þjóðnýtingu Glitnis væri óskiljanleg og óhugnaleg. Davíð Oddsson sagði að Glitnir hefði farið í þrot innan skamms hefði þetta ekki verið gert. Markaðurinn upplýsti að hagfræðisvið Seðlabankans hefði ekki verið haft með í ráðum til að meta afleiðingar þessa.

Stoðir, stærsti eigandi Glitnis, fór í greiðslustöðvun. Hrunið var hafið.

### OKTÓBER

Lánshæfismat bankanna lækkaði í kjölfar Glitnismálsins. Davíð Oddsson mætti á ríkisstjórnarfund og vildi þjóðstjórn. Kaupþingsmenn komu til kvöldfundar í stjórnarráði.

„Krónan er orðin eins og geislavirkur úrgangur sem allir forðast að koma nálægt," sagði Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands. Gengisvísitalan fór yfir 200 stig. Erlendir bankar hættu viðskiptum með krónu.

„Ég fullyrði hér að ríkisstjórn mín mun hvergi slá af í þeirri stefnu sinni að tryggja með öllum tiltækum ráðum stöðugleika fjármálakerfisins og færa þær fórnir sem nauðsynlegar kunna að verða," sagði Geir H. Haarde, í stefnuræðu á Alþingi.

„Ég bendi á að hann er einn örfárra í Evrópu sem enn er starfandi án þess að hafa notið sérstakrar aðstoðar seðlabanka," segir Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Landsbankans, í byrjun október. Síðar kom fram að þá þegar hefði bankinn leitað eftir þrautarvaraláni.

„Ég er sannfærður um að okkur takist að halda okkar hlut og laga okkur að breyttum aðstæðum," sagði Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings.

Daginn eftir kom forsætisráðherra óvænt fram í sjónvarpi. „Sú hætta er raunveruleg, góðir landsmenn, að íslenska þjóðarbúið myndi, ef allt færi á versta veg, sogast með bönkunum inn í brimrótið og afleiðingin yrði þjóðargjaldþrot. Engin ábyrg ríkisstjórn teflir framtíð þjóðar sinnar í slíka tvísýnu, jafnvel þótt sjálft bankakerfi þjóðarinnar sé í uppnámi. Til slíks höfum við, ráðamenn þjóðarinnar, ekki leyfi. Íslenska þjóðin og framtíð hennar gengur framar öllum öðrum hagsmunum." Um kvöldið samþykkti Alþingi neyðarlögin. Fjármálaeftirlitið varð valdamesta stofnun landsins. Gengi krónunnar hrundi.

„Það gera sér allir grein fyrir því að mikil verðmæti hafa farið forgörðum síðustu sólarhringa, en ég vona að skilanefndin reyni að varðveita þau verðmæti sem eftir eru," sagði Þorsteinn Már Baldvinsson, fráfarandi stjórnarformaður Glitnis, eftir að skilanefnd tók yfir stjórn bankans.

Skömmu síðar tók skilanefnd




**VERÐBÓLGAN ÓX** „Þessi verðbólguskot eru allaf upp á við. Verðbólgan hefur farið vaxandi frá árinu 2003 í mjög föstum takti. Það væri kannski nær að tala um verðbólgustökk," sagði Gylfi Arnbjörnssn hjá Alþýðusambandinu.




**GENGIÐ HRUNDI** Enda þótt krónan fljóti nú og evran kosti rétt um 160 krónur hjá Seðlabankanum, eins og myndin sýnir, þá skráði evrópski seðlabankinn evruna á 290 krónur þriðja desember. Sú skráning stendur enn.

við Landsbankanum.

Davíð Oddsson kom í Kastljós. „Við ætlum ekki að borga erlendar skuldir óreiðumanna," sagði hann.

Bretar settu hryðjuverkalög á Landsbankann. Kaupþing féll. Atburðarás „sem enginn sá fyrir eða gat haft stjórn á," sagði Sigurður Einarsson.

Gengið var fest í rúman dag. Gjaldeyrir var skammtaður. Norrænar lánalínur voru virkjaðar. „Ég segi nú bara þó fyrr hefði verið. Þetta á að tryggja viðskipti með nauðsynlega hluti eins og lyf, olíu og, ef því er að skipta, matvæli." sagði Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra.

Nýir bankar voru stofnaðir.

Eignir peningamarkaðssjóða bankanna stórminnkuðu. Helmingur varð eftir. Öllu meira en langt í frá allt var greitt síðar.

Seðlabankinn lækkaði óvænt stýrivexti um þrjú og hálft prósentustig 15. október. Þeir voru síðan hækkaðir í 18 prósent. Þá þótti ljóst að Ísland færi að efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Tilkynnt var 24. okbóber að leitað yrði til sjóðsins. Skilyrði efnahagsaðstoðar fengust ekki birt. Margir gagnrýndu að farið væri til sjóðsins, Vinstri-græn þar fremst í flokki, en aðrir sögðu enga aðra leið í stöðunni. Willem H. Buiter, breskur hagfræðingur, greindi frá því að hann hefði lagt þetta til við stjórnvöld þegar á vormánuðum.

Fréttablaðið upplýsti að Seðlabankinn kynni að tapa hundruðum milljarða í endurhverfum viðskiptum við fallna banka. Smærri bankar eru enn á fresti til að færa Seðlabankanum veð. Sumir sögðu Seðlabankann vera tæknilega gjaldþrota.

„Ég vil ekki fegra myndina. Exista er í erfiðri stöðu," sagði Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður í lok mánaðarins. Ákveðið var að taka félagið af markaði.

### NÓVEMBER

Blásið var til rannsóknar á bankahruninu. Valtýr Sigurðsson, ríkissaksóknari, og forveri hans Bogi Nilson voru fengnir til verksins, en sögðu sig frá því vegna fjölskyldutengsla.

„Reynist það rétt að stjórn Kaupþings hafi afskrifað skuldir starfsmanna vegna hlutabréfakaupa í bankanum munu stjórnvöld sækja það fast að samningum þar að lútandi verði rift," sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra. „Þarna er ekki gætt jafnræðis heldur er greinileg mismunun í gangi. Almenni hluthafinn, sem kannski hefur tapað ævisparnaðinum eða er með lán á bakinu fyrir hlutabréfakaupunum, þarf að standa sína pligt," sagði Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis. Skattayfirvöld rannsaka málið. Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri, segir að hafi skuldir verið gefnar eftir, teljist þær til tekna.

Enda þótt sótt hafi verið um aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, stóð allt fast í þeim hefnum. „Enn sem komið er, hefur ekkert formlegt erindi borist stjórn sjóðsins," sagði Thomas Moser, fulltrúi Sviss í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Geir H. Haarde hafði skömmu áður sagt að ekki hefði verið lokið við viðbótarfjármögnun. Það mál stóð fast vegna Icesave deilunnar. Þar stóðu Evrópuríki saman um að veita ekki lán nema málið yrði til lykta leitt. Hermt var að forseti Íslands hefði skammað Breta, Svía og Dani á fundi með erlendum sendiherrum. Stjórnmálaflokkar á Alþingi tilnefndu sitt fólk í ný bankaráð.

„Málefni Stíms ehf. hafa verið til skoðunar hjá Fjármálaeftirlitinu, þar með talið lánveitingar," segir Íris Björk Hreinsdóttir, upplýsingafulltrúi Fjármálaeftirlitsins. Félagið var talið dæmi um hvernig fjármálafyrirtæki hefðu reynt að halda uppi hlutabréfaverði með leppfélögum.

Alþingi setti lög um gjaldeyrishöft, bann við fjármagnsflutningum og skilaskyldu á erlendum gjaldeyri. Þetta var gert að boði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að verja krónuna falli við flot.

### DESEMBER

Fyrsta fréttin í jólamánuðinum var um lægsta gengi krónunnar frá upphafi. Gengisvísitalan fór yfir 250 stig. Gengið hækkaði síðan við flotið. Því var lýst svo að krónan væri bæði með „kút og kork". Lilja Mósesdóttir hagfræðingur, taldi að skilaskylda á gjaldeyri skýrði tímabundna hækkun. Gengisvísitalan lækkaði ört og fór í 190 stig en undir lok ársins var hún komin aftur í yfir 220.

Fjárlög voru samþykkt. Hallinn er yfir 150 milljarðar en auk þess verður mikill niðurskurður og skattprósentan hækkuð um 1,25 prósent. Þau munu vera í samræmi við skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Tilkynnt var að sjóðurinn setti Íslendingum tilsjónarmann með aðsetur hér á landi.

Davíð Oddsson sagði í viðtali við danskt blað að hann myndi snúa aftur í stjórnmálin, yrði honum ýtt út úr seðlabankanum.

Jón Ásgeir Jóhannesson og fleiri honum tengdir voru ákærðir fyrir skattsvik. Hagar voru sektaðir um yfir 300 milljónir króna fyrir samkeppnislagabrot.

„Mér finnst þetta mikil gjafmildi," sagði Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta, um að eigendur Milestone fái áfram hlut í fyrirtækinu, eftir uppgjör, enda þótt skuldirnar séu helmingi meiri en eignir.



**RÍKASTUR UM MITT ÁRIÐ** Björgólfur Thor Björgólfsson gengur af fundi forsætisráðherra á köldu haustkvöldi skömmu fyrir þjóðnýtingu Landsbankans. Í kjölfarið fór Samson eignarhaldsfélag í þrot. MARKAÐURINN/DANÍEL RÚNARSSON

## Björgólfur ríkastur í júlí

Björgólfur Thor Björgólfsson er ennþá ríkasti Íslendingurinn. Eignir hans eru metnar á 230 milljarða. Aðrir standa ekki eins vel að vígi. Sem dæmi voru eignir Ágústs og Lýðs Guðmundssona metnar á 80 milljarða hvors um sig fyrir ári síðan. Nú eru eignir hvors þeirra metnar á 19 milljarða. Það er einungis fjórðungur af því sem þeir áttu þegar úrvalsvísitalan stóð sem hæst.

Markaðurinn, viðskiptablað Fréttablaðsins, birtir í dag lista yfir fimmtán ríkustu Íslendingana. Miklar breytingar hafa orðið í hópi þeirra sem komast á listann. Menn eins og Hannes Smárason, sem átti eignir upp á 42,5 milljarða króna fyrir ári, komast ekki á lista. Hið sama á við um Magnús Kristinsson. Hans eignir voru metnar á um 40 milljarða króna.

# Icesave:

## Ævintýri í evrum og pundum

„Við höfum fengið nokkrar fyrirspurnir um fjárhagsstöðu sjóðsins, einkum frá erlendum blaðamönnum," sagði Jónas Þórðarson, framkvæmdastjóri Tryggingasjóðs innstæðueigenda. Þessi frétt sem birtist snemma á árinu vakti ekki mikla athygli en var ef til vill fyrirboði um það sem koma skyldi. Þá var fólk byrjað að taka peninga út af Edge og Icesave. Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, staðfesti að svo væri, en bætti við að aðrir legðu inn í staðinn. „Viðskiptavinum hefur fjölgað mikið, en hver og einn leggur inn lægri fjárhæð." Síðar í mánuðinum var tilkynnt um að Icesave-reikningar yrðu opnaðir víðar en í Bretlandi. „Samkvæmt heimildum Markaðarins nema heildarinnlán á þessum reikningum nú um 800 milljörðum króna, sem kemur sér vel fyrir bankana nú þegar fátt er um fína drætti á alþjóðlegum fjármögnunarmörkuðum."

Telegraph sagði íslenska banka standa á brauðfótum og Sunday Times varaði landa sína við því í febrúar að leggja hærri upphæðir inn á íslenska innlánsreikninga en 35 þúsund pund. Á sama tíma lögðu Bretar fúlgur fjár inn á Icesave-reikninga í Landsbankaútibúinu og á Edge-reikninga í dótturfélagi Kaupþings.

Það var svo í júní að Icesave hóf göngu sína í Hollandi. „Það er miklu verðmætara að hafa 350 þúsund viðskiptavini en 100 þúsund," sagði Sigurjón í ágúst.

„Mest ræddum við hvaða lærdóm má draga af þessu stormasama ári á fjármálamörkuðum," sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra um fund sinn með Alistair Darling, fjármála- og bankamálaráðherra Bretlands. Fundurinn snerist eingöngu um að koma Icesave-reikningunum í breska lögsögu.

Það upplýstist síðar, en í millitíðinni seldi Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, sem einnig sat fundinn, öll hlutabréf sín í Landbankanum.

Landsbankinn féll í byrjun október. „Þau geta ekki bara neitað að standa í skilum," sagði Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, um íslensk stjórnvöld og innstæður Breta í íslenskum bönkum á Sky-sjónvarpsstöðinni. Hann sagði það hafa verið rétta ákvörðun að grípa til ákvæða í lögum um hryðjuverk til að kyrrsetja íslenskar eigur í Bretlandi.

Síðar var birt samtal Árna M. Mathiesen, fjármálaráðherra, við Alistair Darling, sem fram fór í síma 7. október. Þar varaði Darling meðal annars við afleiðingum af því að Íslendingar gætu ekki ábyrgst Icesave-reikninga.

„Forystumennirnir í bankanum bera auðvitað ábyrgð á því að þetta fór af stað. Menn geta ekki vikið sér undan þeirri ábyrgð í sjálfu sér," sagði Geir H. Haarde. Icesave hefði falið í sér gríðarlega áhættu fyrir Ísland. Úr þessu máli hafi orðið ein erfiðasta milliríkjadeila sem Íslendingar hafi lent í.

„Ég er þess fullviss að ef rétt verður farið með þær eignir, þá duga þær fyrir Icesave-reikningunum og gott betur," sagði Björgólfur Thor Björgólfsson í lok október.

Samist hefur um að Íslendingar greiði að lágmarki 20.887 evur fyrir hvern Icesave reikning. Sú upphæð nemur á sjöunda hundruð milljarða króna, en eignir koma á móti.

Lárus Finnbogason, formaður skilanefndar Landsbankans, sagði í desember að líkast til myndu 150 milljarðar standa út af þegar eignir hefðu verið seldar. Þá er ekki tekið tillit til fjármagnskostnaðar.



**SPURT UM ICESAVE** Erlendir blaðamenn og íslenskir spurðu margra spurninga um Icesave-reikningana á blaðamannafundum Geirs H. Haarde forsætisráðherra og Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra. MARKAÐURINN/PJETUR




**HOLLENDINGAR MINNA Á SIG** Icesave borða var veifað á knattspyrnuleik í Hollandi. Þarlendir sparifjáreigendur óttuðust um sitt. NORDICPHOTOS/AFP



**JÓN SIGURÐSSON** Jón, sem er forstjóri Össurar, segir að eigi hér á landi að starfa og hafa höfuðstöðvar stór alþjóðleg fyrirtæki á borð við Össur og Marel og bankana áður þá verði landið að sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka upp evru. Hann segir einhliða upptöku annarrar myntar gagnslitla.
MARKAÐURINN/GVA

# Línur skýrist á fyrri hluta komandi árs

**Jón Sigurðsson**, forstjóri stoðtækjaframleiðandans Össurar, er maður ársins í viðskiptalífinu 2008 í kosningu Markaðarins. „Jón hefur stýrt fyrirtækinu vel og fest það sessi sem helsta stoðtækjafyrirtæki heims," er meðal þess sem um hann segir í tilnefningum. *Óli Kristján Ármannsson* settist niður með Jóni og ræddi við hann um fyrirtækið, efnahagslífið og framtíðina. Jón segir Evrópusambandsaðild verða að komast á dagskrá, auk þess sem búa verði þannig um hnútana að alþjóðleg stórfyrirtæki fái hér starfað. Að öðrum kosti fari þau annað. Um þá þróun kunni næstu mánuðir að ráða úrslitum.

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, stendur fyrir það sem farsæll stjórnandi á að gera. Allar ákvarðanir sem hann tekur aðlagar hann að stefnu fyrirtækisins til langs tíma gagnstætt því sem algengt er á Íslandi. Hann fer ekki hátt með himinskautum þegar vel gengur en stendur í lappirnar þegar blæs í móti. Össur er að skila einu besta ári í sögunni mitt í kreppunni á grundvelli langtímastefnu sem er til mikillar fyrirmyndar. Aukinheldur þykir Jón með betri yfirmönnum og helst vel á lykilfólki. Jón Sigurðsson er viðskiptamaður ársins að mínu mati," segir einn af álitsgjöfum Markaðarins, enda fór það svo að Jón varð fyrir valinu.

Í umsögnum kemur einnig fram að Jón hafi lagt mikla áherslu á gildi og hugmyndafræði í uppbyggingu fyrirtækisins þar sem saman fer góður árangur og viðleitnin til að láta gott af sér leiða vegna eðlis þeirrar vöru og þjónustu sem Össur hafi að bjóða. Þá hafi frammistaða Ólympíufaranna sem nýti sér stoðtæki Össurar verið frábær.

Jón er þó sjálfur hógvær að vanda þegar að því kemur að meta eigin stöðu og fyrirtækisins í ljósi þessa vals á manni ársins í viðskiptalífinu 2008. „Kannski er orðið fátt um fína drætti á þessum síðustu og verstu tímum," gantast hann, en kveðst um leið ánægður með að hafa orðið fyrir valinu. „Við erum ánægð með stöðu og þróun fyrirtæksins og þann árangur sem náðst hefur."

### FINNA LÍTIÐ FYRIR KREPPUNNI

Jón segir langtímaárangur hins vegar skipta mestu máli fyrir Össur. „Við fylgjum fastri stefnu og þessi áföll sem núna ríða yfir heiminn breyta henni ekki í raun. Eðlilega mun þó ytri vöxtur væntanlega minnka, en það hefur ekki bein áhrif á rekstur fyrirtækisins. Össur er vel fjármagnað fyrirtæki og við erum að greiða niður skuldir. Greiðsluflæðið er mjög sterkt og það er jú það sem skiptir máli í árferði sem þessu," segir Jón, en kveðst þó tæpast trúa því að samdráttur í heiminum í kjölfar áfalla í fjármálaheiminum muni engin áhrif hafa á fyrirtækið. „Við erum jú í alheimskreppu, en um leið er alveg ljóst að við finnum minna fyrir þessu en flestir aðrir." Hann bendir á að landfræðilega sé starfsemi Össurar mjög dreifð, en fyrirtækið starfar í einum fjórum heimsálfum, Norður-Ameríku, Evrópu, Asíu og Eyjaálfu, auk þess sem fyrirtækið búi að mjög dreifðri vörulínu. „Hins vegar er þetta allt inni á sama markað, en nánast allar okkar vörur eru gegn um endurgreiðslukerfi af einhverju tagi. Notendur borga fyrir mjög lítinn hluta af vörum okkar, heldur eru það fremur tryggingafélög eða ríkisstjórnir sem greiða, eða endurgreiða sjúklingum kostnað."

Þá segir Jón að þótt Össur standi í fremstu röð í framþróun á sviði stoðtækja þá standi sala fyrirtækisins ekki og falli með nýjustu og dýrustu tækni. Ef gripið er til líkinga úr bílamáli þá er „Porche" ekki nema lítill hluti vörulínunnar. „Það vill gleymast í umræðunni. Þótt „Porchinn" sé á forsíðunum þá er 90 prósent af vörulínu fyrirtækisins eitthvað annað."

### VERULEG VANDKVÆÐI FYRIR ALÞJÓÐAFYRIRTÆKI HÉR

Jón hefur hins vegar greinilega meiri áhyggjur af þróun mála hér heima fyrir hvað varðar rekstrarumhverfi stærri fyrirtækja eftir nýliðna atburði í efnahagslífi þjóðarinnar. „Að mörgu leyti höfum við verið mjög ánægð með umhverfið sem Össuri hefur hér verið búið. Skattar eru lágir á fyrirtæki og stjórnvöld hafa á margan hátt sýnt atvinnulífinu skilnins. En núna er hins vegar svo komið að það er verulegum vandkvæðum bundið að reka alþjóðafyrirtæki á Íslandi." Þar segir hann aðallega koma til áhrif af gengiskreppunni, en ekki megi gleymast að yfir 40 prósent hluthafa Össurar séu erlendir. „Þeir eru núna brunnir inni með sína fjármuni hér á Íslandi og vita í rauninni ekki sitt rjúkandi ráð. Það er okkar helsta áskorun um þessar mundir," segir Jón og bætir við að þar ofan á bætist að þótt fyrirtækið eigi nú um margt gott samstarf við Nýja Kaupþing þá sé óvíst að sá banki geti verið aðalbanki fyrirtækisins þegar til lengri tíma sé litið. „En svo getur líka vel verið að bankinn stækki, en það verður að koma í ljós."

Á fyrri hluta næsta árs telur Jón að þurfi að liggja fyrir hvaða umhverfi fyrirtækjum á borð við Össur verði boðið upp á hér á landi. Hann segir ljóst að fyrirtæki sem hafi megnið af starfsemi sinni utan landsteinanna ekki fá búið við núverandi ástand og bendir á að innan við hálft prósent af tekjum Össurar eigi uppruna sinn innanlands. „Slík starfsemi getur ekki farið fram í landi þar sem gjaldeyrishöft eru jafnvíðfem og á Íslandi í dag," segir hann, en kveðst þó ekki vilja deila á setningu gjaldeyrishaftanna sem sjálfsagt hafi verið nauðsynleg í ljósi aðstæðna.

### ÖSSUR ÞARF AÐRA MYNT

„Ég held það sé hins vegar alveg ljóst að við verðum að tengjast einhverju stærra gjaldmiðlasvæði og þar tel ég evruna vera eina kostinn," segir Jón og telur að að öðrum kosti muni fyrirtæki sem séu alþjóðleg í eðli sínu fara úr landi. „Nú er ég ekki að spá því að við munum gera það og vona að til þess muni ekki koma. Við höfum náttúrulega einhvern aðlögunartíma og þótt útlitið sé svart núna þá held ég að við komumst fyrr út úr þessu ástandi en við gerum okkur grein fyrir."

Þegar árið 2003 segir Jón að Össur hafi farið fram á að fá að skrá hlutabréf sín í erlendum gjaldmiðli, en það leyfi hafi hingað til ekki fengist og sé það mjög miður. „Það er erfitt að benda á einn umfram annan sem staðið hafi á móti því. Þetta hefur hins vegar alltaf verið eins og að berjast við tvíhöfða þurs að fást við kerfið í þessu máli. Við hins vegar mættum miklum skilningi stjórnvalda þegar að því koma að gera upp í erlendri mynt og áttu að ég tel mestar þakkir skildar þar Valgerður Sverrisdóttir og Geir Haarde. Þegar hins vegar kom að því að færa hlutafé í erlendri mynt svo fyrirtækin mættu vera hér til langs tíma þá mætti það ekki skilningi, hverju sem sætir."

Gjaldmiðillinn er hins vegar að mati Jóns helsti ásteytingarsteinninn í að skapa fyrirtækjum með alþjóðlegan rekstur ásættanlegt rekstrarumhverfi hér á landi. „Nú vitum við ekki hvað við komumst hratt út úr þessari gjaldeyriskreppu," segir hann og telur að ástandið hafi kastað mikilli rýrð á Ísland sem vænlegt land til fjárfestinga. „Taka mun mörg ár að komast út úr því og verður erfiðara að fá erlenda fjárfesta að íslensku atvinnulífi nema að til komi ákveðin stefnumótun í hvernig við ætlum að haga hér málum í framtíðinni, svo sem ef fyrir lægi ákvörðun um að taka hér upp evru og ganga í Evrópusambandið."

### ERUM RÍK OG SVELTUM EKKI

Þá er Jón vantrúaður á að hægt verði að leysa úr gjaldeyrisvanda þjóðarinnar öðru vísi en með samningaleiðinni. „Ég er náttúrulega enginn sérfræðingur, en á erfitt með að sjá að við getum tekið hér einhliða upp aðra mynt, án þess að tengjast með myntsamráði með formlegum hætti. Gjaldmiðill er náttúrulega ekki annað en lítið skuldabréf á stjórnvöld viðkomandi lands og erfitt að sjá að hægt verði að koma bakdyramegin inn í gjaldeyrissamband. Hugsanlega væri hægt að taka upp dollar, en það þýðir þá að við höfum ekkert á bak við okkur." Jón telur jafnframt að minni gjaldmiðlar komi til með að eiga undir högg að sækja og bendir á að núna halli á stærri gjaldmiðla en krónuna, svo sem breska pundið og svissneska frankann. „Samt er allt betra en krónan," segir hann kankvís.

Dæmi einhliða upptöku Svartfjallalands á evru segir Jón vera slæmt. „Svartfjallaland var að brotna undan annarri ríkisheild og af pólitískum ástæðum vildu þeir ekki vera í myntsamstarfi við þá sem þeir álitu kúgara sína fyrrverandi. Þá blandast í að þeir voru búnir að taka að einhverju leyti upp þýska markið og kemur þar líka inn ákveðinn sameiginleg sektarkennd Evrópusambandsins vegna ástandsins á Balkanskaganum yfir höfuð. Að bera þetta saman við Ísland, sem þrátt fyrir allt er þróað hagkerfi þar sem býr rík þjóð. Það hefur enginn samúð með okkur hvað það varðar. Við sveltum ekki og höfum það ágætt þannig lagað."

Jóni þykir því tal um einhliða upptöku annarrar myntar vera til að drepa málum á dreif, en áréttar um leið að vitanlega tali hann um þessi mál út frá þröngum hagsmunum þeirra fáu fyrirtækja hér á landi sem talist geta alþjóðleg. „Til lengri tíma litið munu þessi félög fara úr landi, þótt það verði ekki alveg á næstunni. En núna eigum við eftir að sjá hvernig þessi gjaldeyrishöft munu leika okkur."

Hvað næsta ár varðar kveðst Jón vera nokkuð bjartsýnn. „Spurningin er hversu stór og þung þessi alþjóðakreppa verður. Við teljum okkur hjá Össuri hafa einna besta möguleika á að komast frá henni eins ósködduð og hægt er. Fjárhagur félagsins er góður, greiðsluflæði mikið og hagnaður góður," segir Jón og leggur sérstaka áherslu á orðið „góður" í þessu samhengi. „Það er hugtak sem við ættum kannski að temja okkur í meira mæli í framtíðinni og velta fyrir okkur hvaðan hagnaðurinn er kominn. Enskurinn talar um *quality of earnings*, eða gæði hagnaðarins, hvort hann byggi á traustum grunni." Þótt Össur hafi líka hagnast á eignasölu þá segir Jón langmestan hluta hagnaðarins til kominn af sölu á þeim varningi sem fyrirtækið þrói sjálft og framleiði. „Þessa hluti tekur langan tíma að þróa og langan tíma tekur að byggja upp markaði. Þar af leiðandi tekur vonandi langan tíma að missa það aftur. Þarna spretta gæðin og gæði félagsins. Góðir hlutir gerast hægt," segir Jón og vitnar í visku viðskiptajöfra vestanhafs sem haft hafa eftirfarandi á orði: *Overnight success takes about ten years*. „Og þannig á þetta að vera," segir hann.

### SAMÞJÖPPUN FYRIRSÉÐ

Össur starfar í samkeppnisumhverfi, en Jón segir fyrirtækið næststærst í framleiðslu stoðtækja, en í þriðja til fjórða sæti hvað stuðningstæki varði. „Það á hins vegar mikil samþjöppun eftir að eiga sér stað á þessum markaði. Hún hefur náttúrlega staðnað núna og gerir það meðan þessi fjármálakreppa varir, en svo heldur hún áfram og við verðum vel í stakk búin til að taka þátt í henni þegar tekur að hægjast um á fjármálamörkuðum." Hann segir hins vegar ljóst að nokkur tími muni líða þar til þetta ferli hefst á ný, jafnvel tvö ár. „En okkur liggur í sjálfu sér ekkert á. Við erum með fínt fyrirtæki og gengur ágætlega og búum okkur bara undir komandi tíð."

Fyrirtækið er líkt og áður segir með starfsemi sína nokkuð dreifða um heiminn og segir Jón engra stórbreytinga að vænta. Hann segir þó verið að hagræða í framleiðsluferlinu. „Við erum á óþægilega mörgum stöðum, sem kemur af öllum þessum fyrirtækjakaupum og erum að samhæfa þennan rekstur eins hratt og við treystum okkur til gagnvart kostnaði, því hann er allnokkur þótt sparnaður komi á móti. En auðvitað þarf að gera þetta allt í réttri röð." Þannig segir hann efnahagskreppu heimsins á nokkurn hátt vinna með fyrirtækinu sem sinnt geti innri málum án þess að þurfa að slást í miklum yfirtökum og samrunum á meðan. „Okkur veitir ekkert af þessu andrými og við nýtum það bara vel."

Hvað skuldastöðu varðar segir Jón Össur vera í ágætri stöðu og vafamál hvort eftirsóknarvert sé fyrir fyrirtæki í rekstri að greiða niður allar sínar skuldir. „Ætli við værum ekki í um þrjú ár að greiða niður allar okkar skuldir," segir hann og tekur undir að vissulega sé það um margt öfundsverð staða að geta greitt niður skuldir sínar á ekki lengri tíma. „En í þessari stöðu þurfa fyrirtæki náttúrlega að vera. Þótt menn geti endalaust fengið lán þá er ekki víst að endilega sé rétt að gera það."

### ÖSSUR ER ÚTRÁSARVÍKINGUR

Útrásarvíkingur er nokkurs konar skammaryrði um þessar mundir eftir hrakfarir bankanna og sumra fjárfestingarfyrirtækja sem farið hafa mikinn á síðustu árum. Fyrirtæki á borð við Össur og Marel og forsvarsmenn þeirra hljóta samt líka að falla í þennan flokk útrásarvíkinga og því samsinnir forstjóri Össurar. „Ég hef samt aldrei skilið þessa svokölluðu útrás, í sjálfu sér. Við erum bara í viðskiptum og sinnum þeim þar sem þau eru hagkvæm innan okkar markaðar. Út úr þeim markaði höfum við aldrei farið, þekkjum hann út og inn og ætlum okkur ekki annars staðar að vera."

Jón segir útrás sem slíka aldrei hafa verið markmið í sjálfu sér hjá Össuri og vissulega væri þæglegra að geta bara verið í Reykjavík og losnað við þau miklu ferðalög og annað umstang sem fylgir alþjóðlegum umsvifum. „Það er hins vegar ágætt að halda því hér til haga að við höfum notið þess að gamla Kaupþing var okkar banki og studdi við okkur með ráðum og dáð. Af þeim banka er mikil eftirsjá fyrir okkur og við verðum að koma okkur upp öðrum bandasamböndum. Margt var mjög vel gert og þyngra en tárum taki hvernig fór. Hina bankana þekki ég ekki og legg ekki mat á þá, en Kaupþing held ég hafi verið mjög góður banki, þótt kannski séu fáir sem sjá það núna. Bankinn á hins vegar bæði þakkir og heiður skilinn fyrir að standa dyggilega við bakið á okkur."

### ÖSSUR STARFAR UM ALLAN HEIM




Össur skiptir heiminum í þrennt í greiningu á starfseminni eftir heimshlutum, en hún fer raunar fram í fjórum heimsálfum, Norður-Ameríku, Evrópu, Asíu og Eyjaálfu. Líkast til felst í skiptingunni að starfsemin geti vaxið enn án þess að hafi áhrif á heimshlutaframsetninguna.

Í skiptingu Össurar á heiminum langsum niður hnöttinn falla N- og S-Ameríka í Ameríkuflokkinn; Evrópa, Mið-Austurlönd og Afríka í svokallaðan EMEA-flokk; og undir Asíuflokk falla bæði Asía og Eyjaálfa.



*Óskum landsmönnum öllum gleðiríkrar hátíðar og farsældar á nýju ári.*

Starfsfólk Norðuráls

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 44589 12/08




HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ




VIÐ KYNNUM:

## NÝTT FARRÝMI, NÝ SÆTI, NÝTT AFÞREYINGARKERFI

Við þekkjum öll tilfinninguna að koma heim.
Setjast í stólinn sinn eða sófann, kveikja á lampanum, sjónvarpinu, tölvunni eða taka upp bók.
Það var þessi tilfinning sem við höfðum í huga við breytingar á flugflota Icelandair: Við bjóðum þrjú farrými, Economy Class, Economy Comfort, sem er nýtt farrými, og Saga Class. Við fækkuðum um eina sætaröð svo að nú er rýmra um alla farþega. Á öllum farrýmum eru ný leðursæti með meira plássi fyrir fæturna og nýtt afþreyingarkerfi þar sem boðið er upp á fjölbreytt úrval af nýlegum kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Við vildum gera flugferðina að öðru og meira en því að komast á milli staða.

Það var þannig sem við hugsuðum það.
Verið velkomin um borð.

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

# Erlendur *annáll* 2008

Árið sem nú er að líða er eitt hið erfiðasta í manna minnum. Alþjóðlegir hagvísar benda til að enn eigi eftir að harðna í ári. Menn eru margir sammála um að næsta ár muni einkennast af aðlögun að breyttu umhverfi. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* fór yfir markverða atburði ársins.

Nokkrir aðskildir þættir mynda þá efnahagskreppu sem einkennt hefur síðastliðið eitt og hálft ár.

Almenna skýringin er að erfiðleikarnir hafi byrjað í Bandaríkjunum í fyrra þegar fasteignabólan sprakk þar í landi. Við verðfallið lentu fasteignaeigendur í erfiðleikum með afborganir af húsnæðislánum. Gjaldfelling lána ól svo af sér afskriftir hjá bandarískum fjármálafyrirtækjum. Við það fóru af stað dómínó-áhrif sem flestir þekkja.

Ritstjóri breska vikuritsins Economist fer ekki í grafgötur um, í nýlegu í sérriti, að útlitið sé svart á næsta ári. Að hans mati mun ný dögun renna upp eftir næsta ár.



FJÁRMÁLAGEIRINN KVADDUR Starfsmaður Lehman Brothers yfirgefur höfuðstöðvarnar með hafurtask sitt í pappakassa í september. Myndin er samnefnari um stöðuna í fjármálageiranum á árinu. MARKAÐURINN/AFP

### JANÚAR

Árið var beint framhald af því sem á undan var gengið. Óvissa um horfur í efnahagsmálum stærstu þjóða heims vofði áfram yfir.

Verð á hrávöru hélt áfram að hækka. Steininn tók úr í byrjun árs þegar verðið steig til himna. Verð á hráolíufati rauf hundrað dala múrinn og verð á gulli rauk í methæðir. Þótt mörgum hafi þótt nóg um áttu nýjar upphæðir eftir að líta dagsins ljós.

Þá lét undirmálslánadraugurinn áfram að sér kveða. Skrattinn sá hafði svo um munaði grafið um sig í hugum manna og traustið var á brauðfótum.

Bandaríski seðlabankinn brást skjótt við og lækkaði stýrivexti niður í 3,5 prósent. Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, átti eftir að koma mun oftar fram úr sínum Svörtuloftum og tilkynna um aðgerðir bankans til að sporna gegn hremmingum á fjármálamörkuðum.

Þó voru bjartar stundir á milli. Íbúar Kýpur og Möltu fögnuðu innleiðingu evrunnar í byrjun ársins. Við það voru evrulöndin orðin fimmtán. En íbúar Simbabve voru eins langt frá því að hugleiða evruupptöku og hugsast getur. Simbabve-dollarinn varð næsta verðlaus í mánuðinum þegar verðbólga þar í landi skaust í fyrsta sinn í 150.000 prósentin.

Sérfræðingar segja landið rjúkandi rúst.

Svipað má segja um atvinnuhorfur Jérômes Kerviel, franska verðbréfamiðlarans hjá franska stórbankanum Société Générale. Sá franski reyndist hafa fjárfest langt umfram heimildir í nafni bankans með skelfilegum afleiðingum: tapi upp á 4,9 milljarða evra. Við þetta varð Nick Leeson, einn þekktasti verðbréfaskúrkur heims, líkastur leikskólabarni í samanburði. Kerviel missti samstundis starfið. Sama máli gegndi um bankastjórann. Nú er aldrei að vita nema Kerviel birtist óforvarandis eftir þrettán ár sem framkvæmdastjóri fransks knattspyrnuliðs líkt og Leeson á Írlandi.

### FEBRÚAR

George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, greindi frá methalla í fjárlögum í febrúar, heilum 410 milljarða dala mínus, sem er hvorki hægt að stæra sig af né umreikna í íslenskar krónur sökum gjaldeyrishafta og misgengis hér.

Efnahagslífið batnaði vitanlega lítið við þetta og varð úr að bandarískir þingmenn samþykktu að senda landsmönnum ávísanir í pósti upp á 168 milljarða dala samanlagt með það fyrir augum að fá þá til að taka upp veskið.

### MARS

Marsmánuður var dramatískur í meira lagi.

Bandaríski öldungurinn Warren Buffett mun líklega minnast mánaðarins svo lengi sem hann lifir en þá var hann krýndur ríkasti maður heims á síðum bandaríska tímaritsins Forbes. Ekki liggur þó nákvæmlega fyrir hve metið stóð lengi. Bæði skar fjármálakreppan hratt í auð milljarðamæringsins auk þess sem mexíkóski auðkýfingurinn Carlos Slim tiplaði við hásætið.

Þrátt fyrir að sá gamli hafi glaðst er vart hægt að segja það sama um stjórnendur og hluthafa bandaríska bankans Bear Stearns. Þrátt fyrir að stjórnendur hafi hrist höfuðið og ekki kannast ekki við arfaslæma stöðu var svo komið um miðjan mánuðinn að bankinn neyddist til að sækja um neyðarlán. Tveimur dögum síðar sneru lánardrottnar við honum baki og óttast var að hann færi á hliðina. Slíkt hefði afdrifaríkar afleiðingar fyrir bandarískt efnahagslíf, að mati ráðamanna vestanhafs. Afráðið var að JP Morgan Chase-bankinn keypti keppinautinn með manni og mús fyrir sama og ekkert.

Um svipað leyti var ljóst að bandarískur bankaheimur hafði orðið fyrir verulegum skakkaföllum af völdum fjármálakreppunnar. Því varð bandaríski seðlabankinn að gefa í ætti að bjarga fjármálarisum á brauðfótum.

Aðrar ríkisstjórnir tóku til sömu ráða. Vandræðin áttu bara eftir að aukast

### APRÍL

Einstaka ráðamenn gerðu tilraun til að hefja rannsókn á tildrögum fjármálakreppunnar og afleiðingum hennar. Í Bretlandi var ákveðið að rannsaka hrun og kaup ríkisins á hinum breska Northern Rock auk þess sem Robert Zoellick, forstjóri Alþjóðabankans, krafðist þess að skoðuð yrði verðþróun á hrávörumarkaði. Skyldi nú rýnt í hverja gullstöng, hvern olíudropa, hvert hrísgrjón… Óvíst er um niðurstöður en bankinn ákvað að leita ráða til að þrýsta verðinu niður.

Bandaríski seðlabankinn lagði lóð sín á vogarskálarnar enn á ný samhliða öðrum aðgerðum. Stýrivextir bankans fóru niður í tvö prósent.

### MAÍ

Samstilltar aðgerðir seðlabanka víða um heim gegn fjármálakreppunni skiluðu litlum árangri. Sá bandaríski hóf að gefa út ríkisskuldabréf með lágum vöxtum til að blása lífi í millibankamarkað í andarslitrum.

Aðgerðir sem þessar skiluðu sér hægt til almennings, sem varð að gera sér að góðu himinhátt verð fyrir brauðhleif og rándýrt eldsneyti í skugga hráolíuverðs yfir 120 dölum á tunnu.

Dýrtíð og mikil aukning á atvinnuleysi víða um heim samfara harkalegum þrengingum skilaði sér í einu: samdrætti.

### JÚNÍ

Þótt sól væri nú hátt á lofti var það sama ekki hægt að segja um efnahagslíf stærstu þjóða heims. Enn loguðu eldar í efnahagsreikningum stærstu banka heims auk þess sem eigið fé húseigenda fuðraði upp í verðfalli á fasteignamarkaði.

Frændur okkar Írar horfðu skjálfandi ofan í dökkan Guinnes-inn þegar hagfræðistofnun þar í landi lýsti yfir að kreppa væri handan við hornið í fyrsta sinn í aldarfjórðung. Samkvæmt spánni batnar ástandið á nýju ári og verður lífið samkvæmt dagskrá ári síðar.

### JÚLÍ

Stjórnendur bandarísku kaffistofukeðjunnar Starbucks sáu svart í bókhaldinu í sumarhitanum í júlí. Í kjölfarið var beltið hert, sex hundruð stöðum lokað og starfsfólki sagt upp.

Mánuðurinn var örlagaríkur fyrir fleiri dropa en þá sem liggja í bollum Starbucks. Heimsmarkaðsverð á hráolíu rauk í methæðir á ný í þessum líka steikjandi hita og urðu áhugasamir að punga út rúmum 147 dölum áður en þeir stungu olíutunnunni í skottið á bílnum og fræstu út á næstu olíuhreinsunarstöð. Annað eins verð hafði ekki sést síðan Adam hitti Evu í Paradís – og bókstaflega syndsamlegt. Eftir þetta varð ekki hærra komist og tók dropinn að leka í kjölfarið. Bílaframleiðendur fengu skell við þetta enda höfðu fáir orðið ráð eða áhuga á að kaupa bensínspúandi sportjeppa, skrímsli sem fyrirtækin höfðu sett allt á að framleiða í góðærinu. Við þeim leit enginn þegar að kreppti.

Lækkunin var raunar í takti við verðþróun annarrar hrávöru, svo sem hveitis og áls, sem margir landsmenn hafa nú lagt traust sitt á eftir bankahrunið.

### ÁGÚST

Heimsbyggðin lá yfir Ólympíuleikunum í Kína í ágúst og gerðist fátt á meðan – sem sumir segja gott, en var í raun lognið á undan storminum.

Olíuverð seig hægt og bítandi niður úr methæðum, hrávöruverð fór sömu leið og allt virtist á leið í rólegheit fyrir haustið.

Stjórnendum bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers var legið á hálsi að hafa tapað háum fjárhæðum vegna afskrifta á hlutabréfum og öðrum fjármálavöndlum sem tengdust bandarískum fasteignalánum og voru nú orðin nær verðlaus. Bankinn væri nær dauða en lífi. Því vísaði Richard Fuld, forstjóri bankans, þráfaldlega á bug. Hafa ber í huga að hann er nú það sem kallast fyrrverandi forstjóri bankans. Hvað svo sem forstjórinn sagði er ljóst að Lehman Brothers tapaði háum fjárhæðum vegna afskrifta og sat uppi með illseljanlegar eignir.

Ákveðið var að grípa til aðgerða og selja stóran hlut til erlendra fjárfesta. Kóreski þróunarbankinn, af öllum, beið á hliðarlínunni.

### SEPTEMBER

Nú stefndi allt í hnút í bandarísku fjármálalífi og urðu stjórnvöld að taka á honum stóra sínum. Eitt ráðanna var að stinga hálfopinberu fasteignalánarisunum Fannie Mae og Freddie Mac þangað sem þau voru í upphafi – í vasa hins opinbera.

Enn átti eftir að landa samningum við Kóreumenn um kaup á Lehman Brothers. Hvorki bandaríski seðlabankinn né aðrir höfðu áhuga á fyrirtækinu. Fátt beið handan horns nema greiðslustöðvun.

Þetta reyndist stærsta gjaldþrot í sögu Bandaríkjanna. Ef ekki það afdrifaríkasta en við það kipptu fjárfestar að sér höndum hvaða nafni sem þeir nefndust.

Það var svo fyrst eftir gjaldþrotið sem áhugasamir fjárfestar komu úr skugganum og kíktu á góssið. Nokkrir keyptu fyrir slikk. Breski bankinn Barclays keypti starfsemi fyrirtækisins í Bandaríkjunum en japanski fjármálarisinn Nomura tók rest.

Fjármálaheimurinn nötraði.



HERRA DÓMSDAGUR FRAMAN VIÐ SVARTNÆTTIÐ Hagfræðingurinn Nouriel Roubini, sem hefur auknefnið Herra Dómsdagur. Hrakspár hans um efnahagslíf heimsins gengu að nokkru leyti eftir á árinu. MARKAÐURINN/AP

## *Dómsdagsspárnar rættust*

Hagfræðingurinn Nouriel Roubini kom af krafti inn í efnahagsumræðuna á árinu. Bandaríski ofurfjárfestirinn og öldungurinn Warren Buffett, sem kallaður hefur verið Goðsögnin frá Omaha (samanber heimabæ hans í Nebraska-ríki) fyrir glöggskyggni sína á þróun fjármálamarkaða, lýsti því yfir í haust að gengi hlutabréfa í Bandaríkjunum væri langt undir því sem eðlilegt væri. Hann hafi því tekið upp veskið og keypt hlutabréf fyrir eigin pening. Roubini var ósammála og taldi aðstæður eiga eftir að versna. Buffett hafi verið of fljótur að taka upp veskið.

Raunar má telja Buffett til tekna að hann horfir langt fram í tímann og lítur ekki á fjárfestingar sem skammtímakaup. Hann fagnaði 78 ára afmæli í ágúst síðastliðnum.

Roubini er prófessor í hagfræði við New York-háskóla í Bandaríkjunum og hefur um nokkurra ára skeið skrifað varnaðarorð um stöðu efnahagsmála vestanhafs, hættu af vexti undirmálsútlána og auknar líkur á að bandarísku fasteignalánasjóðirnir Fannie Mae og Freddie Mac kynnu að fara í þrot.

Þá varaði Roubini við aðsteðjandi hættu á samspili kostnaðarverðbólgu (e. stagflation) og verðhjöðnunar (e. deflation) í byrjun árs.

Í kostnaðarverðbólgu hækkar hrávöruverð, svo sem vegna framboðsskells, á sama tíma og þensla er engin. Hættan er því mikil verðbólga án þenslu (e. stag-deflation).

Ástand sem þetta kallast á stundum martröð stjórnvalda og hefur varað hér á landi um nokkurt skeið þótt hljótt hafi farið.

Svartsýnisspá Roubinis rættist að mestu vestanhafs eftir því sem leið á árið og er nú svo komið að hana má merkja víðar.

Sama dag og bandaríski seðlabankinn næsta núllstillti stýrivexti fyrir um hálfum mánuði skrifaði Roubini á vef sinn, RGE Monitor, um þá stöðu sem upp er komin í heimshagkerfinu. Seðlabankar heimsins hafi fram til þessa verið lánveitendum til þrautavara. En nú sé svo komið að þeir séu einu lánveitendurnir. Að sama skapi hafi samdráttur í einkaneyslu víða um heim valdið því að ríkisstjórnir geti ekki treyst því að neytendur hafi burði til að halda hagkerfinu gangandi og verði að sjá um það sjálfar. Þetta á þó væntanlega við um bandaríska hagkerfið umfram annað þar sem hagvöxtur þar er mjög neysludrifinn.

Helstu spádómsvísar Roubinis eru þeir að flest hagkerfi í heiminum muni brotlenda harkalega á næstunni. Sum verr en önnur en allt fari eftir peningamálastjórn hvers lands fyrir sig hvernig þróun verði. Nauðsynlegt sé að ríkisstjórnir haldi vel um hagstjórnartauma og leiti sér hjálpar í tæka tíð reki í nauðir, svo sem til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS).

Roubini telur þó líkur á að helstu stjórntæki sem seðlabankar hafi notað fram til þessa muni ekki virka vel við þær aðstæður sem nú séu upp komnar. Grípa verði til annarra aðgerða til að auka magn fjármagns í umferð en breytinga á stýrivöxtum.

Á meðal þeirra óhefðbundnu aðgerða eru kaup seðlabanka á verðlausum eignum banka- og fjármálastofnana (svokölluð eiturbréf) og útgáfa ríkisskuldabréfa. Þar hefur bandaríski seðlabankinn staðið sig betur en aðrir, að mati Roubinis. Aðrir seðlabankar, svo sem í Evrópu og Asíu, hafi brugðist seint og illa við þeirri vá sem hagkerfin stóðu frammi fyrir. Slíkt geti dregið kreppuna á langinn.



NÓBELSVERÐLAUNAHAFINN Paul Krugman tekur hér við Nóbelsverðlaunum í hagfræði úr hendi Gústafs Svíakonungs í Stokkhólmi 10. desember síðastliðinn. MARKAÐURINN/AFP

## *Gleyminn Nóbels-verðlaunahafi*

Bandaríski hagfræðingurinn Paul Krugman hlaut Nóbelsverðlaunin í hagfræði í ár. Krugman, sem er prófessor við Princeton-háskóla, er þekktur álitsgjafi um efnahagsmál í bandarískum fjölmiðlum, dálkahöfundur bandaríska dagblaðsins New York Times og heldur úti vinsælli bloggsíðu fyrir jafnt lærða sem leikmenn um hugðarefni sín. Yfirskrift síðunnar er: „Samviska jafnaðarmanns.“

Nóbelsverðlaunin hlaut Krugman fyrir kenningar sínar um hnattvæðingu, alþjóðaviðskipti og skýringar á því af hverju fá iðnríki hafa ráðandi stöðu í þeim.

Krugman hefur nokkrum sinnum fjallað um Ísland í pistlum sínum en í vor tók hann undir hugmyndir manna um að vogunarsjóðir stæðu að baki veikingu krónunnar. Þá sagði hann sömuleiðis að bandarísk stjórnvöld ættu að fara að fordæmi Íslendinga við þjóðnýtingu Glitnis og þjóðnýta bankastofnanir í vanda frekar en að kaupa eiturbréf þeirra og leggja þeim til aukið fé með öðrum hætti.

Krugman var einn af leiðbeinendum Gauta B. Eggertssonar, hagfræðings við bandaríska seðlabankann og sérfræðings í kreppukenningum, þegar hann var við nám í Princeton.

Krugman vitnaði til nýlegrar greinar Gauta í einum pistla sinna á vefnum í jólamánuðinum. Greinin fjallaði um aðgerðir Roosevelts Bandaríkjaforseta gegn kreppunni miklu árið 1933.

Líkt og Gauti segir sjálfur frá voru aðgerðir bandarískra stjórnvalda í raun þensluhvetjandi við þær sérstöku aðstæður sem skapast höfðu við almennt verðfall þegar vextir eru núllstilltir. Aðstæðurnar eru ekki ósvipaðar þeim sem nú eru komnar upp vestra og virðist verða raunin víðar um heim.

Um Krugman segir Gauti á vefsíðu sinni: „Hann er skemmtilegur maður, en það var ákaflega erfitt að hitta hann, því hann gleymdi yfirleitt öllu því sem við hann var sagt. Þar á meðal fundartímum. Og reyndar doktorsvörninni minni líka!“




BALLIÐ BÚIÐ, BLESS Starfsmenn Bear Stearns yfirgefa höfuðstöðvar bankans í síðasta sinn eftir að JP Morgan keypti bankann. MARKAÐURINN/AFP

## *Bankarisar hurfu í sögubækur*

Fjöldi banka og fjármálafyrirtækja, jafnt risar sem smábankar, hvarf í sögubækurnar á árinu.

Fyrsta fórnarlamb lausafjárkreppunnar var Bear Stearns, einn umsvifamesti fjárfestingarbanki heims.

Bandaríska tímaritið Vanity Fair birti ítarlega og dramatíska lýsingu á síðustu dögum bankans í mars. Þar kemur fram að stjórnendur hans hafi allt fram á síðasta dag haldið á lofti traustri fjárhagslegri stöðu hans og ítrekað vísað váboðum á bug. Eftir stíf fundahöld með Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, og seðlabankamönnum varð ofan á að bandaríski bankinn JP Morgan Chase keypti fórnarlambið með manni og mús. Kaupverð var tíu dalir á hlut, samtals 1,2 milljarðar Bandaríkjadala. Það jafngildir um 140-150 milljörðum íslenskra króna nú um áramót.

Um viku eftir að skorið var á líflínur bankans og salan gengin í gegn sagði Christopher Cox, forstjóri bandaríska fjármálaeftirlitsins, að nær væri að kenna orðrómi um andlát bankans en lausafjárþurrð og taprekstri. Orðspor bankans hafi beðið slíkan hnekki að lánardrottnar hafi snúið við honum baki og trúverðugleiki hans orðið að engu.

Engu að síður var það mál manna á borð við Ben Bernanke, seðlabankastjóra Bandaríkjanna, að nauðsynlegt hafi verið að grípa í taumana. Gjaldþrot bankans hefði haft afdrifaríkar afleiðingar í för með sér.

Sá ótti varð að veruleika um miðjan september þegar bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman Brothers varð gjaldþrota. Þar kom enginn til bjargar.

Gjaldþrotið hafði áhrif langt út fyrir landsteinana. Fjármálaspilaborgin hrundi í kjölfarið víða um heim, þar á meðal hér.




HÚS Á SÖLU Fasteignamarkaðurinn hrundi víða um heim á árinu. Þeir sem luma á nægu fé ættu því að geta nælt sér í ódýrari fasteign á nýju ári. MARKAÐURINN/AFP

## *Fjármálakreppan í fyrsta sæti*

Fjármálakreppan, verðfall á fasteignamarkaði, olíuverð og aðrir erfiðleikar tengdir hlutabréfa- og fjármagnsmörkuðum voru netverjum eðlilega ofarlega í huga á árinu sem er að ljúka.

Hér getur að líta lista yfir þau tíu atriði sem áhugasamir netverjar leituðu eftir, samkvæmt árlegri tíðarandaleit Google.

| TÍU EFSTU | |
|---|---|
| 1. | Fjármálakreppan |
| 2. | Kreppa |
| 3. | Björgunaraðgerð |
| 4. | Fasteignakreppan |
| 5. | Wall Street |
| 6. | Olía |
| 7. | Hlutabréfamarkaður |
| 8. | Undirmálslán |
| 9. | Lánsfjárkreppa |
| 10. | Erfiðleikar tengdir fasteignamarkaði |

## *Erfitt verslunarár*

Mjög dró úr einkaneyslu almennt á árinu og hafa eigendur verslana víða um heim horft fram á gjaldþrot.

Ein slík er breska verslanakeðjan Woolworths. Baugur, sem á tíu prósent í móðurfélaginu, gerði tilraun til að taka verslunina yfir síðla árs enda gnægð tækifæra þar innandyra fyrir fólk með þekkingu á uppstokkun í verslunarrekstri. Því var hafnað.

Afkoma Woolworths var arfaslök og versnaði nær látlaust.

Í nóvember óskuðu stjórnendur eftir greiðslustöðvun og var dyrunum lokað á milli jóla og nýárs.




EIN VERSLANA WOOLWORTHS

Forsvarsmenn í breskri verslun spá því að næsta ár verði afar erfitt og fjöldi fyrirtækja muni fara í þrot.

### OKTÓBER

Eins og kunnugt er urðu aðstæður á fjármálamörkuðum vægast sagt afar slæmar eftir fall Lehmans. Bæði ríki og bankar víða um heim gripu til örþrifaráða, svo sem til banns á skortsölu. Þá voru veðheimildir rýmkaðar svo fleiri fyrirtæki færu ekki á hliðina. Grikkir, Írar og Íslendingar tilkynntu að ríkið tryggði allar innistæður landsmanna í bönkunum.

Ljóst var í október að fjármálakreppan einskorðaðist ekki við Vesturlönd. Rússar fengu að kenna á kreppunni af krafti þegar kauphallarkerfin brunnu yfir með þeim afleiðingum að loka varð dyrum hlutabréfamarkaðar þar í landi, nokkrum sinnum sama dag þegar verst lét.

Vel tók að hrikta í stoðum alþjóðlegs fjármálakerfis í mánuðinum og má því vel vera að einhverjir bandarískir fjárfestar hafi leikið eftir kollegum sínum austan gamla járntjaldsins og tekið tappann úr vodkaflöskunni. Tilefni var til taugaveiklunar í verðfalli á Wall Street þegar Dow Jones-hlutabréfavísitalan fór vel niður fyrir tíu þúsund stigin og hafði ekki verið lægri í fjögur ár. Hún átti eftir að lækka frekar.

Fjárfestar sem fengu sér í tána eru nú örugglega komnir á fjórðu vodkaflösku og rúmlega það.

Seðlabankar Bandaríkjanna, Evrópu, Kanada og víðar sneru bökum saman gegn kreppunni og skáru frekar á stýrivexti. Ofan á allt bættust ýmsar efnahagsaðgerðir ráðamanna víða um heim, svo sem 700 milljarða dala björgunarpakki í Bandaríkjunum og annar slíkur upp á nokkra tugi milljarða í Bretlandi.

### NÓVEMBER

Þegar nóvember rann upp var fjármálakerfi heimsins ekki beysið. Fáir voru tryggðir gegn skelli og margir heyra nú söguna til. Bandaríska ríkið neyddist til að koma tryggingarisanum AIG til hjálpar og dæla heilum 150 milljörðum dala inn í sjóði hans til að forða fyrirtækinu frá falli. Aðgerðin var sú stærsta sem sögur fara af.

Þrátt fyrir allt sem á undan var gengið fengu Íslendingar og félög þeim tengd lítinn frið. Sænska fjármálaeftirlitið ákvað í mánuðinum að taka lyklavöldin í fjárfestingarbankanum Carnegie. Mikael Ericsson, forstjóri bankans, var hinn hressasti þegar Markaðurinn hringdi í hann. „Við erum við störf eins og ekkert hafi í skorist. Eini munurinn er sá að sænska ríkið á bankann,“ sagði hann. Ekki er víst að hluthafar hafi tekið undir með forstjóranum. Sænska fjármálafyrirtækið Moderna Finance átti tíu prósent í fjárfestingarbankanum. Eins og flækjustigi er háttað hjá íslensku útrásarvíkingunum er sænska fyrirtækið í eigu Milestone, sem er í eigu Karls Wernerssonar og fjölskyldu. Nú er orðin spurning hver á víkingana.

### DESEMBER

Stress einkenndi jólamánuðinn og virtist sem flestir væru að flýta sér að komast í rólegheitin yfir hátíðirnar. Olíuverð hafði þó fallið hratt líkt og lauf að hausti og fór tunnan í um 35 dalina á fjórða í aðventu. Það hafði ekki verið ódýrara í áraraðir og reikna menn með frekara verðfalli. Álverð fór sömu leið, fór tímabundið undir 1.500 dali á tonnið, sem er svipað ról og það var á fyrir rúmum fimm árum. Slík þróun getur sett strik í reikning margra, svo sem Landsvirkjunar.
Bandarískir bílaframleiðendur skáru þó jólasteikina með bros á vör enda samþykkti Bandaríkjaþing loks að veita þeim milljarðalán svo þeir keyrðu ekki í þrot. Rökin voru, líkt og fyrri daginn: þau voru of stór, of innlimuð í bandarískt samfélag til að fara í þrot. Það myndi hafa afdrifaríkar afleiðingar í för með sér.

Það er eins og þetta hringi bjöllum …

# Flett ofan af umfangsmestu svikamyllu í heimi

Um miðjan jólamánuðinn var flett ofan af umsvifamestu fjársvikamyllu í heimi. Áætlað er að svikin hljóði upp á fimmtíu milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði sex þúsund milljarða króna, sem er glatað fé.

Maðurinn á bak við svikin heitir Bernard Madoff, fyrrverandi stjórnarformaður bandaríska Nasdaq-hlutabréfamarkaðarins.

Madoff hefur um áratuga skeið verið á meðal þekktra fjárfesta á Wall Street og rak verðbréfafyrirtæki í tæpa hálfa öld.

Á meðal helstu viðskiptavina hans eru nokkrar af auðugustu fjölskyldum af gyðingaættum í Bandaríkjunum og sá hann um sjóði þeirra. Þá lögðu nokkrir af stærstu bönkum og fjármálafyrirtækjum í heimi honum til fjármagn til ávöxtunar.

Þrátt fyrir að Madoff hafi staðið fyrir innleiðingu rafrænna hlutabréfaviðskipta á ferli sínum sem stjórnarformaður Nasdaq-markaðarins ástundaði hann fremur forna upplýsingagjöf. Viðskiptavinir hans settu það ekki fyrir sig að fá takmarkaðar upplýsingar um ávöxtun sjóða í hans vörslu bréfleiðis í stað þess að fá þær með rafrænum hætti. Fáir gátu því áttað sig á stöðunni.

Það kom hins vegar ekki að sök á meðan hagnaðurinn birtist á pappírnum.

Eins og bandaríska dagblaðið The Wall Street Journal leggur málið fyrir virðast fjárfestar hafi lagt fé inn á sjóði Madoffs sem hann svo fjárfesti fyrir. Margt er þó á huldu um fjárfestingarnar því Madoff virðist hafa verið sérlega annt um að greiða sér arð fremur en að ávaxta pundið.

Þá leyndi hann slóð sinni vel, lá undir ljósgeisla eftirlitsaðila við hvert uppgjörstímabil og keypti þjónustu lítils endurskoðunarfyrirtækis. Endurskoðendur þessir þykja í meira lagi grunsamlegir þar sem forsvarsmenn fyrirtækisins greindu frá því fyrir fimmtán árum að það væri meira og minna hætt störfum.

Þessi háttur Madoffs mun hafa gengið ágætlega á meðan fjárfestar höfðu aðgang að ódýru lánsfé og brostu við uppblásnum hagnaði á pappír.

Þegar harðna tók á dalnum rofnaði keðjan sem hagnaðurinn byggðist á og upp komst um svikin.

Svo rækilegur er bruninn að gat er nú komið í efnahagsreikning flestra viðskiptavina.

Bandarískir eftirlitsaðilar hafa verið harðlega gagnrýndir vegna málsins. Er þeim legið á hálsi að hafa brugðist illa við þeim fjölda ábendinga sem fram komu um grunsamlega ástundun Madoffs en aðhafst lítið.

Þegar synir Madoffs, sem nýverið hófu að starfa fyrir hann, tóku eftir maðki í mysunni gengu þeir á föður sinn. Hann játaði þá allar syndir sínar og var handtekinn í kjölfarið.



**BERNARD MADOFF** Fjárfestar sættu sig við að fá fátæklegar upplýsingar um stöðu sjóða á vegum bandaríska fjárfestisins Bernards Madoff á meðan ávöxtunin sýndist afspyrnugóð. Veruleikinn reyndist annar. MARKAÐURINN/AP

### ÖRLÖG BANKA OG FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA*

| |
|---|
| **Fóru í þrot** |
| IndyMac Bank |
| Lehman Brothers |
| Washington Mutual |
| **Yfirtekin** |
| AIG |
| Bear Stearns |
| Carnegie |
| Countrywide Financial |
| Fannie Mae |
| Freddie Mac |
| Glitnir |
| Landsbankinn |
| Lloyds TSB |
| Kaupþing |
| Merrill Lynch |
| Northern Rock |
| Roskilde Bank |
| Royal Bank of Scotland |

** Einungis stærstu og kunnuglegustu nöfnin. Fyrirtækin skipta tugum og upptalningin því seint tæmandi.*




**HVAR ERU PENINGARNIR?** Það voru fleiri en Íslendingar sem kröfðust þess að bankarnir skiluðu aftur peningum þeirra sem til stóð að ávaxta. Hér er einn í Madrid á Spáni í sumar. Markaðurinn/AFP



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA OG SEÐLABANKASTJÓRINN** Þeir Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, og Ben Bernanke, seðlabankastjóri landsins, stóðu í ströngu á árinu. Þeir funduðu margoft um örlög bæði stærstu fjárfestingarbanka heims og stöðu efnahagslífsins í Bandaríkjunum. MARKAÐURINN/AP

# Barist gegn kreppunni

Seðlabankar víða um heim sneru bökum saman á árinu í baráttu sinni gegn efnahagskreppunni.

Bandaríski seðlabankinn vék verðbólgumarkmiðum sínum til hliðar á haustdögum 2007 og hóf snarpt vaxtalækkunarferli. Því lauk fyrir hálfum mánuði þegar vextir lágu við núllið í fyrsta sinn í sögunni. Ljóst þykir að stýrivextir vestanhafs verða ekki lækkaðir mikið frekar og verður Ben Bernanke seðlabankastjóri og félagar, að beita öðrum ráðum gegn kreppunni.

Bloomberg-fréttaveitan sagði á dögunum rúm fyrir frekari lækkun víða, svo sem á evrusvæðinu og Japan. Óvíst er hvort rými er til frekari lækkana í Japan en hálfur mánuður er síðan vextir þar voru færðir niður í 0,1 prósent.



# Efnahagshrunið *og næstu skref*

**Hamfarir efnahagslífsins, erlendis sem heima fyrir, er forystumönnum íslensks atvinnulífs eðlilega hugleikið við lok árs sem markast af lausafjárkreppu og lækkunum á hlutabréfamörkuðum sem ekki hafa sést síðan á þriðja og fjórða tug síðustu aldar. Þá er horft til framtíðar og vöngum velt yfir því til hvaða ráða sé best að taka í þeirri stöðu sem upp er komin. Hér fara á eftir greinar nokkurra sem til var leitað.**

Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá Nýja Landsbankanum:

## *Brettum upp ermar*

Alþjóðlega efnahagskreppan nær væntanlega hámarki á nýju ári, en staðan á Íslandi er sýnu verri en víðast hvar annars staðar. Hér glímum við samtímis við gjaldeyris- og bankakreppu (tvíburakreppu) sem fækkar mjög möguleikum stjórnvalda til að bregðast við með efnahagsaðgerðum. Þetta er vægast sagt baneitruð blanda, því háir vextir eru algengasta meðalið við gjaldeyriskreppu á meðan lágir vextir eru eitt fljótvirkasta meðalið við banka- og efnahagskreppu. Því miður verður ekki hægt að vinna á efnahagskreppunni á meðan gjaldeyriskreppan er óleyst. Allar tilraunir til slíks eru dæmdar til að mistakast og valda að lokum meiri skaða en orðinn er. Þær viðhalda óvissu meðal fyrirtækja og einstaklinga, draga úr frumkvæði og framkvæmdavilja.

Fum og fát í gjaldeyrismálum kostar þjóðina dýrt í tapaðri framleiðslu, lægri tekjum og lakari lífskjörum til framtíðar. Íslenska hagkerfið er ekki „komið fyrir horn". Staðan er afar viðkvæm og alþjóðaumhverfið allt í uppnámi. Enn er hætta á að banka- og gjaldeyriskreppan endurtaki sig á næsta ári ef ekki er haldið rétt á spöðunum. Það má t.d. ekki bíða lengur að stjórnvöld hafi upp á þeim erlendu aðilum sem eiga krónur og semji um útgönguleið fyrir þá, sem getur samræmst stöðugleika á gjaldeyrismarkaði. Aðeins þannig náum við að afnema höft á gjaldeyrisviðskiptum og koma í veg fyrir að nýtt gengisfall fylgi í kjölfarið.

Á liðnu ári hefur umræðan eðlilega mikið snúist um þá miklu skuldabyrði sem lögð verður á börnin okkar. Ástæða er til að taka einnig umræðu um þá möguleika sem börnin okkar hafa til tekjuöflunar í framtíðinni. Þessi atriði má ekki skoða úr samhengi, þá þarf þvert á móti að vega saman. Í því sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga að alþjóðasamskipti og öflug utanríkisviðskipti eru mikilvæg forsenda góðrar menntunar og hárra lífskjara hér á landi. Ef tryggja á að börnin okkar geti búið við góð lífskjör í framtíðinni er því mikilvægt að vera í góðu sambandi við umheiminn. Lykilatriði er að endurreisa ímynd landsins og endurvinna traust. Hluti af því er að ganga frá skuldamálum gömlu bankanna og semja, helst um skuldaniðurfellingu, í samræmi við alþjóðalög, -reglur og skuldbindingar. Þetta er fljótvirkasta leiðin til að fá aftur fullnægjandi aðgang að alþjóðamörkuðum – samvinnu og lægri vexti. Þetta er líka forsenda þess að komist verði hjá endalausum lögsóknum á hendur ríkinu frá erlendum einstaklingum, lífeyrissjóðum, bönkum og vogunarsjóðum.

Í upphafi árs er rétt að horfa til framtíðar. Á sama tíma og taka þarf á bráðavanda heimila og fyrirtækja þarf að huga að framtíðarfyrirkomulagi allra mála. Hvers konar þjóðfélag viljum við og hvaða lífskjör getum við boðið börnunum okkar? Skerpa þarf alla yfirsýn, bæði stjórnvalda og almennings. Setja þarf raunhæf markmið, bretta upp ermar og hefja vinnuna. Hluti af þeirri vinnu er að láta af öllum leikaraskap og pólitískum fléttum. Vanda þarf til verka og taka ekki þá áhættu sem fylgir því að leita ávallt stystu leiðanna – til dæmis einhliða upptöku gjaldmiðils. Við eigum að byggja til framtíðar og þá þarf grunnurinn að vera traustur og allur viðbúnaður fyrsta flokks. Ég tel því að við eigum að sækjast eftir aðild að Evrópusambandinu og leggja allt kapp á að ná góðum samningum í auðlindamálum. Alþjóðakreppan kann að leiða einhverjar þjóðir í fang haftabúskapar og þjóðernishyggju. Svo má ekki verða hér á landi enda dregur sú leið úr lífskjörum í lengd. Leið hafta og þjóðernishyggju er í mínum huga leið hugleysingjans; þess sem skortir sjálfstraust og kjark til að takast á við raunverulega samkeppni og selur framtíðarhagsmuni fyrir skammtímahag.

Íslendingar hafa alla möguleika á að ná góðum árangri til framtíðar. Þjóðin er ung, vel menntuð og hraust og landið er ríkt af náttúruauðlindum. Sá kraftur sem býr innra með þjóðinni endurspeglaðist m.a. í fræknum íþróttasigrum á síðasta ári. Íslenska kvennalandsliðið hefur áunnið sér rétt til þátttöku í lokakeppni EM í fótbolta í Finnlandi 2009. Slíkur árangur er einstakur og þáttur í því að endurbyggja ímynd Íslands.



**Setja þarf raunhæf markmið, bretta upp ermar og hefja vinnuna. Hluti af þeirri vinnu er að láta af öllum leikaraskap og pólitískum fléttum. Vanda þarf til verka og taka ekki þá áhættu sem fylgir því að leita ávallt stystu leiðanna – til dæmis einhliða upptöku gjaldmiðils.**

Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Glitnis:

## *Ár mikilla breytinga framundan*

Reikna má með því að árið 2009 verði ár mikilla breytinga í íslensku viðskipta- og atvinnulífi. Gjaldeyris- og bankakreppan sem hagkerfið gengur nú í gegnum hefur kallað á endurskoðun þess skipulags sem hér er á fjármálamarkaði sem og á fleiri sviðum efnahagslífsins.

Kreppan sem þjóðin er að ganga í gegnum er að hluta alþjóðleg og að hluta heimatilbúin. Alþjóðlega láns- og lausafjárkreppan myndaðist á árinu 2007 og hefur verið að grafa sig dýpra síðan. Sá vandi á rætur sínar að rekja til uppbyggingar erlendra lánamarkaða og ekki síst þess bandaríska. Íslenska hagkerfið var afar opið og viðkvæmt fyrir þessari kreppu þar sem hér hafði átt sér stað mjög hröð uppbygging og útrás fjármálakerfisins með hjálp erlendra lánamarkaða. Bankarnir stækkuðu hraðar en undirliggjandi stoðir þeirra í hagkerfinu báru þegar á reyndi.

Almenningur og fyrirtæki hafa liðið fyrir ástandið. Heimilin finna fyrir því í minni kaupmætti, veikari stöðu krónunnar, auknu atvinnuleysi, lækkun húsnæðisverðs og skertu aðgengi að lánsfé svo eitthvað sé nefnt. Fyrirtækin finna einnig talsvert fyrir þessu en með ólíkum hætti eftir því í hvaða greinum þau starfa. Erfið er staða margra fyrirtækja í greinum sem tengjast innlendri neyslu og fjárfestingum sem dragast nú hratt saman. En það er ekki síst að Íslendingar finni fyrir þessu í særðu stolti. Svartsýnin og sjálfsgagnrýnin hefur tekið við af bjartsýni og sjálfsánægju. Væntingar varðandi framtíðina hafa breyst og skoðun á orsökum og úrlausnum er í hámæli.

Niðurstaðan í þessari kreppu er ekki gefin. Hún veltur á úrlausn hinnar alþjóðlegu kreppu og viðbrögðum íslensku þjóðarinnar. Erlendis er verkefnið ekki síst að koma lánaflæðinu af stað aftur. Hér á landi þarf að tryggja stöðugleikann, lágmarka kostnað vegna hruns bankanna og ganga úr skugga um að ekki komi aftur til banka- og gjaldeyriskreppu. Þetta eru verkefni stjórnvalda á árinu 2009. Brýn úrlausnarefni varðandi framtíðarskipan gengis- og peningamála bíða ákvörðunar stjórnvalda í byrjun næsta árs, en ljóst er að krónan verður vart framtíðargjaldmiðill Íslands. Byggja þarf upp bankakerfið aftur og huga vel að auðlindum þjóðarinnar bæði því sem býr í landinu og miðunum í kring sem og mannauðnum.

Áætlun íslenskra stjórnvalda í efnahagsmálum hefur verið útlistuð í viljayfirlýsingu þeirra vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sú viljayfirlýsing sem og lánafyrirgreiðsla sjóðsins var nauðsynleg. Án þessarar hjálpar hefði kreppan orðið dýpri og erfiðari. Sýnir sig nú hvað aðild að sjóðnum er þjóðinni mikilvæg og í leiðinni hverju alþjóðleg samvinna getur skilað íslenskri þjóð. Ekki má bregðast við þessari alþjóðlegu kreppu og afleiðingum hennar með haftabúskap og einangrun. Slíkt er hættuleg stefna sem kemur niður á hagvexti og lífsgæðum þjóðarinnar.

Þau höft sem sett hafa verið á gjaldeyrismarkað þarf að afnema við fyrsta tækifæri. Með auknum trúverðugleika efnahagsstefnunnar og bankakerfisins fæðast forsendur fyrir fullkomnu floti krónunnar. Með stöðugleika á gjaldeyrismarkaði myndast einnig forsendur fyrir lækkun vaxta Seðlabankans. Háir vextir bankans eru afar þjáningafullt tæki um þessar mundir þegar hagkerfið er að sigla inn í djúpa kreppu og eina ástæða hárra vaxta er í raun að halda uppi miklum vaxtamun gagnvart útlöndum og styrkja þannig gengi krónunnar. Hagkerfið þarf að komast út úr þessari stöðu og reikna ég með því að forsendur skapist fyrir því á nýju ári.



Þó að framundan sé eitt mesta samdráttarár sögunnar hér á landi er nauðsynlegt að horfa ekki á það einvörðungu sem slíkt. Staða íslenskra heimila og fyrirtækja fyrir hrun bankakerfisins var sterk og hafði líklegast aldrei verið sterkari á mælikvarða eigna og kaupmáttar. Búa þau að því núna. Niðursveiflan er kröftug en hún færir þjóðina ekki nema fáein ár aftur vegna þess hve hagvöxtur og uppgangurinn hefur verið mikill og kröftugur hér á undanförnum árum. Atvinnumissir er sár, sem og að tapa eignum og að horfast í augu við breyttan efnahagslegan veruleika. Hins vegar eru tækifærin víða og velmegun þjóðarinnar mikil í alþjóðlegum samanburði.

Árni Oddur Þórðarson, framkvæmdastjóri Eyris Invest:

## *2009: Grunnur lagður að uppbyggingu til framtíðar*

Árið var um margt viðburðarríkt hjá Eyrir Invest. Í upphafi ársins kláruðum við í samvinnu við Landsbankann og breska fjárfestingarfélagið Candover, vel heppnaða yfirtöku á Stork. Stork er rótgróin iðnaðarsamstæða í Hollandi, stofnuð snemma á nítjándu öld með yfir 16 þúsund starfsmenn.

Samhliða yfirtökunni á Stork náðist langþráð markmið Marels um að yfirtaka samstarfsaðila sinn til margra ára, Stork Food Systems og ná þannig leiðtogahlutverki á heimsvísu í framleiðslu og sölu og hátæknibúnaði til kjöt-, kjúklinga- og fiskvinnslu.

Eyrir Invest er áhrifafjárfestir sem horfir til lengri tíma og leggur mikla áherslu á að koma að stefnumörkun og fjármögnun félaga sem fjárfest er í. Við höfum þannig verið fjárfestar í Marel og Össuri frá árinu 2004 og stutt þau dyggilega til vaxtar síðustu ár. Össur er í dag leiðandi aðili í þróun og sölu stoðtækja og í fremstu röð stuðningstækjaframleiðanda eftir fjölmargar vel heppnaðar yfirtökur á því sviði.

Össur og Marel hafa sýnt stórbættan rekstrarárangur á þessu ári eftir að stjórnendur færðu fókusinn á aukið rekstrarhagræði og innri vöxt eftir tímabil mikils vaxtar með yfirtökum. Breyttar áherslu eru að fullu í samræmi við fyrirfram kynnta stefnu. Félögin eru nú vel fjármögnuð til lengri tíma og með allhátt eiginfjárhlutfall. Vöxtur þeirra hefur hvorki verið tilviljanakenndur né tækifærissinnaður.

Eðlileg og skynsamleg útrás er hluti af alþjóðavæðingu atvinnulífsins, án hennar munu fjölmörg fyrirtæki ekki ná nægjanlegri stærðarhagkvæmni til að fylgja eftir vexti og alþjóðavæðingu viðskiptavina sinna. Fyrirtæki hafa val um tvennt, annað hvort verða þau litlir sérhæfðir framleiðendur eða alþjóðlegir leiðtogar á sýnu sviði. Miðjumoð mun aldrei skila raunverulegum verðmætum til viðskiptavina, starfsmanna, hluthafa eða til samfélagsins.

Marel og Össur eru mjög „dýnamísk" fyrirtæki með framúrskarandi starfsfólk. Sífellt eru nýjar áskoranir í umhverfinu til að takast á við. Nú er keppst við aukið rekstrarhagræði til að takast á við alþjóðlegan efnahagssamdrátt. Heilbrigðis- og matvælageirinn hafa sýnt í fortíð minni næmni fyrir efnahagssveiflum og vaxtarforsendur félaganna horft til næstu 5 ára eru í raun engu breyttar.

Ársins 2008 verður minnst á Íslandi sökum hruns bankakerfisins og þess efnahagsáfalls sem dundi á þjóðinni, í kjölfar alþjóðlegrar fjármálakrísu. Lengi verður deilt um orsakir og afleiðingar bankahrunsins, mest er þó um vert að markmið þeirra rökræðna sé til að draga lærdóm af mistökum til að byggja upp sterkari grunn til framtíðar.

Allt bendir til að næstu tvö til þrjú ár verði íslensku efnahagslífi erfitt, spár um þróun helstu hagstærða eru ekki uppörvandi og ljóst að þjóðin öll þarf að axla þungar byrðar. Mikilvægt er að horfa til ársins sem nú er að hefjast sem fyrsta ársins í nýrri uppbyggingu.

Aðstæður útflutningsgreina hafa um margt verið óhagstæðar síðustu ár en hafa stórbatnað við gengisfall krónunnar, jafnvel þó að líkur standi til að veiking hennar gangi að nokkru til baka. Nú er mikilvægast að hlúa að aukinni verðmætasköpun. Við erum í samkeppni við aðrar þjóðir sem allar keppast við að auka tekjur sínar með fjölþættum stuðningi við útflutningsgreinar sínar. Það gildir það sama í rekstri þjóðarbús líkt og í öðrum rekstri, það þarf að afla meira en eytt er. Til að við náum árangri til lengri tíma þarf að efla þróunar- og rannsóknarstarf fyrirtækja og fjárfesta enn frekar í menntun þjóðarinnar í stað þess að skera þau framlög niður.

Við höfum fjölmörg tækifæri til að treysta undirstöðurnar þar sem þjóðin er ung og vel menntuð, við eigum verðmætar auðlindir í fiskimiðunum, náttúru og endurnýjanlegri orku. Þá er lífeyrissjóðakerfið öflugt þrátt fyrir ágjöf og innviðir og undirstöður kerfisins allsterkar. Fjörugar umræður munu verða í þjóðfélaginu um breytt fyrirkomulag peningamála og á árinu verður skorið úr um það hvort að Ísland eigi að verða fullgildur aðili innan Evrópusambandins, með kostum þess og göllum. Mikill vilji er til að fá Ísland og Noreg í sambandið og samningsstaða okkar allsterk.

Við skulum ekki gleyma því að við erum hvorki fyrsta né síðasta þjóðin til að lenda efnahagsþrengingum. Nú þurfum við að endurreisa traust á getu þjóðarinnar til þess að standa við skuldbindingar okkar.



**Eðlileg og skynsamleg útrás er hluti af alþjóðavæðingu atvinnulífsins, án hennar munu fjölmörg fyrirtæki ekki ná nægjanlegri stærðarhagkvæmni til að fylgja eftir vexti og alþjóðavæðingu viðskiptavina sinna. Fyrirtæki hafa val um tvennt, annað hvort verða þau litlir sérhæfðir framleiðendur eða alþjóðlegir leiðtogar á sýnu sviði. Miðjumoð mun aldrei skila raunverulegum verðmætum til viðskiptavina, starfsmanna, hluthafa eða til samfélagsins.**

Þór Sigfússon, formaður Samtaka atvinnulífsins:

## *Skýrar línur á nýju ári*

Sá efnahagsskellur sem Íslendingar hafa orðið fyrir er af nánast áður óþekktri stærðargráðu í nútímasögunni. Bankakerfið hrundi nánast eins og það lagði sig á einni viku og gengi íslensku krónunnar lækkaði meira en nokkurn gat órað fyrir. Spár gefa til kynna að samdráttur landsframleiðslu verði á bilinu 8-10% á árinu 2009. Þótt Íslendingar séu ýmsu vanir þá verður þetta mesta niðursveifla í efnahagslífinu frá stofnun lýðveldisins árið 1944. Afleiðingar samdráttarins eru rekstrarerfiðleikar fyrirtækja og vaxandi atvinnuleysi og það er í senn megin áhyggjuefnið og viðfangsefnið á nýju ári.

Ég er sannfærður um að ef við tökum rétt á málum á komandi mánuðum getum við sýnt hvers megnugt okkar litla hagkerfi er til að snúa við blaðinu og gert þessa kreppu að móður nýrra tækifæra. Styrkur okkar felst meðal annars í sveigjanleika og viðbragðsflýti sem er hér meiri en í flestum löndum og hugarfari sem hefur einkennst af vinnusemi og samstöðu. En við höfum líka fjárfest skynsamlega á síðustu árum og áratugum í innviðum, menntun, nýjum skólum og komið upp traustu stuðningskerfi við nýsköpun. Þessi fjárfesting sem og eiginleikar okkar nýtast nú sem aldrei fyrr til þess að koma okkur út úr vandanum.

Það hefur verið mjög ánægjulegt á undanförnum mánuðum að sjá hvernig fyrirtæki hafa sýnt gríðarlega seiglu og sveigjanleika til að kljást við vandann. Fyrirtækin og starfsfólk þeirra hafa hugsað út fyrir rammann. Í stóru fyrirtæki tóku starfsmenn sig saman og bjuggu til aðgerðaráætlun um hvernig ætti að mæta núverandi efnahagsþrengingum. Saman teiknuðu starfsmennirnir upp sóknarfæri. Könnuðu möguleikann á að innleiða hér nýjar atvinnugreinar og hvernig mætti auka verðmæti framleiðslu í landinu með ýmsum hætti. Allir lögðu sitt af mörkum, hvort sem þeir voru með próf í sameindalíffræði, iðnaðarverkfræði eða einhverju allt öðru – þau fóru sínar eigin leiðir og veltu fyrir sér hvernig hægt væri að halda áfram. Sama hefur verið uppi á teningnum í fjölda annarra fyrirtækja, hjá félagasamtökum og í skólum. Svo lausnadrifið hugarfar heillar þjóðar er líklega okkar verðmætasta auðlind og hún hefur þau makalausu einkenni að því meira sem hún er nýtt því hraðar breiðist hún út.

Mesta hættan hjá okkur nú er að hugarfar þjóðarinnar breytist. Sinnuleysi auki vonleysi og reiði segi enn meira til sín. Í framhaldinu breytist hugarfarið til hins verra, nýjar hugmyndir séu talaðar niður, ungt fólk flytji burt og ólíkasta fólk, eins og frumkvöðlar í hundruðum minni útrásarverkefna, verði að blórabögglum núverandi ástands. Alvarlegasta ógnunin við framtíð Íslands er ekki skuldsetning heldur að hugarfarið breytist til hins verra. Við fáum hert og heiftúðugt hugarfar þar sem vantrú ríkir á öllu sem viðkemur framtíðinni, einkaframtaki og ungu fólki með hugmyndir.



Ef alþjóðlegu efnahagslægðinni lýkur upp úr miðju næsta ári munu Íslendingar njóta góðs af því og komast fyrr í kraftmikinn vöxt á ný. Til þess þurfum við að viðhalda lausnadrifnu hugarfari en gera um leið kröfu til þess að ríkisstjórnin bregðist skjótar við aðsteðjandi vanda og setji skýra stefnu. Lausn á vandanum er augljós: strax þarf að afnema gjaldeyrishöft, lækka stýrivexti, beita meiri ráðdeild í ríkisrekstri og endurreisa bankakerfið í samstarfi við lánadrottna. Loks þarf ríkisstjórnin að setja skýrar línur um stefnuna í peningamálum þjóðarinnar og undirbúa það teymi í ríkisstjórn og í stjórnkerfinu sem skapar trúverðugleika hér og annarsstaðar og leiðir okkur í gegnum næstu ár.




Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi:

## *Staða bílgreinarinnar*

Þó fréttir af samdrætti í sölu nýrra bíla hafi verið áberandi á undanförnum mánuðum er okkur sem störfum við innflutning og sölu nýrra bíla efst í huga við þessi áramót að við erum að koma út úr einu blómlegasta skeiði í sögu greinarinnar á Íslandi. Oft vill gleymast að 84.000 nýjar fólksbifreiðar hafa verið fluttar inn á síðastliðnum fimm árum sem er 24.000 fólksbílum fleira en fimm árin þar á undan. Þetta þýðir að bílafloti landsmanna er tiltölulega nýr og þar með hagkvæmur í rekstri. Okkur hjá Toyota er einnig ofarlega í huga að nú eru um 50.000 Toyota- og Lexusbílar í notkun á landinu og okkur ber skylda að veita eigendum þessara bíla góða þjónustu í formi viðhalds og varahluta.

Við fögnum því einnig að fyrirhugað er að draga úr opinberu eftirliti með nýlegum bílum með tilheyrandi kostnaði vegna þess að framfarir í framleiðslu bíla hafa verið það miklar að ekki er þörf að skoða þá sérstaklega fyrstu árin. Ekki má heldur gera lítið úr ábyrgð eigenda bílanna enda er það reynsla okkar að þeir koma með bílana í reglubundnar skoðanir og vilja almennt halda bílunum í góðu standi. Við teljum það því framfaraspor að dregið skuli úr kostnaði og fyrirhöfn við opinbert eftirlit.

Á sama hátt og Íslendingar þurfa gott íbúðarhúsnæði þurfum við góða bíla til að komast á milli staða í hvaða veðri sem er. Bílafloti landsmanna er því stór stór og góður og mikilvægt er að tryggja sem bestar aðstæður fyrir rekstur þessa flota. Þetta kallar á góða og vel skipulagða vegi bæði í þéttbýli og um landið og er mikilvægt að ekki verði slakað á framkvæmdum á því sviði.

Þá má ekki gleymast að fjöldi vel menntaðs fólks hefur atvinnu af því að veita bíleigendum þjónustu og er því mikilvægt að styðja sem best við menntun í bíliðngreinum í skólum landsins.

Umræða um koltvísýringsmengun og áhrif hennar á hlýnun jarðar hefur verið áberandi að undanförnu og hafa sjónir manna gjarnan beinst að einkabílnum og hann gerður að sökudólgi í málinu. Kannski er eðlilegt að einkabíllinn sé áberandi í umræðunni. Hann er jú nálægt okkur á hverjum degi og fyrir allra augum. Bílaframleiðendur hafa brugðist markvisst við þótt ekki sé laust við að þess sé saknað að litið sé til annarra þátta sem hafa í för með sér meiri útblástur koltvísýrings en bílarnir. Við hjá Toyota munum á árinu 2009 fagna þriðju kynslóð tvinnbílsins Prius sem Toyota hefur framleitt í meira en áratug og er í forystu svokallaðra tvinnbíla sem knúðir eru bæði raf- og bensínmótor og valda þar af leiðandi minni mengun en hefðbundnir bílar sem ganga eingöngu fyrir bensíni eða diselolíu. Fljótlega munum við einnig sjá tvinnbíl sem tengja má við rafmagn og mun þess vegna nota enn minna af bensíni. Allt er þetta gert undir kjörorðinu „Eitt markmið: enginn útblástur."



Við þessi áramót stöndum við frammi fyrir því að þurfa að takast á við verkefni nýs árs með full mikið af óvissu í farangrinum enda er algjörlega óvíst með gengi íslensku krónunnar og það vaxtastig sem við munum búa við. Mikið veltur á því að fyrirtækjunum í landinu séu sköpuð góð skilyrði, en hitt er ekki síður mikilvægt að fyrirtækin séu rekin af skynsemi og að eigendur þeirra og þeir sem bera ábyrgð á rekstri þeirra umgangist þau af virðingu. Fyrirtækin eru fjöregg sem bæði þjóðarhagur og hagur okkar sem einstaklinga byggir á.

# Nýársveisla

*1. janúar — Verð: 9.990 kr.*

## Allt í steik

*Hefst 2. janúar — Verð frá: 4.590 kr.*

## Þrettándakvöld

*6. janúar — Verð frá: 4.590 kr.*



*Perlan óskar öllum gleðilegs nýs árs og þakkar fyrir árið sem er að líða!*

| | | |
|---|---|---|
| 🇺🇸 | **New Years Eve**<br>*December 31* | 4 course dinner, live dinner music and dancing throughout the night!<br>*Order tel.: (+354) 562 0200 / (+354) 511 1515* |
| 🇮🇸 | **Nýárskvöldverður**<br>*1. janúar — Verð 9.990 kr.* | 5 rétta hátíðarseðill valinn af matreiðslumeisturum okkar. Lifandi kvöldverðartónlist með Þremur röddum og dansað fram eftir kvöldi með hljómsveit Þóris Baldurs. |
| 🇮🇸 | **Þrettándakvöld**<br>*6. janúar — Verð frá: 4.590 kr.* | Það er sannkölluð þrettándastemmning í Perlunni! 4ra rétta „Allt í steik“ seðillinn og flugeldar; skemmtileg fjölskyldustund. |
| 🇮🇸 | **Allt í steik**<br>*Hefst 2. janúar — Verð frá: 4.590 kr.* | Hinn árvissi 4ra rétta „Allt í steik“ seðill gleður bragðlaukana. Skyldumæting fyrir alla sem unna góðum mat á góðu verði. |

Pantið borð í síma 562 0200 eða með tölvupósti perlan@perlan.is.

## Nýárskvöldverður

**Steikt hörpuskel**
með blönduðum skógarsveppum og blómkálsfroðu

**Humarsúpa**

**Rauðvínssoðin pera**
með foie-gras-ís og portvínsgljáa

**Kryddlegið hreindýrafille**
með steiktum kantarellum, seljurótarmauki og „pomme Anna“ kartöflum

**Logandi „créme brûlée“**
með súkkulaðiís

**Kaffi og heimalagað konfekt**

**9.990 kr.**

*Verð með fimm glösum af víni 14.500 kr.*

*Spariklæðnaður — Húsið opnar kl. 19:00*

Hönnun: Hringbrot

Þórður Friðjónsson, forstjóri NASDAQ OMX Iceland kauphallarinnar:

# V-laga efnahagshorfur

Hvernig verður árið 2009 – og næstu árin þar á eftir? Hvernig mun okkur takast að greiða úr þeirri fjármálaflækju sem lamar efnahags- og þjóðlífið um þessar mundir? Verður hagsveiflan „V-laga“, eins og við eigum að venjast, eða verður hún L-laga, þ. e. djúp og í kjölfarið stöðnun um árabil? Er að vonum að við spyrjum okkur spurninga af þessu tagi við þær harðskafalegu aðstæður sem ríkja um þessi áramót.

Þegar horft er til efnahagsmála fer varla á milli mála að flestir Íslendingar munu minnast ársins 2008 með hryllingi í huga. Þetta ár markaði upphafið á bankakreppu sem á sér engin fordæmi meðal þróaðra þjóða. Í árslok blasir við ein dýpsta kreppa sem landsmenn hafa upplifað.

Spáð er að landsframleiðslan dragist saman um 10 prósent eða svo á næstu tveimur árum, langmest á árinu sem í hönd fer. Svo mikill samdráttur hefur ekki hrjáð þjóðarbúskapinn frá síldarkreppunni á árunum 1967-1969. Þá dróst landsframleiðslan saman um 8 prósent og þjóðartekjur um 12 prósent. Eins og nafnið bendir til var ástæðan hrun síldarstofnsins en reyndar féll einnig verðlag á sjávarafurðum stórlega.

Eins og gefur að skilja var kreppan fyrir 40 árum erfið. Til marks um það myndaðist mikið atvinnuleysi, fólk flýði land og margir áttu um sárt að binda. Það hjálpaði á þessum tíma að ástæður hremminganna voru augljósar. Náttúruöflin voru þar að verki og ytri aðstæður. Nú er hins vegar sökin að hluta okkar sjálfra, þótt vissulega leiki alþjóðleg fjármálakreppa þar líka stórt hlutverk. Þetta hefur leitt til þjóðfélagslegra átaka sem reyna mikið á þjóðina.

**„PAPPÍRSKREPPA“**

En kreppan fyrir fjórum áratugum var ekki langvinn; okkur tókst að vinna okkur út úr henni á skömmum tíma. Skilyrðin til að ná bata við núverandi aðstæður eru ekki lakari en þá. Raunhagkerfið er sterkt þótt peningakerfið sé í molum og traustið til landsins lítið. Einn vina minna sagði nýlega: „Þetta er pappírskreppa“. Þá var hann ekki að gera lítið úr þrengingunum heldur benda á að nú væri vandinn annar. Rætur fyrri samdráttarskeiða hafa ávallt legið í lækkun útflutningstekna og/eða rýrnun viðskiptakjara. Nú er þetta pappír og aftur pappír, excel skjöl með talnaröðum, sem þarf að greiða úr. Afkastageta þjóðarbúsins er lítið skert – og verðmætasköpunin er það sem mestu máli skiptir. Verkefnið er vissulega stórt en með skynsemi og yfirvegun eigum við að geta komið okkur á réttan kjöl fyrr en varir.

Lítum nánar á tölur og staðreyndir. Þegar landsframleiðslan verður minnst samkvæmt spám verður hún engu að síður meiri en hún var 2005 – og var það talið gott ár, satt að segja það besta í sögu lýðveldisins fram að þeim tíma. Við má bæta að meðalhagvöxtur fyrir fimmtán ára tímabilið 1996-2010 verður 3,1 prósent (áætlun IMF fyrir 2009 og 2010). Þetta er töluvert meiri meðalvöxtur en í Bandaríkjunum og Evrópusambandinu á sama tíma. Af þessu má sjá að við erum með góðan efnivið í höndunum en það er að sjálfsögðu undir okkur komið hvernig við vinnum úr honum.

Nú kann einhver að spyrja hvort þetta sé ekki bara leikur að tölum og rifja upp söguna af manninum sem var með annan fótinn í sjóðandi heitu vatni og hinn í ísköldu vatni. Að meðaltali hafði hann það gott, eins og sagt er, að meðaltali var vatnið þægilega heitt, rétt eins og í heitum potti í Laugardalnum, en samt var maðurinn illa haldinn. En hvers vegna í ósköpunum var hann að koma sér í þessar aðstæður? Og hvers vegna í ósköpunum að gerði hann ekkert í málunum fyrst svona var komið?

**MARKAÐSBÚSKAPUR OG EVRÓPUSAMBANDIÐ**

Hvað getum við gert við þessar hallærislegu aðstæður sem efnahagsmálin eru komin í? Við þurfum að endurvinna traust og endurskipuleggja hagkerfið. Ég er þeirrar skoðunar að þrennt skipti mestu máli:

1) Markaðsbúskap þarf að koma á að nýju og sú umbreyting þarf að gerast hratt. Ég tel að við eigum að setja okkur það markmið að hafa lokið þessari umbreytingu fyrir árslok 2010. Í því felst að selja verður sem fyrst nýju ríkisfyrirtækin og koma þeim og „eigendalausum“ fyrirtækjum sem fyrst í hendurnar á framtíðareigendum. Þetta ræður miklu um framleiðni þjóðarbúsins og á henni velta lífskjörin þegar allt kemur til alls.
2) Umgjörð og regluverk um atvinnu- og viðskiptalífið þarf að endurbæta í ljósi þeirra mistaka sem gerð hafa verið á undanförnum árum. Í því sambandi er brýnt að taka mið af því sem aðrar þjóðir gera vegna fjármálakreppunnar í heiminum og jafnframt gæta að sérkennum Íslands.
3) Evrópusambandið og í kjölfarið upptaka evru felur að mínu viti í sér hagfelldari framtíðarskipan peninga- og gengismála en aðrir kostir. Einhliða upptaka annars gjaldmiðils er áhættusöm og endurreisn krónunnar er trauðla raunhæfur kostur eftir allt sem á hefur dunið. Ég tel því að við eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu og láta á það reyna hvort við náum samningum sem byggja meðal annars á að við ráðum áfram auðlindum okkar.

Það gefur augaleið að það eru mörg önnur úrlausnarefni, ekki síst sem varða félagsmál, skiptingu þjóðartekna og fleira. Í ljósi þess hversu djúp kreppan verður sem við blasir verður vandasamt að finna sanngjarnar og skynsamlegar lausnir á þeim vettvangi. En breiðu línurnar í endurreisn efnahagslífsins hljóta að mínu viti að hvíla á framangreindum þremur atriðum. Árangurinn fer eftir því hvernig okkur tekst til – þar veldur hver á heldur. Á þessum forsendum tel ég að við getum tryggt V-laga hagsveiflu sem felur í sér að efnahagslífið verði búið að ná sér á strik í lok árs 2010. Næstu árin þar á eftir ætti hagvöxtur að geta verið ríflega vöxturinn í Bandaríkjunum og Evrópu eins og hingað til.



**Hvað getum við gert við þessar hallærislegu aðstæður sem efnahagsmálin eru komin í? Við þurfum að endurvinna traust og endurskipuleggja hagkerfið.**

Ólafur Ísleifsson hagfræðingur og kennari við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

# Annus horribilis

Djúpur er sviði landsmanna yfir ærumissi og eignabruna. Líklega svíður þó engu fólki sárar hvernig komið er fyrir landinu en kynslóðinni sem man gleðina og hamingjuna sem fylgdi stofnun lýðveldis á Þingvöllum 17. júní 1944. Þá gekk þjóðin fram sjálfstæð og hreykin og réð sínum málum þótt lítil væri. Íslendingar töldu sér sóma sýndan í því að til landsins komu sendiherrar frá Bandaríkjunum, Stóra Bretlandi, Noregi, Svíþjóð, Frakklandi og Sovétríkjunum, þrátt fyrir styrjöldina. Fluttu hinir erlendu fulltrúar þjóðinni árnaðaróskir á hátíðarstundu. Minningin um Jón Sigurðsson forseta lyfti þjóðinni og varð henni innblástur.

Þjóð sjósóknara er eiginlegt að líkja atburðum haustsins 2008 við skipsstrand en sú líking hrekkur í raun skammt þegar kemur að bankahruninu. Bankarnir voru eins og skip sem brotnaði í spón.

Þurfti þetta að fara svona? Var þetta spurning um allt eða ekkert? Því verður hugsanlega aldrei svarað með vissu enda virðist enginn vita í raun hvað gerðist. Æðstu ráðamenn segja sumir hrunið hafa verið óumflýjanlegt. Aðrir segjast hafa varað við. En enginn segist hafa gert neitt til að afstýra hruninu. Enginn virðist hafa talið sig bera skyldu til þess. Enginn bjó til áætlun um hvernig bregðast mætti við. Enginn sagði þjóðinni hvers vænta mætti. Enginn kannast við ábyrgð á því sem gerðist. Enginn virðist bera ábyrgð á að orðspor þjóðarinnar hefur beðið hnekki. Enginn virðist bera ábyrgð á að áratuga sparnaður Íslendinga er gjöreyddur. Enginn virðist bera ábyrgð á að skuldir hafa vaxið heimilum og atvinnufyrirtækjum upp fyrir höfuð vegna verðbólgu og gengishruns.

Efnahagurinn verður ekki reistur við nema þjóðin endurheimti traust á alþjóðlegum vettvangi. Efnahagsáætlun með gæðastimpli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins markar fyrsta sporið. Ákvarðanir um stjórn efnahagsmála lúta nú skilmálum og eftirliti sjóðsins. Þetta þýðir að skilyrðislaust forræði stjórnvalda í þeim efnum er ekki lengur fyrir hendi (nei, það tekur enginn ábyrgð á þessu). Staða eins konar landstjóra er á hendi starfsmanns sjóðsins, Paul Thomsen að nafni, og væntanlegur er tilsjónarmaður sjóðsins með fasta búsetu hér á landi. Gagnvart þessari niðurlægingu er Íslendingum ekki sæmandi að gangast undir skilmála sjóðsins með öðrum hætti en þeim að ganga lengra í uppbyggingu, endurreisn og aðhaldi en sjóðurinn leggur fyrir stjórnvöld að gera. Þjóðin stendur frammi fyrir því að endurheimta fjárstjórnina inn í landið að nýju.

Umsókn um aðild að Evrópusambandinu með upptöku evru fyrir augum felur í sér annan lið í að endurheimta traust á alþjóðlegum vettvangi. Þokukennd stefna í gjaldeyris- og peningamálum er einn veikasti hlekkur efnahagsáætlunar stjórnvalda og sjóðsins (18% vextir til að styðja undir haftakrónu!) og fær naumast staðist nema skýrar línur verði lagðar um framtíðina. Krónan ein á báti hefur reynst landsmönnum dýrkeypt og enginn kostur annar er tækur en að bindast öðrum þjóðum um samstarf í þessum efnum.

Þá verður að tryggja að þeir sem ábyrgð bera axli hana og að fram fari óháð rannsókn á hruninu. Við umheiminum blasir að vestrænar lýðræðishefðir hafa ekki öðlast þann sess hér á landi að ábyrgð hafi marktæka þýðingu. Þjóðin geldur fyrir með skertu trausti. Hún fer nærri um hverjir bera ábyrgðina þótt þeir þverskallist við að axla hana. Við rannsókn á hruninu þarf að búa svo um hnúta að hún verði hafin yfir vafa sem óháð og óhlutdræg.

Þjóðin má þola þungar búsifjar vegna ábyrgðarlausra flysjunga í hópi athafnamanna sem reyndust ekki rísa undir því trausti sem þeim var sýnt. Göran Persson, fyrrum forsætisráðherra Svíþjóðar, hvatti stjórnvöld í fyrirlestri sínum hér á landi á dögunum til að ganga hart eftir því að frysta eignir þeirra sem hér eiga í hlut. Persson sagði aðgerðir af þessu tagi nauðsynlegar til að efla traust en undirstrikaði að í þær væri ráðist á forsendum réttarríkisins.

Árið 2008 var hörmungarár í efnahagsmálum Íslendinga, annus horribilis. Þjóðin þarf að fá fullvissu fyrir því að með markvissum aðgerðum séu tekin afdráttarlaus skref til að byggja upp efnahagslífið og til að endurheimta traust og virðingu innan lands sem utan. Markmiðið er viðreisn þjóðarbúskaparins og endurheimt sæmdar og efnahagslegs sjálfstæðis Íslendinga. Sjálfstæðisbaráttan hin nýja bíður nú þjóðarinnar.

Gleðilegt nýtt ár.



**Krónan ein á báti hefur reynst landsmönnum dýrkeypt og enginn kostur annar er tækur en að bindast öðrum þjóðum um samstarf í þessum efnum.**

Jón Sigurðsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, ráðherra og seðlabankastjóri.

# Víðtæk þjóðleg samstaða

Margir andmæla hugmyndum um aðild Íslands að Evrópusambandinu. En þeim fjölgar sem sjá ástæðu til að kanna málið betur og vilja láta reyna á möguleika þjóðarinnar með aðildarviðræðum við ESB. Ef marka má blaðaskrif andmælendanna eru sterkar líkur á víðtækri þjóðlegri samstöðu í aðildarviðræðum.

Andmælendur leggja áherslu á fullveldi íslensku þjóðarinnar. Um þetta munu langflestir stuðningsmenn aðildar Íslands að ESB sammála. 50. gr. nýs aðalsáttmála ESB gerir ráð fyrir fortakslausum einhliða úrsagnarrétti aðildarríkis. Þetta ákvæði mætir fullveldiskröfu þjóðarinnar. Það er allt annað mál að stjórnarskrá geri ráð fyrir möguleika á sértæku skilyrtu valdaframsali í fjölþjóðasamstarfi. Um þetta hefur verið rætt áratugum saman í tengslum við þátttöku okkar í Evrópuráðinu, Norðurlandaráði, Atlantshafsbandalaginu og stofnunum Sameinuðu þjóðanna.

Andmælendur leggja áherslu á að útlendingum verði ekki hleypt til veiða inn í íslenska landhelgi. Væntanlega eru flestir stuðningsmenn aðildar Íslands að ESB sammála þessu, eða a.m.k. að slíkt sé á einhliða valdi Íslendinga í beinum tímabundnum og sértækum samningum. Samkvæmt reglu ESB um stöðug hlutföll koma engir útlendingar til greina við úthlutun fiskveiðiheimilda í landhelgi Íslands.

Andmælendur leggja áherslu á að Íslendingar einir ráði stjórnkerfi fiskveiða á Íslandsmiðum. Þrátt fyrir mjög skiptar skoðanir um kvótakerfið munu mjög margir stuðningsmenn aðildar Íslands að ESB sammála þessu. Samkvæmt nálægðarreglu ESB er tilhögun fiskveiðistjórnunar sérmál hvers aðildarríkis.

Andmælendur leggja áherslu á að útlendingar geti ekki keypt ráðandi hluti í útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum á Íslandi. Margir stuðningsmenn aðildar Íslands að ESB eru þessu sammála. Ákvæði 299. gr. í aðalsáttmála ESB, sem er 349. gr. í nýjum aðalsáttmála, gera ráð fyrir víðtækri sérstöðu og sjálfræði heimamanna á Madeira, Kanaríeyjum og Azoreyjum í sjávarútvegi og landbúnaði. Ákvæði í aðildarsamningi Möltu og aðildarsamningi Finna vegna Álandseyja hníga í þessa sömu átt. Þarna og víðar eru gildandi fordæmi innan ESB sem skynsamlegt er að nýta í hugsanlegum aðildarsamningi Íslands.

Andmælendur leggja áherslu á óskoruð yfirráð Íslendinga yfir orkuauðlindunum. Áður nefnd ákvæði um Madeira, Kanaríeyjar, Azoreyjar, Möltu og Álandseyjar hafa fullt gildi sem fordæmi í þessu efni einnig. Og þessi ákvæði gera ráð fyrir því að heimilt sé að hindra útlendinga frá því að kaupa eða yfirtaka fyrirtæki í öðrum greinum einnig eða fasteignir, lóðir og landareignir. ESB býður fram margvísleg slík fordæmi sem sjálfsagt er að nýta í aðildarsamningi. Trúlega eru mjög margir stuðningsmenn aðildar Íslands að ESB sammála þessu.



Ofarnefnd ákvæði um eyjasamfélög snerta einnig fæðuöryggi íbúanna. Og ESB hefur lengi lagt áherslu á strangar heilbrigðisreglur um matvælaflutninga. Víðtæk samstaða ætti því að geta náðst um brýnustu hagsmuni landbúnaðarins.

Andmælendur vara við oftrú á tímabundin aðlögunarákvæði eða undanþágur. Væntanlega eru allir Íslendingar sammála um þetta. – Þeir málsþættir sem hér hafa verið nefndir benda eindregið til þess að víðtæk þjóðleg samstaða geti náðst í aðildarviðræðum Íslendinga við Evrópusambandið.

**Andmælendur leggja áherslu á fullveldi íslensku þjóðarinnar. Um þetta munu langflestir stuðningsmenn aðildar Íslands að ESB sammála. 50. gr. nýs aðalsáttmála ESB gerir ráð fyrir fortakslausum einhliða úrsagnarrétti aðildarríkis. Þetta ákvæði mætir fullveldiskröfu þjóðarinnar.**

Jón Ásgeir Jóhannesson kaupsýslumaður:

# Gjörbreyttar rekstrarforsendur

Allir vita að 2008 var slæmt ár fyrir íslenskt efnahagslíf. Þetta var líka slæmt ár fyrir þau fyrirtæki sem tengjast mér helst. Baugur, Teymi, Landic Property, 365 og Hagar – allt eru þetta fyrirtæki í verslun og þjónustu sem áttu gott rekstrarár árið 2007 og stóðu styrkum fótum í ársbyrjun 2008. En vegna mestu efnahagskreppu sögunnar, hruns íslensks efnahagslífs og ekki síst falls íslensku krónunnar allt þetta ár, gjörbreyttust rekstrarforsendur: Tekjur minnkuðu, kostnaður jókst, eignir lækkuðu í verði og skuldir hækkuðu. Í ofanálag hafa bankar og birgjar í mörgum tilfellum skrúfað fyrir eðlilega lánafyrirgreiðslu og fjármögnun.

Árið 2008 var tveimur fjármálafyrirtækjum sem tengjast mér einstaklega örlagaríkt, Glitni og Stoðum. Glitni gekk vel fyrri hluta ársins og skilaði góðum hagnaði, eftir að dregið hafði verið úr umsvifum bankans, rekstrarkostnaður lækkaður og útlán takmörkuð í varúðarskyni. Í haust lenti Glitnir hins vegar í lausafjárvanda þegar bankar um allan heim skrúfuðu fyrir útlán sín. Í stað þess að aðstoða bankann ákvað Seðlabanki Íslands, einhverra hluta vegna, að taka bankann skyndilega yfir. Þessi ákvörðun var ótrúlega vanhugsuð og er að mínu mati ein versta efnahagsaðgerð Íslandssögunnar. Allir aðrir kostir hefðu verið betri. Því miður gerðist það sem allir sáu fyrir nema Seðlabankinn: Lánshæfiseinkunnir hröpuðu, krónan tapaði því sem eftir var af trúverðugleika sínum og viku síðar voru allir bankarnir fallnir. Afleiðingar keðjuverkunar hafa lamað íslenskt efnahagslíf og þjóðfélagið allt.

Fall Glitnis setti fjárhag Stoða, áður FL Group, í uppnám. Áður höfðu Stoðir staðið af sér mikið tap vegna lækkunar fjárfestinga félagsins. Núverandi stjórnendur og helstu hluthafar FL Group breyttu stefnu félagsins fyrir ári, lögðu niður áhættusækinn sóknarleik og lögðu áherslu á vörnina. Dregið var úr umsvifum félagsins og rekstrarkostnaður lækkaður um helming. Um mitt þetta ár leit út fyrir að Stoðir væru komnar fyrir vind, en fall Glitnis var náðarhöggið og Stoðir hafa verið í greiðslustöðvun síðan í október.

Sumir hafa fullyrt að ég beri öðrum fremur ábyrgð á því hvernig komið er fyrir íslensku efnahagslífi. Hvernig gæti það verið? Vissulega hef ég verið umsvifamikill í viðskiptum á Íslandi í 20 ár. Ég hef byggt upp fjölda fyrirtækja og keypt eignarhluti í öðrum. Hjá þessum fyrirtækjum vinna þúsundir starfsmanna hér á landi og tugþúsundir erlendis. Þessi fyrirtæki, sem ég á vel að merkja ekki einn heldur með þúsundum annarra hluthafa, áttu öll eignir umfram skuldir í haust, samtals mörg hundruð milljarða í eigið fé. Lánveitingar til þeirra, margra af stærstu fyrirtækjum landsins, voru u.þ.b. 5% af heildarútlánum íslenska bankakerfisins og öll fyrirtækin voru í skilum með öll sín lán. Engar byrðar höfðu fallið á íslenska banka af völdum þessara fyrirtækja fram að hruninu í haust. Öll þessi fyrirtæki lentu í vanda eftir bankahrunið, líkt og flest fyrirtæki á landinu. Sá vandi er afleiðing af hruninu, ekki orsök þess. Það voru nefnilega bankarnir sem hrundu yfir fyrirtækin en ekki fyrirtækin yfir bankana.

Við erum að eiga við alþjóðlega kreppu sem skekur allt fjármálakerfi heimsins. Ísland fór verr út úr fjármálakreppunni en önnur lönd vegna þess að við vorum í alþjóðlegum fjármagnsviðskiptum með eina smæstu mynt í heimi að vopni og einn minnsta seðlabanka í heimi sem bakhjarl. Bankarnir stækkuðu en öryggisnetið ekki með. Það misræmi get ég ekki tekið á mig. Ég hef um árabil haldið því ítrekað fram að ESB aðild og upptaka evru væri bráðnauðsynleg og hef furðað mig á tregðu stjórnvalda til að opna umræðu um þau málefni. Forsvarsmenn íslenskra fjármálastofnana hafa allir verið þessarar skoðunar og menn reyndu líka að þrýsta á stjórnvöld að efla gjaldeyrisforða ríkisins. Ég minnist þess að hafa komið inn á þessi mál í viðtali við Markaðinn í febrúar 2008. Ég gekk reyndar svo langt að segja að illa gæti farið fyrir bönkunum ef ekkert yrði að gert, en fékk bágt fyrir.

Framan af hausti reyndi ég að standa fyrir svörum um þau málefni og fyrirtæki sem mér tengjast, en komst fljótt að því að það þjónaði litlum tilgangi. Í andrúmslofti reiði, tortryggni og svikabrigsla eiga staðreyndir og rök ekki upp á pallborðið. En þetta ástand getur ekki viðgengist öllu lengur, skaðinn má ekki verða meiri. Bregðast verður við vanda fyrirtækjanna í landinu. Lífvænleg fyrirtæki verða að fá fyrirgreiðslu í bönkunum og endurskipuleggja þarf fyrirtækin í ljósi gjörbreyttra rekstrarforsendna. Við getum lært mikið af frændum okkar Færeyingum, sem tókst með samhentu átaki margra aðila, m.a. Baugs, að byggja upp blómlegt atvinnulíf á tiltölulega skömmum tíma.

Ég vona að við getum sem fyrst á nýju ári farið að nota orkuna í það sem öllu máli skiptir núna, að endurreisa íslenskt efnahagslíf og byggja aftur upp fyrirtækin í landinu. Ég mun ekki láta mitt eftir liggja í þeim efnum.



**Framan af hausti reyndi ég að standa fyrir svörum um þau málefni og fyrirtæki sem mér tengjast, en komst fljótt að því að það þjónaði litlum tilgangi. Í andrúmslofti reiði, tortryggni og svikabrigsla eiga staðreyndir og rök ekki upp á pallborðið. En þetta ástand getur ekki viðgengist öllu lengur, skaðinn má ekki verða meiri.**

Agnar Hansson, forstjóri Sparisjóðabankans:

# Kaupmenn í kippum

Þegar gengið er um stræti Lundúna kemur mönnum stundum spánskt fyrir sjónir að sjá hvernig kaupmenn af sömu gerð virðast hópa sig saman á tiltölulega þröngu svæði. Hér má nefna skraddarana á Savile Row eða skyrtusalana á Jermyn Street. Og skorti fjármagn eru nánast óteljandi bankastofnanir á svæðinu frá Bank lestarstöðinni og upp til Liverpool Street.

Hvaða glóra er í þessu? Væri ekki miklu nær að finna sér stað fjarri samkeppninni þar sem kaupmaðurinn getur betur stýrt álagningunni?

Skýring er að viðskipti þrífast til lengdar best í samkeppni og nánd við keppinautinn. Eitt er álagning, annað er að halda í við þróunina, nýjungarnar og fylgjast með þeim sem skara fram úr.

Svipað gildir um frumkvöðlastarfsemi, þar sem þekking helst innan frumkvöðlaklasa, jafnvel þótt einstaka fyrirtæki leggi upp laupana.

Hér gerist því miður allt of oft að byggð er upp viðamikil sérfræðiþekking sem við gjaldþrot sprotafyrirtækja glatast að langmestu leyti þar sem enginn sambærilegur valkostur finnst. Þó má með góðum vilja finna undantekningu og felst hún í þeirri umfangsmiklu þekkingu á banka- og fjármálaþjónustu sem byggst hefur upp á Íslandi síðasta áratuginn. Tíu ára árangursrík uppbygging sem laðaði til sín marga af okkar bestu einstaklingum hefur hins vegar – því miður – beðið skipbrot. Þarna eigum samt mikinn fjársjóð fólginn í mannauði, þekkingu og reynslu. Og þótt einhverjir örfáir hafi farið yfir strikið má ekki fórna öllu. Ekki má fordæma skóginn þótt fundist hafi fölnað blað!

Við Íslendingar stöndum frammi fyrir einhverjum umfangsmestu erfiðleikum í efnahagssögu okkar á síðari tímum. Það er ljóst að mikil mistök hafa átt sér stað hér heima auk þess sem alsherjar efnahagslægð gengur yfir heimsbyggðina. Þrátt fyrir það megum við ekki missa trúna á getu hvert annars. Við megum ekki láta tortryggnina eyðileggja tækifærin. Við megum ekki drepa niður forvitnina og frumkvöðlakraftinn. Við megum ekki útrýma hrósi og fjárhagslegri hvatningu. Síðast en ekki síst verðum við að leggja allt kapp á að endurvinna traust umheimsins þannig að komandi kynslóðir geti búið við sama frelsi og tækifæri og við sem nú höldum um stjórntaumana.

Það verður að bjarga fjölskyldum og heimilum – ekki til að standa undir óhófi heldur til að lifa við mannsæmandi aðstæður. Það verður að bjarga sem flestum fyrirtækjum þrátt fyrir að staða margra þeirra sé ömurleg í ljósi gengisþróunar erlendra lána. Að öðrum kosti verður atvinnuleysi verra en nokkru sinni fyrr, lægðin dýpri og uppbyggingin hægari og erfiðari en þörf er á. Við verðum að leggja allt kapp á að hjól atvinnulífsins snúist áfram. Það er til lengri tíma litið allra hagur. Um það verður að nást sátt og það jafnvel þó að lausnin sé ekki algerlega sanngjörn.

Kröfuhafar – í flestum tilfellum bankarnir – munu þurfa að gefa verulega eftir og breyta kröfum sínum í hlutafé. Í þeirra hendur – ekki stjórnmálamanna – verður síðan að setja ákvörðunarvaldið um hverjir af núverandi hluthöfum eða stjórnendum einstakra fyrirtækja verði áfram við stjórnvölinn og hvernig fyrirtækjunum verður á sem skemmstum tíma komið aftur úr eigu bankanna og yfir til einstaklinga og annarra fjárfesta.

Það er grundvallaratriði að átta sig á því að fjárfestingargetan er engin. Þeir sem bera væntingar til þess að úti leynist digrir sjóðir af nýju fjármagni sem bíða eftir því að koma til bjargar munu óhjákvæmilega verða fyrir vonbrigðum. Þetta mál verður að leysa innanfrá með sameinuðu átaki undir stjórn þeirra sem hæfastir eru.

Eins þurfum við að átta okkur á því að geta okkar til að sækja fjármagn erlendis frá er horfin. Trúverðugleika okkar var rústað með aðgerðum síðustu mánaða. Mikilvægasta verkefni stjórnvalda á næstu misserum er endurvekja traust umheimsins á okkur Íslendingum. Við getum ekki sætt okkur við einangrun og haftastefnu í alþjóðaviðskiptum – þar verður að ríkja frelsi og traust til hagsbóta fyrir íslenskt þjóðfélag, fyrirtæki, heimili og einstaklinga.

Við verðum að átta okkur á því að stærsta hindrun okkar í alþjóðaviðskiptum er ónýtur gjaldmiðill. Það vill enginn eiga viðskipti með íslensku krónuna eða setja áhættufjármagn hingað á meðan við búum við núverandi ástand. Við höfum talið sjálfsagt að við gætum vaðið inn í garð nágrannans og tínt þaðan öll þau epli og perur sem okkur lystir. Hins vegar höfum við haldið okkar dyrum harðlæstum og ekki hleypt neinum inn. Við höfum verið í stanslausri vörn – lifað í ótta við útlendinginn hræðilega sem tekur allt sem við eigum og skilur okkur eftir í súpunni. Þetta er einhvers konar sambland af minnimáttarkennd og stórmennskubrjálæði. Staðreynd málsins er hins vegar sú að það hefur aldrei neinn viljað eiga neitt hér – ekki síst út af ónýtum gjaldmiðli. Það felst ekki frelsi í sjálfstæðum gjaldmiðli fyrir örríki lengst norður í ballarhafi – þvert á móti er það sjálfskaparvíti. Ef það er eitthvað sem við höfum lært á síðustu árum þá er það að frjálsir fjármagnsflutningar og virk peningamálastjórnun er ómöguleg samhliða minnsta gjaldmiðli heimsins. Ef við ætlum okkur að halda íslenskri krónu þá verðum við að sætta okkur við höft á utanríkisviðskiptum. Að sama skapi myndi einhliða upptaka annars gjaldmiðils ekki vera raunhæf án mikillar miðstýringar og ytri stuðnings. Eina lausin sem gefur almenningi frelsi í viðskiptum og fjármagnsflutningum felur í sér virka þátttöku í alþjóðasamstarfi með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja, þ.e.a.s. ef einhver hefur áhuga á því að hafa okkur með!?

Þeirri umræðu þurfum við að mæta af auðmýkt og hógværð! Gleðilegt nýtt ár!






Markaðurinn alla daga
vísir
Fyrstur með fréttirnar!

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital:

# *Við erum öll á sama báti*

Í augnablikinu ganga yfir land og þjóð efnahagslegar hamfarir. Þessar hamfarir eru ekki einskorðaðar við Ísland heldur er um hnattræna þróun að ræða. Við munum á næstunni ganga í gegnum eina dýpstu kreppu í manna minnum og því er eðlilegt að staldrað sé við og gaumgæft hvort gengið hafi verið til góðs.

Landsmenn hafa á undanförnum 15 árum notið efnahagsbata og kaupmáttaraukningar sem er langt fram úr því sem gerst hefur hjá öðrum þjóðum. Þótt samdráttur í landsframleiðslu á næsta ári kunni að verða allt að 15%, færir það okkur þó ekki nema þrjú ár aftur í tímann. Land og þjóð hafa notið velgengni íslenskra fyrirtækja, útrásar og landvinninga, sem því miður er komið bakslag í, en við Íslendingar erum vön því að fást við aflahret og vinnutarnir á víxl.

Það er mikilvægt í þeim nornaveiðum sem nú virðast hafnar að fyllast ekki dómhörku og benda of víða, því við erum öll á sama báti og ættum að hjálpast að við að ausa meðan enn lekur. Þegar skútan er komin í trausta höfn er kannski tími til að fara í persónuleg uppgjör eða leita ástæðna en sem stendur ættum við öll að ausa sem mest við getum. Fátt er mikilvægara nú um stundir en að þétta raðirnar og standa saman að þeirri efnahagslegu uppbyggingu sem mun fara fram. Reiði og gremja eru slæmir meðreiðasveinar við það verk sem nú þarf að vinna.

Vandamálin sem eru aðsteðjandi nú um stundir eru fjarri því að vera óyfirstíganleg. Það sem þarf til er verkstjórn til að taka á þessum vandamálum skref fyrir skref. Of mikið hefur virst af handahófskenndum lagasetningum og afgreiðslum sem viðbrögð við áreiti, fremur en því að aðgerðir einkennist af festu, yfirsýn og framsýni. Mörg þessara vandamála eru tæknileg í eðli sínu og hafa tafir við úrlausnir valdið frekari skaða en nauðsynlegt er.

Um árabil höfum við tekið þátt í samfélagi þjóðanna, stjórnmálalega og efnahagslega, og tekið upp þær almennu leikreglur sem gilda í þeim samskiptum. Við þurfum að sýna að við séum þess bær að vera áfram þátttakendur í þessu samfélagi, en séum ekki þjóð sem segir sig frá skuldbindingum eða ábyrgð er gefur á bátinn og ekki hentar að lúta þessum reglum. Til að ná aftur vopnum okkar er lykilatriði að semja við erlenda og innlenda kröfuhafa gömlu bankanna og leyfa þeim sem rauneigendum bankanna að hlutast til um ráðstöfun eigna og meðferð búanna. Þetta þarf að gerast samkvæmt leikreglum, gagnsætt og með hámörkun verðmæta að leiðarljósi, þannig að við verðum ekki dæmd á skóggang í samfélagi þjóðanna. Með þessu næst einnig fram dreifðari eignaraðild að nýju bönkunum og minni pólitísk afskipti,



sem ég tel ríkja þjóðarsátt um að hverfa ekki til, enda reynsla okkar sem þjóðar slæm af því fyrirkomulagi.

Þótt gengisfall krónunnar nú valdi tímabundnum búsifjum hjá fjölda einstaklinga og fyrirtækja er hin hliðin á því auðvitað sú að nú fáum við fleiri krónur fyrir hverja vöru sem flutt er út. Ég tel að á næstu tveimur árum munum við færa okkur aftur nær þeim grunnatvinnuvegum og náttúrulegum styrkleikum okkar sem þjóðar til að vinna aftur sess okkar í samfélagi þjóðanna. Útflutningsfyrirtæki í iðnaði og sjávarútvegi ganga mjög vel um þessar stundir og eru líkleg til að varða okkur veginn út úr þessari þoku sem nú ríkir.

Það er mikilvægt við núverandi aðstæður að huga að grunngildum okkar og aðlaga sig strax breyttum aðstæðum. Sem þjóð erum við aflafólk og fyllum trogin þegar vel gefur en getum líka sætt okkur við rýrari heimtur og aflabrest þegar svo ber undir. Okkar eðlislæga bjartsýni og trú á framtíðina er það sem mun að lokum færa þjóðina út úr þessum hremmingum. Ekki endilega skyndilausnir, heldur hin gömlu alíslensku gildi um vinnusemi, heiðarleika og trú sem nýst hafa þjóðinni fram til þessa og munu áfram verða hennar helsta eign. Sem fyrr munum við setja undir okkur hausinn og halda á móti storminum, því eftir tíu ár verður núverandi ástand orðið að sögulegu viðfangsefni og vonandi gagnlegur lærdómur í farteskinu á móts við nýja tíma.

Ari Edward, forstjóri 365 miðla:

# *Skelfilegt ár*

Á þessum sama stað fyrir ári síðan fannst mér viðburðaríkt ár vera að baki. En hafi maður gefið árinu 2007 þá einkunn, er erfitt að finna nægilega sterk orð til að lýsa seinni hluta þess árs sem nú er að kveðja. Engan gat órað fyrir því hruni sem framundan var, þar sem allt virðist hafa lagst á eitt til að gera niðurstöðuna eins slæma fyrir Ísland og verst gat orðið.

Orsakir þessa ástands eru alþjóðlegri og víðtækari en oft er haldið á lofti í umræðum hér, þótt áhrifin hafi komið skjótar fram en víða. Tugir banka hafa þegar orðið kreppunni að bráð, austan hafs og vestan, en vandamálin eiga eftir að verða dýpri á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Til dæmis í bílaiðnaði hafa amerísku risarnir verið mest í sviðsljósinu fram að þessu, en reikna má með að sambærilegar hörmungar eigi eftir að vitja Evrópu á því sviði.

Hjá okkur Íslendingum hefur margt hefur lagst á eitt. Jónas Haralz bendir á að aðild að Evrópska efnahagssvæðinu án innviða Evrópusambandsins hafi boðið heim hættu á misgengi. Snýr það fyrst og fremst að stærð íslenska bankakerfisins, sem nýtti sér tækifæri til vaxtar, með Ísland sem heimahöfn. Ástandið magnast svo frekar með fyrirhyggjuleysi um gjaldmiðlasamstarf og gjaldeyrisforða og með hávaxtastefnu sem yfirverðsetti íslensku krónuna og íslenskar eignir og ýtti undir erlenda skuldsetningu, innflutning og glannaleg kaup erlendra eigna. Við Íslendingar vöknuðum upp við þann vonda draum að hafa búið við kolrangt mat á kaupmætti okkar og lífskjörum í samanburði við aðrar þjóðir.

Ekki er skynsamlegt að dvelja um of við þau mistök sem gerð hafa verið, en það verður strax að hætta að endurtaka sömu mistökin. Flestum er að verða ljóst að aðild að Evrópusambandinu, ef viðunandi samningar nást, getur lagt grundvöll að varanlegri endurreisn Íslands, m.a. í peningamálum og varðandi orðspor og umsvif íslendinga á alþjóðavettvangi. Þessi vegferð mun væntanlega hefjast fyrir alvöru á vormánuðum, ef landsfundur Sjálfstæðisflokksins kemst að jákvæðri niðurstöðu um aðildarviðræður. Ef það verður ekki sé ég a.m.k. fyrir mér grýttari og lengri leið upp úr þeirri holu sem Ísland er komið í.

Óháð niðurstöðu í Evrópumálum tel ég samt sem áður að sá bráðavandi sem íslenskt atvinnulíf stendur frammi fyrir þoli enga bið og úrlausn hans geti alls ekki beðið eftir umræðum um aðild að Evrópusambandinu. Ég óttast að ráðamenn geri sér ekki grein fyrir því að við erum hársbreidd frá því að missa stóran hluta íslensks atvinnulífs í gjaldþrot. Keðjuverkandi vanskil og peningaþurrð eru alls staðar sjáanleg. Ef það ástand fær að grafa um sig á næstu vikum verða því miður ekki 10.000 Íslendingar án atvinnu, heldur miklu fleiri. Nýir bankar munu heldur ekki verða mikils virði ef viðskiptavinir (skuldarar) þeirra verða gjaldþrota að stórum hluta. Skilvirkasta ráðið til að afstýra þessu hruni í íslensku atvinnulífi og samfélagi, sem gæti orðið enn alvarlegra en það sem við höfum þegar séð, er að lækka vexti strax um meira en 10 prósent og gera ráðstafanir til að auka peningamagn í umferð. Rangar áherslur í vaxtamálum hafa þegar aukið meira en nóg við margþættan vanda hér og öllum má vera ljóst að íslenskt vaxtastig gerir ekkert í dag til að styðja við gengi krónunnar og kyndir undir verðbólgunni frekar en hitt.

Stjórnmálaforystan verður að setja endurreisn efnahagslífsins í algeran forgang. Hættan er að ráðherrar séu of uppteknir við embættisleg viðfangsefni eins og rekstur stofnana og áhyggjur af niðurskurði, frekar en að huga jafnframt að efnahagslífinu í heild. Þar þarf að skapa þann jarðveg að fólk sem á fé, og það er enn víða að finna, fjárfesti í uppbyggingu og tækifærum. Einungis þannig vinnum við okkur út úr vandanum og með þeirri hefðbundnu aðferð að finna leiðir til að gera hlutina betur en áður, með ódýrari og skilvirkari hætti.

Nýtt hugarfar er nauðsynlegt. Rétt eins og sjálfshjálparnámskeiðin kenna, þá verða neikvæðni og úrtölur seint veganesti til uppbyggingar, það á jafnt við um heil þjóðfélög eins og fyrir einstaklinga. Að sjálfsögðu verður aðdragandi falls bankanna skoðaður gaumgæfilega og gjörningar í kringum það, en þar verðum við að treysta faglegum aðilum sem fara með ábyrgð og vald í þeim efnum. Íslendingar hafa slæma reynslu af því að þjóðfélagið missi sig í móðursýki sem krefst þess að fólk sé „tekið af lífi“ á grundvelli slúðurs, upphrópana og ýkjusagna, en án dóms og laga. Nægir að nefna Geirfinnsmálið og Hafskipsmálið í því sambandi. Stóru hneykslin í þeim málum þegar upp er staðið, er hve margir báru margt á saklausa, með hræðilegum og óbætanlegum afleiðingum. Í nýlegri bók um Hafskipsmálið vitna fjölmiðlamenn um hvernig þeir voru misnotaðir með skipulögðum leka frá ýmsum, sem gátu þannig stýrt því að hverjum hasarinn beindist hverju sinni. Margir þeirra sem hæst létu þá eru enn á ferðinni í fjölmiðlum og stjórnmálum og virðast sumir lítið hafa lært. Fjölmiðlar rannsaka sjaldnast hvernig upphrópanir voru tilkomnar sem reyndust innistæðulausar og missa áhugann á „hneyksli“ sem gufar upp. Enginn virðist nokkru sinni þurfa að bera neina ábyrgð á ósönnum ásökunum. Sumir lýðskrumaranna nú hafa meira að segja gengið svo langt að vara ákveðna einstaklinga við að láta sjá sig á götum úti! Er þá ekki farið að styttast í kröfu um að slíkt fólk sé látið bera sérstök merki til aðgreiningar? Ég trúi því ekki að það sé stór hópur sem vill í alvöru missa Ísland inn á þessar brautir. Hvernig getur lögreglan leyft sér að taka grímuklæddum ofbeldismönnum sem góðlátlegu sprelli?

Ég vil þrátt fyrir allt vera bjartsýnn á að þær hörmungar sem nú ganga yfir okkur geti tekið fljótt af, það kennir reynslan ef rétt er á málum haldið. Við þurfum strax að hefjast handa. Ég vil óska öllum gleðilegs árs og friðar.



**Óháð niðurstöðu í Evrópumálum tel ég samt sem áður að sá bráðavandi sem íslenskt atvinnulíf stendur frammi fyrir þoli enga bið**



Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems:

# Fjármálakreppan geisar enn

Þegar horft er til baka yfir árið sem er að líða dylst engum að það hefur verið íslenskum fyrirtækjum mjög erfitt. Hrun bankanna var gríðarlega þungt högg sem skók stoðir íslensks efnahagslífs. Þá var það ekki síður áfall að krónan skyldi bregðast. Gjaldeyrisviðskipti lágu niðri vikum saman og viðskipti nánast lömuðust. Háir vextir hafa sömuleiðis gert innlenda fjármögnun bæði dýra og erfiða. Orðspor Íslendinga erlendis hefur einnig beðið mikinn hnekki og það er erfitt að vera íslenskt fyrirtæki í dag og eiga í alþjóðlegum viðskiptum. Það er ljóst að hvorki atvinnulífið né heimilin geta búið við það ástand sem hér ríkir til lengdar.

Framundan er mikið uppbyggingarstarf og nauðsynlegt er að breyta um áherslur í íslensku efnahagslífi. Stórauka þarf áhersluna á útflutning og að sama skapi að draga úr innflutningi. Einungis þannig mun takast að greiða niður þær skuldir sem blasa við okkur sem þjóð. Til lengri tíma litið þurfa lífskjörin í landinu að byggjast á þeim tekjum sem við öflum en ekki á þeim lánum sem við höfum aðgang að, eins og verið hefur undanfarin ár. Það er því mikilvægt að hlúa vel að öllum útflutningsgreinum, hvort sem um er að ræða fiskvinnslu, iðnað eða ferðaþjónustu, og leggja þarf áherslu á nýsköpun og raunverulega verðmætasköpun.

Þrátt fyrir þau erfiðu skilyrði sem við búum nú við hefur staða útflutningsfyrirtækja á Íslandi batnað að ýmsu leyti. Rekstrarumhverfi þeirra hefur um nokkurra ára skeið verið ákaflega óhagstætt. Sérstaklega hefur hágengisstefnan gert þeim erfitt fyrir en gengi krónunnar hefur verið skráð langt yfir eðlilegu jafnvægisgengi. Fyrirtæki hafa þurft að bregðast við með sífelldri hagræðingu í rekstri og flest hafa dregið úr umsvifum í rekstri á Íslandi. En í dag horfa þau fram á mun hagstæðari rekstrarskilyrði. Veiking krónunnar, sem á vonandi eftir að rata í eðlilegt jafnvægisgengi, veldur því að útflutningur er samkeppnishæfari og skilar hærri tekjum. Vegna þeirrar miklu hagræðingar og aðhaldssemi sem fyrirtækin hafa þurft að grípa til skilar þessi tekjuaukning strax stórbættri afkomu.

Það er án efa erfitt ár framundan um heim allan. Alþjóðlega fjármálakreppan geisar enn og sá skortur á fjármagni sem henni fylgir kemur til með að hafa áhrif á allar atvinnugreinar. Þrátt fyrir það sjáum við hjá Marel Food Systems ljós við endann á göngunum enda teljum við okkur vel í stakk búin til að standast þennan storm. Reynslan hefur sýnt að matvælaiðnaðurinn er ekki eins næmur fyrir hagsveiflum og flestar aðrar greinar. Neytendur munu eflaust þurfa að skera niður útgjöld, til dæmis ferðalög, nýja bíla og munaðarvörur, en þeir munu halda áfram að borða, jafnvel þótt neysluvenjur þeirra eigi eftir að breytast. Því má gera ráð fyrir að áhrif fjármálakreppunnar verði minni og skammvinnari í matvælaiðnaðinum en í mörgum öðrum greinum.

Þá sjáum við tækifæri til sóknar á markaðssvæðum sem eru ekki eins berskjölduð gagnvart fjármálakreppunni og önnur. Á meðan að flest eldri hagkerfi heims, þar á meðal Evrópa og Bandaríkin, eiga í miklum vandræðum, hefur því verið spáð að kreppan muni ekki rista jafn djúpt til dæmis í Suður-Ameríku, Asíu og Eyjaálfu. Sum þessara svæða hafa þegar gengið í gegnum bankakreppur á 9. áratugnum og standa því betur að vígi í dag. Þarna leynast tækifæri, sérstaklega við núverandi aðstæður.



**Það er án efa erfitt ár framundan um heim allan. Alþjóðlega fjármálakreppan geisar enn og sá skortur á fjármagni sem henni fylgir kemur til með að hafa áhrif á allar atvinnugreinar.**

Undanfarin tvö til þrjú ár hefur Marel Food Systems stækkað mjög ört með kaupum á erlendum fyrirtækjum og hefur það skilað okkur í fremstu röð framleiðenda á búnaði til matvælavinnslu á heimsvísu. Á sama tíma höfum við, eins og mörg önnur útflutningsfyrirtæki, hagrætt mikið í okkar rekstri og dregið úr kostnaði. Við stöndum sterkari eftir og það kemur sér vel nú þegar harðnar í ári.

Framundan er mikil vinna sem mun krefjast þrautseigju og útsjónarsemi en þegar við siglum upp úr þessum öldudal efnahagshremminga tekur við uppgangstímabil. Þeir sem ná að byggja upp trausta innviði meðan barist er í gegnum öldurótið munu uppskera þegar aftur er komið á lygnan sjó.

Ég óska lesendum Markaðarins farsældar á nýju ári.

Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands:

# Horft í straumhvörf við áramót

Hrammur hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu hefur lagst af meiri þunga á íslenskan þjóðarbúskap, heimili og fyrirtæki en víðast hvar í heiminum. Mikið ójafnvægi hafði einkennt þjóðarbúskapinn árum saman, sem birtist í verðbólgu, eignaverðbólu, óhóflegum útlánavexti og gríðarlegum viðskiptahalla. Þegar lausafjárofgnóttin á alþjóðlegum fjármálamörkuðum breyttist í skort á skammri stundu stóð íslenskur þjóðarbúskapur því berskjaldaðri en í flestum öðrum löndum. Áframhaldandi vöxtur var háður greiðum lánsfjáraðgangi, en í því hefði falist skuldasöfnum við útlönd, sem ekki gat staðist til lengdar. Fræjum samdráttarins sem nú stendur yfir var því sáð löngu áður en alþjóðlega fjármálakreppan skall á, enda höfðu spár Seðlabankans um nokkurt skeið sýnt snarpan samdrátt í efnahagslífinu.

Efnahagslegar hamfarir af því tagi sem nú dynja yfir skýrast jafnan af samspili margra þátta. Sumir kunna að vera á valdi innlendra stjórnvalda en aðrir ekki. Árum saman hafði spenna magnast í alþjóðahagkerfinu sem rekja má til peninga- og gengisstefnu sem rekin var í helstu efnahagsveldum heims. Ódýrt fjármagn sem af þessari stefnu leiddi flýtti fyrir uppbyggingu fjölþjóðlegrar bankastarfsemi á Íslandi. Þessi starfsemi reyndist byggð á veikum forsendum. Fjármálakreppan hefur afhjúpað alvarlega veikleika í umgjörð fjármálakerfisins á Evrópska efnahagssvæðinu. Lög og reglur hvetja til fjölþjóðlegrar samkeppni fjármálafyrirtækja án þess að því fylgi skilyrði um sameiginlegt fjármálaeftirlit, tryggingu innistæðna eða fulla þátttöku í peningalegum samruna. Upphaflega var litið svo á að alþjóðleg starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja fæli í sér áhættudreifingu og drægi úr áhrifum sveiflna í þjóðarbúskapnum á efnahag þeirra. Reyndin varð önnur. Hraður vöxtur fjármálafyrirtækja, sem nærðist á ríku framboði lánsfjár á lágum vöxtum, magnaði áhættuna sem fylgdi fjölþjóðlegri bankastarfsemi. Eigendur bankanna höfðu hvorki reynslu til að greina þessa áhættu né fjárhagslega burði til að vera sá bakhjarl sem þörf var á þegar hún varð öllum ljós. Hvorki ríkið né Seðlabankinn hafði bolmagn til að fylla það skarð.

Innlend stjórnvöld skildu ekki fyllilega þá áhættu sem ofangreind þróun fól í sér. Þau létu blekkjast af því að lausafjárgnóttin í heiminum virtist gera einstaklingum og fyrirtækjum kleift að safna skuldum með áður óþekktum hraða, bæði innanlands og við útlönd, án þess að það hefði samsvarandi eftirköst í för með sér og áður í sögunni. Þótt skuldir ykjust hröðum skrefum jókst verðmæti eigna hraðar og greiðslubyrði jókst hægar en tekjur. Ríkissjóður skilaði auknum afgangi þrátt fyrir skattalækkanir. Margir voru ófúsir að horfast í augu við að forsenda þessarar þróunar væri að ríkulegt framboð ódýrs lánsfjármagn héldi áfram. Því var ekki búið í haginn fyrir mögru árin. Margvíslegar eftirspurnarhvetjandi aðgerðir hins opinbera lögðu þvert á móti mikla byrði á peningastefnuna, sem leiddi til hárra innlendra skammtímavaxta. Í hinu alþjóðlega lágvaxtaumhverfi ýtti það enn frekar undir innstreymi ódýrs fjármagns, sem gerði efnahags- og fjármálakerfið enn berskjaldaðra en ella gagnvart straumhvörfum á alþjóðafjármálamörkuðum.

Raunsæi sem stundum skorti á í góðærinu má ekki vanta nú. Aðgerðir í efnahagsmálum verða að taka mið af því að rót vandans fyrir bankahrunið var meiri kaupmáttur en framleiðslugeta þjóðarbúsins stóð undir. Rýrnun kaupmáttar er því óhjákvæmilegur þáttur aðlögunar að jafnvægi. Fé sem hið opinbera hefur til ráðstöfunar mun dragast mikið saman á sama tíma og mikla fjármuni þarf að leggja í endurreisn bankakerfisins. Þessum takmörkuðu fjármunum þarf að verja af kostgæfni með það í huga að draga úr óþörfum og skaðlegum tekjutilfærslum sem draga úr hagvaxtargetu þjóðarbúsins til lengri tíma. Þegar aðgerðir til hjálpar heimilum og atvinnulífinu eru mótaðar er gagnlegt að greina á milli þriggja mismunandi hópa heimila og fyrirtækja. Í fyrsta lagi eru heimili og fyrirtæki sem enga aðstoð þurfa, líklega allur þorri heimila og flest fyrirtæki. Í öðru lagi eru heimili og fyrirtæki sem gætu orðið gjaldþrota vegna tímabundinna greiðsluörðugleika, en geta staðið við langtímaskuldbindingar með hæfilegri tilhliðrun. Í þriðja lagi eru heimili og fyrirtæki sem hverfandi líkur eru á að geti unnið sig út úr vandanum með tímabundnum tilhliðrunum eins og greiðsludreifingu, frystingu lána o.s.frv. Aðstoð við þennan hóp þarf fyrst og fremst að miða að því að treysta hið félagslega öryggisnet og auðvelda einstaklingum að koma undir sig fótum á ný í kjölfar gjaldþrots. Áform eru um söfnun upplýsingar sem auðveldar greiningu á stöðu mismunandi hópa.

Horft til lengri tíma er eðlilegt að taka gervallt umhverfi peningastefnunnar og fjármálakerfisins til gagngerrar endurskoðunar. Sveigjanleg gengisstefna og sjálfstæð peningastefna reyndist ekki eins góð vörn gagnvart óhóflegri gjaldeyrisáhættu og vonast var til. Hrun bankakerfisins leiddi til gjaldeyriskreppu sem dýpkar kreppuna til muna. Hin ósamrýmanlega þrenning stöðugs gengis, sjálfstæðrar peningastefnu og óheftra fjármagnshreyfinga knúði Ísland til sveigjanlegrar gengisstefnu í kjölfar þess að fjármagnshreyfingar voru gefnar frjálsar með EES samningnum. Í ljósi reynslunnar er nauðsynlegt að endurmeta hvort það horn sem Ísland valdi í „þríhyrningi ósamrýmanleikans“ árið 2001 henti landinu best til lengdar. Verði ekki aðrir kostir í boði er nauðsynlegt að skjóta sterkari stoðum undir verðbólgumarkmiðið. Það er hins vegar efni í aðra grein.



**Horft til lengri tíma er eðlilegt að taka gervallt umhverfi peningastefnunnar og fjármálakerfisins til gagngerrar endurskoðunar. Sveigjanleg gengisstefna og sjálfstæð peningastefna reyndist ekki eins góð vörn gagnvart óhóflegri gjaldeyrisáhættu og vonast var til.**

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group:

# Fjölhæfnin er styrkur

Árið 2008 verður eftirminnilegt fyrir Icelandair Group sem og alla Íslendinga. Þær hremmingar sem gengið hafa yfir Ísland á síðari hluta ársins eru líklega einsdæmi og hefur sett efnahag margra fyrirtækja og einstaklinga í uppnám. Slíkt hefur áhrif á hagkerfið í heild sinni og breytir mjög neysluhegðun fyrirtækja og einstaklinga. Mikilvægt við slíkar aðstæður er að setja sér skýra framtíðarsýn og ná víðtækri samstöðu um hana til að lágmarka skaðann og jafnframt flýta að út úr vandanum verði unnið. Við eigum sterkar stoðir, góðar framleiðslueiningar í fiskiðnaði, stóriðju og ferðamannaiðnaði sem geta komið okkur hratt út úr þessari stöðu. Ísland er lítið hagkerfi sem bregst hratt við aðstæðum eins og sést nú við samdrátt í innflutningi.

Áhrif á rekstur samstæðu Icelandair Group frá byrjun október eru veruleg og koma hart niður á rekstri og efnahag. Kemur þetta í beinu framhaldi af mjög erfiðu ári hvað eldsneytisverð varðar. Miklar aðgerðir í rekstri ýmissa félaga innan samstæðunnar fyrri hluta ársins hafa hjálpað við þessar aðstæður.

Utanferðir Íslendinga hafa stórlega dregist saman og líklegt að það haldi áfram á næsta ári. Slík þróun er að koma í ljós víðs vegar í heiminum og mun árið 2009 bera þess merki. Sést hefur spádómur um að árið 2009 verði erfiðasta rekstrarár í sögu flugsins. Ég tel að ferðamannaiðnaðurinn heilt yfir muni sjá fram á erfitt ár. Enn og aftur, við slíkar aðstæður er mikilvægt að hafa skýra sýn á framtíðina og vinna úr þeim vandamálum sem uppi eru hverju sinni. Á Íslandi munu samt myndast tækifæri sem við verðum að nýta okkur.

Icelandair Group er alþjóðleg samstæða fyrirtækja með starfsemi um allan heim. Tekjur koma frá mörgum heimssvæðum og frá ólíkri starfsemi og tæplega 80% tekna samstæðunnar eru í erlendum gjaldmiðlum. Þessi fjölhæfni og dreifing í tekjumyndun er samstæðunni mikill styrkur í umrótinu nú og dregur úr því höggi sem skyndilegur og ófyrirséður samdráttur í ferðalögum Íslendinga er.



Hafa ber þó í huga að það hefur kreppt að víðar en á Íslandi og sér ekki fyrir endann á því.

Flugið og ferðaþjónustan er sveiflukennd starfsemi og styrkur Icelandair Group er að bregðast hratt við óvæntum breytingum. Fyrirtækið hefur alltaf verið í einkaeigu og haft arðsemi hluthafa að leiðarljósi. En það hefur um leið tekið að sér það mikilvæga samfélagslega hlutverk að byggja upp leiðarkerfi í flugi til og frá landinu. Sú starfsemi er grundvöllur ferðaþjónustunnar í landinu og tryggir Íslendingum framúrskarandi samgöngur við umheiminn. Hún skapar þúsundum atvinnu um allt land og byggir upp sérfræðiþekkingu sem undirstaða umfangsmikillar gjaldeyrisskapandi flugstarfsemi um allan heim.

Nú sem fyrr förum við hjá Icelandair Group í gegnum súrt og sætt með þjóðinni. Hún getur treyst á liðsinni okkar í þeirri baráttu sem framundan er.

Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Skjásins:

# Barátta og breytingar

Árið 2009 verður ár baráttu og breytinga á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Það er fyrirséð að einkarekin fjölmiðlafyrirtæki munu, eins og fjölmörg önnur fyrirtæki, berjast fyrir tilvist sinni í erfiðu rekstrarumhverfi. Eitt fjölmiðlafyrirtæki, Ríkisútvarpið, mun þó styrkja stöðu sína, því rekstrinum hafa nú þegar verið tryggðar ríflega 500 miljónir króna úr vösum skattgreiðenda til viðbótar við þær þrjú þúsund milljónir sem það fær á ársgrundvelli til að keppa við einkarekin fyrirtæki innan sömu greinar. RÚV hefur orðið uppvíst að samkeppnishamlandi undirboðum á markaði, hegðun sem yfirmaður fyrirtækisins telur einkennast af „kurteisi og hæversku“. Á sama tíma og stjórnvöld hafa kjark til þess að auka skattheimtu af Íslendingum til þess að standa undir rekstri ríkisfjölmiðils, virðist þau skorta kjarkinn til þess að gera það sem rétt er og draga ríkið út af sjónvarpsauglýsingamarkaði. Það er hjákátlegt að stjórnarþingmaður leggi fram þingsályktunartillögu þess efnis að endurskoða samkeppnisumhverfi á Íslandi, á sama tíma og hann mælir gegn því að sanngjörn samkeppni gildi í rekstri sjónvarpsstöðva. Það skiptir engu máli hvað stjórnmálamenn segja, það skiptir máli hvað stjórnmálamenn gera.

Menntamálaráðherra lagði fram frumvarp á Alþingi í byrjun desember þar sem hún ætlaði að taka mikilvægt skref í átt að réttlátri samkeppni á fjölmiðlamarkaði og takmarka umsvif Ríkissjónvarpsins á auglýsingamarkaði. Í frumvarpinu var mikil von. Þar kom fram skýr pólitískur vilji til þess að leiðrétta samkeppnisumhverfi einkarekinna sjónvarpsstöðva. Frumvarpið var skref í rétta átt.

Það mátti færa rök fyrir því að þær takmarkanir sem settar voru fram í frumvarpinu væru litlar og dugði það eitt að benda á að meðalnýting RÚV á auglýsingum í sjónvarpi var um 3 prósent pr. útsenda klukkustund í október á meðan takmarkanir í frumvarpinu kváðu á um 5 til 10 prósenta hámarks nýtingu.

Það sem skipti öllu máli var að vilji ráðherra var skýr, starfsfólk ráðuneytisins trúði því að í frumvarpinu fælust umtalsverðar takmarkanir á umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði. Skjárinn ætlaði sér að treysta stjórnvöldum fyrir því að þetta væri rétt mat. Það sem skiptir meira máli var að í frumvarpinu var ákvæði um endurskoðun fyrir 1. júlí árið 2009. Þannig var í frumvarpinu tækifæri til þess að bregðast við ef takmarkanir væru ekki raunverulegar, eða mat á afleiðingum rangar.

Tillögurnar hafa nú verið dregnar til baka. Sagt er að árið 2009 verði lagðar fram nýjar tillögur, frumvarp sem muni hafa áhrif á alla fjölmiðla á Íslandi.

Menntamálanefnd Alþingis treysti sér ekki til þess að afgreiða frumvarp menntamálaráðherra. Ástæður sem gefnar voru upp í fjölmiðlum voru tvíþættar, annars vegar sú að fjöldi athugasemda hefði borist, meðal annars frá kvikmyndagerðarmönnum, auglýsendum og auglýsingagerðarmönnum. Hins vegar var gefin upp sú afstaða að óskynsamlegt væri að setja takmörk á ríkisfjölmiðilinn á auglýsingamarkaði nema reglur um eignarhald á fjölmiðlum væru settar samhliða.

Þegar umsagnir um frumvarpið verða gerðar opinberar verður athyglisvert að skoða hvað umsagnaraðilarnir höfðu um það að segja. Nefnum nokkra umsagnaraðila í tveimur hópum. Í fyrri hópnum eru útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins, Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins, Félag fréttamanna Ríkisútvarpsins, Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins, Samtök stéttafélaga almannaútvarpsstöðva á Norðurlöndunum og Félag kvikmyndagerðarmanna. Í seinni hópnum eru einkareknu fjölmiðlarnir, Samtök atvinnulífsins, Samtök auglýsenda, Viðskiptaráð Íslands og Samkeppniseftirlitið en ég þykist vita að þeir sem tilheyra seinni hópnum hafi fagnað frumvarpinu og því mikilvæga skrefi sem til stóð að taka.

Starfsmenn menntamálaráðuneytisins hafa unnið að því að skoða möguleika á takmörkun á umsvifum Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði frá því í vor, bæði forsætisráðherra og menntamálaráðherra lýstu því yfir opinberlega í sumar að það stæði til að setja takmörk. Það vekur upp spurningar ef menntamálanefnd Alþingis ber minna traust til tillögu ráðherra en fyrirtæki sem starfa á markaðinum. Hvaða rök liggja að baki ákvörðuninni? Voru umsagnir studdar raunverulegum gögnum? Hvaða breytingar á að gera í nýjum tillögum sem til stendur að leggja fyrir á næsta ári? Nú er tíminn til að spyrja spurninga.

Mín framtíðarsýn er að á Íslandi verði fjölbreyttir, kröftugir og lifandi fjölmiðlar í dreifðri eignaraðild. Ég vil sanngjarnt samkeppnisumhverfi þar sem sjónvarpsstöðvar eiga þess kost að blómstra ef þær sýna góða dagskrá og góðan rekstur. Forsenda þess að fjárfestar sjái hag sinn í að koma að rekstri fjölmiðla er sú að rekstrargrundvöllur þeirra sé traustur og samkeppnin sé sanngjörn.

Það getur ekkert einkarekið fyrirtæki keppt við ríkisfyrirtæki sem fær árlega þrjú þúsund og fimm hundruð milljónir í forgjöf frá skattgreiðendum og hikar ekki við að brjóta samkeppnislög. Frjálsir fjölmiðlar á Íslandi voru fleiri en tveir árið 2008, það verður spennandi að sjá hvað þeir verða margir árið 2009.



**Á sama tíma og stjórnvöld hafa kjark til þess að auka skattheimtu af Íslendingum til þess að standa undir rekstri ríkisfjölmiðils, virðist þau skorta kjarkinn til þess að gera það sem rétt er og draga ríkið út af sjónvarpsauglýsingamarkaði.**

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni




Fréttablaðið stendur upp úr
Höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Capacent ág-okt 08

Notaðu mest lesna blað landsins
til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina
Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband
í síma 512 5448 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

FRÉTTABLAÐIÐ

Ársæll Valfells lektor og Heiðar Már Guðjónsson framkvæmdastjóri:

# Í samningum þarf valkosti

Þegar stjórnvöld stóðu frammi fyrir bankakreppu og gjaldmiðilskreppu virtist sem að þau hefðu þann eina kost að taka há erlend lán. Lán sem eru til þess eins að reyna að endurreisa traust á gjaldmiðli sem hagfræðilega er ómögulegt að halda úti með góðu móti. Undirritaðir komu því fram og bentu á aðrar leiðir sem útheimta ekki erlenda skuldsetningu.

Nú hafa íslensk stjórnvöld samið um viðbragðsáætlun við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, AGS, og fengið lánaloforð hjá erlendum ríkjum. Inn í þetta blandast svo vilji íslenskra stjórnvalda til að gangast í ábyrgð fyrir IceSave-skuldbindingum Landsbankans.

Vandinn við umræðu um kosti í gjaldmiðilsmálum er að þar er tveimur ólíkum en þó tengdum atriðum blandað saman, aðild að ESB og svo fyrirkomulagi gjaldmiðilsmála. Blöndunin felst í því að fyrirkomulagi fastgengis er hrært saman við aðild að ESB.

Valkostirnir eru annars vegar að leysa gjaldeyriskreppuna sem fyrst, eða búa að öðrum kosti við óbreytt fyrirkomulag í nokkurn tíma uns hægt er að fá aðild að myntbandalagi með stjórnmálasambandi.

Seinni kosturinn er fyrirferðarmestur í umræðunni um fast land í gengismálum. En til að fá aðild að ERM II þarf fyrst að liggja fyrir samþykkt á aðildarumsókn. Fyrst þarf kosningar um aðild, svo aðildarumræður þar sem farið er fram á undanþágur frá regluverkinu, því næst kosningar um samninginn og svo samþykki allra 27 þjóða sambandsins á inngöngu landsins. En þá er ferlið rétt að hefjast, því Ísland þarf að taka sér stöðu í biðröð þar sem önnur ríki eru fyrir og hafa verið samþykkt sem næstu aðildarríki. Þegar loks er búið að samþykkja Ísland sem aðildarríki þarf landið að hafa uppfyllt Maastricht-skilyrðin um stöðugleika í 2 ár samfellt. Þá loksins fæst ný mynt. Því miður tekur þetta ferli á bilinu 4 til 8 ár, þó að allt gangi eftir. Ekki má gleyma því að frekari stækkun sambandsins er háð því að Lissabon-sáttmálinn verði staðfestur. Hann er í uppnámi eftir að Írar felldu hann í þjóðaratkvæðagreiðslu. Vandinn við seinni kostinn er hve langan tíma tekur að ná föstu landi í gjaldmiðilsmálum. Spurningin er hvort íslenskt efnahagslíf hafi efni á því að bíða.

Einhliða upptaka annars gjaldmiðils er því eini valkosturinn í fastgengi sem Ísland hefur völ á. Upptaka annars gjaldmiðils, t.d. evru er tæknilega möguleg og líka pólitískt möguleg. Það sannar fordæmi Svartfjallalands. Einhliða upptaka er eina leiðin, að mati höfunda, úr þeirri haftastefnu sem nú ríkir á gjaldeyrismarkaði. Evra er ekki eini möguleikinn, dollari er einnig góður kostur.

Svo eru til þeir sem trúa því að krónan geti átt sér viðreisnar von. Það verður að telja óskhyggju. Nú er svo komið fyrir að brjóti menn gjaldeyrislögin er hægt að fara í fangelsi fyrir í allt að tvö ár. Slík er trúin á myntina. Á meðan berst atvinnulífið við gífurlegan fjármagnskostnað og skort á lánsfé. Kostnaðurinn og skorturinn hefur hamlandi áhrif á allt atvinnulíf, þ.m.t. útflutning. Því lengur sem núverandi ástand varir því meiri verður skaði efnahagslífsins.

Ísland hefur úr bráðum vanda að leysa ef lágmarka á kostnað vegna fjármálakreppunnar. Stjórnvöldum og embættismönnum ber skylda, vegna starfa sinna og ábyrgðar, að kynna sér fordómalaust þá kosti sem eru í stöðunni. Upptaka gjaldmiðils er að mati höfunda eini kosturinn sem hægt er að bera saman við gjaldeyrishöftin sem nú gilda. Það er ótækt að halda Íslandi í fangelsi hafta og kreppu ef aðrir kostir standa til boða.

Nú er verið að semja um uppgjör á skuldum einkafyrirtækja, bankanna þriggja, sem voru settir í þrot með setningu neyðarlaga 6. október síðastliðinn. Fyrirtæki fara yfirleitt ekki í þrot ef þau eiga fyrir skuldum sínum. Í tilfelli banka er það sérstaklega kostnaðarsamt að fara í slíkt ferli þar sem eignirnar eru mjög hreyfanlegar og nánast hverfa meðan á ferlinu stendur. Kröfuhafar eru margir og flestir eru þeir erlendir. Því miður eru neyðarlögin sem sett voru þvert á reglur og lög sem giltu fyrir. Lögin kváðu á um að sumum kröfuhöfum yrði gert hærra undir höfði en öðrum. Slíkar aðgerðir hafa yfirleitt í för með sér skaðabótaskyldu.

Hagsmunir erlendra kröfuhafa eiga miklu frekar kröfu á íslenska ríkið en þrotabú banka. Því munu þeir gera allt sem þeir geta til að reyna að halda slíkum kröfum til haga. Þar liggur áhættan fyrir Ísland. Þjóðin má ekki gangast í ábyrgðir fyrir þrotabú bankanna. Allar aðgerðir stjórnvalda verða að miða að því. Almennur Íslendingur kom ekkert að rekstri bankanna, né heldur hvatti hann erlenda aðila til að svala gróðafíkn sinni með því að lána bönkunum og leggja til þeirra fé. Einstaklingar og fyrirtæki sem tóku þátt í þeim viðskiptum bera á þeim fulla ábyrgð, ekki Ísland.

Leysa þarf úr gjaldeyriskreppunni. Tryggja þarf að kröfur erlendra aðila falli ekki á ríkið. Það þarf að leysa úr greiðsluvanda heimila og fyrirtækja í landinu. Þetta ætti að vera úrlausnarefni næstu vikna, og ekkert annað. Með því að leysa þessi vandamál hratt batnar samningsstaða Íslands er kemur að því að íslenskir embættismenn setjist niður og semji um þau skilyrði sem fylgja aðild að Evrópusambandinu.







H:N markaðssamskipti / SÍA

sorpa.is

SORPA
Flokkum og skilum

Gangi þér vel

# MARKAÐURINN

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is


**6.318,02** Gildi úrvalsvísitölunnar í upphafi árs 3. janúar 2008.

**3.004,62** Lokagildi úrvalsvísitölunnar í lok viðskiptadags 8. október 2008. Kauphöllinni var lokað daginn eftir.

**678,40** Lokagildi úrvalsvísitölunnar þegar opnað var fyrir viðskipti með hlutabréf á ný 14. október. Viðskipti voru stöðvuð með bréf í Glitni, Kaupþingi og Landsbankanum, Existu, Straumi og Spron.

**347,47** Lokagildi úrvalsvísitölunnar á Þorláksmessu.

**VIÐ ÁRAMÓT**



**FLUGELDAR UM ÁRAMÓT** Ýmissa grasa kennir í áramótaútgáfu Markaðarins að þessu sinni. Farið er yfir viðskiptafréttir ársins, jafnt á innlendum sem erlendum vettvangi, auk þess sem upplýst er um val á viðskiptum og kaupsýslumanni ársins. MARKAÐURINN/ANTON

Árið sem allt breyttist í íslensku viðskiptalífi.

# *Ótrúlegt umbrotaár*

**Björn Ingi Hrafnsson**

Þegar umbrotaárið 2008 verður gert upp síðar meir er hætt við að stór orð og mikil verði látin um það falla. Ár íslenska efnahagshrunsins. Bankakreppan mikla. Afhroð stjórnkerfisins. Skipbrot íslensku útrásarinnar eru örugglega dæmi um þau einkunnarorð sem nota mætti um þá ótrúlegu atburði sem hafa orðið í okkar litla og friðsæla landi á árinu sem er að líða og munu hafa gífurleg áhrif á okkur öll um langa framtíð.

Fyrir viðskiptablað eins og Markaðinn hefur þetta vitaskuld verið viðburðaríkur tími. Fréttnæmir viðburðir á sviði viðskiptalífsins hafa eflaust aldrei verið fleiri, allt of margir myndu eflaust margir segja. Fyrri hluta ársins virtist sem lífróður íslenska efnahagslífsins í skugga alþjóðlegrar lánsfjárkrísu myndi bera árangur, en síðari hlutann kom í ljós, sem margir töldu sig raunar lengi hafa vitað, að ekkert virki er sterkara en undirstöðurnar og þegar þær reynast feysknar og fúnar þegar aldan skellur á, er aldrei við góðu að búast.

Það er sá napri lærdómur sem við okkur Íslendingum blasir nú þegar hrun bankanna er staðreynd og nýtt ár blasir við. Dæmisagan kenndi okkur að það er skynsamlegra að reisa húsið á kletti en sandi og ef við yfirfærum þá rökræðu yfir á peningamálastjórn nútímans, er ljóst að íslenska krónan reyndist efnahagslífinu hér sandurinn einn þegar á reyndi og fæstir geta því í alvöru lagt til með skynsamlegum rökum að endurreisnin verði ekki reist á styrkari stoðum og traustari.

Hvernig skýrir maður efnahagslegt hrun heillar þjóðar? Svarið er örugglega ekki jafn spennandi og margir halda og það er örugglega ekki aðeins fólgið í því að tilgreina nöfn einhverra örfárra einstaklinga, hvort sem þeir eru af vettvangi stjórnmálanna eða úr viðskiptalífinu. Jafnljóst er að ekki bera allir jafna ábyrgð á því hvernig komið er. Skýringin felst miklu frekar í einstaklega óhagstæðum ytri aðstæðum mestu efnahagskreppu heims síðan 1929, ófullkomnu regluverki sem ekki tókst nægilega á við hina miklu nánd sem einkennir viðskiptalíf svo fámenns samfélags, allt of veikum gjaldmiðli og Seðlabanka sem enginn reyndist bakhjarlinn þegar á reyndi og svo græðgi og glópsku þeirra sem tóku allt of mikla áhættu fyrir sína hönd og annarra.

> **Þeir sem gerst hafa brotlegir við lög verða að horfast í augu við gjörðir sínar. Gleymum hins vegar ekki þeim grundvelli réttarríkisins að allir menn eru saklausir uns sekt þeirra sannast og þeirri staðreynd að starfsfólk í íslensku viðskiptalífi, hvort heldur var í bönkum eða öðrum fyrirtækjum, var upp til hópa samviskusamt, heiðarlegt og duglegt fólk sem ekkert hefur til saka unnið.**

Í þessum efnum verða auðvitað öll kurl sem fyrst að komast til grafar. Óþolandi er fyrir hlutaðeigandi að dylgjur um glæpsamlegt athæfi séu á sveimi um samfélagið, án þess að botn fáist í málin. Þeir sem gerst hafa brotlegir við lög verða að horfast í augu við gjörðir sínar. Gleymum hins vegar ekki þeim grundvelli réttarríkisins að allir menn eru saklausir uns sekt þeirra sannast og þeirri staðreynd að starfsfólk í íslensku viðskiptalífi, hvort heldur var í bönkum eða öðrum fyrirtækjum, var upp til hópa samviskusamt, heiðarlegt og duglegt fólk sem ekkert hefur til saka unnið. Reiðin er vondur förunautur segir einhvers staðar og hollt er fyrir okkur að muna að djörfung og það þor, sem einkennt hefur íslenska þjóð um aldir, er einmitt það veganesti sem við þörfnumst mest við þá uppbyggingu sem framundan er og þarf að hefjast sem allra fyrst.

Sú uppbygging verður einkennandi fyrir allt það ár sem senn gengur í garð. Eins og jafnan eftir stóráföll er allt eins líklegt að ástandið eigi fyrst eftir að versna nokkuð enn, áður en það batnar að einhverju ráði. Það er fyrst og fremst undir okkur sjálfum komið hversu fljótt við komumst í fasa uppbyggingar og endurreisnar. Þar þarf vitaskuld margt að koma til, en við getum þó margt lært af frændum okkar á hinum Norðurlöndunum í þessum efnum. Þar tókust menn á við bankakreppur af raunsæi og sanngirni; gerðu málin hreinskilnislega upp, en flýttu líka fyrir batanum með því að bjarga verðmætum og hjálpa góðum fyrirtækjum með jákvæða framlegð að komast fram úr vandanum; afskrifa og færa niður skuldir þar sem það átti við hjá einstaklingum og lögaðilum og sameina síðan krafta samfélagsins og einkaframtaksins til að koma hjólum efnahagslífsins í gang á nýjan leik, almenningi öllum til hagsbóta.

Markaðurinn óskar lesendum sínum nær og fjær gleðilegs nýs árs!


ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni.


Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.





